

Aleox

ORDIÐ OG VERKIÐ

Biblíódrama í millimenningarsamræðu
Ritstýrt af Mariu Schejbal

Höfundar: Maria Schejbal, Piotr Kostuchowski, Krystyna Sztuka, Andrew McGuire (Bielskie Stowarzyszenie Artystyczne Teatr Grodzki, Pólland); Péter Varga, Péter Pál Tóth (Egyházforum, Ungverjaland); Björg Árnadóttir (Reykjavíkur Akadémían, Ísland), Halldór Reynisson (Biskupsstofa, Ísland), Yael Unterman, Peta Pellach Jones (The Elijah Interfaith Institute, Ísrael), Aleksander Schejbal (Placówka Kształcenia Ustawicznego EST, Pólland).

Nokkrir kaflar bókarinnar eru teknir úr viðtölum við þátttakendur í smiðjum verkefnisins. Bókin var gefin út á fimm tungumálum – ensku, pólsku, ungversku, íslensku og tyrknesku.

Pýðing úr pólsku á ensku: Andrew McGuire

Pýðing úr ensku á pólsku: Ewa Horodyska

Pýðing úr ensku á ungversku og úr ungversku á ensku: Péter Pál Tóth

Pýðing úr ensku á íslensku og úr íslensku á ensku: Björg Árnadóttir og Magnea H. Mattíasdóttir

Pýðing úr ensku á tyrknesku og úr tyrknesku á ensku: Elif Kırmızı Alsan, Gonca Akaya, Pınar Gibbons, Aybike Telkök

Kápa, grafísk hönnun, ljósmyndir: Krzysztof Tusiewicz

Útgáfuréttur: BASICS Project Partners

Letur og setning: Anna Maška

Prentun: Zakład Introligatorsko-Drukarski Stowarzyszenia Teatr Grodzki

Zakład Aktywności Zawodowej

Útgefandi

Bielskie Stowarzyszenie Artystyczne Teatr Grodzki (The Bielsko Artistic Association Grodzki Theatre)

Ul. S. Sempotowskiej 13, 43–300 Bielsko-Biała, www.teatrgrodzki.pl

Bielsko-Biała 2013

ISBN: 978-83-936320-1-5

Verkefnið var fjármagnað með styrk frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Verkið endurspeglar einungis skoðanir höfundanna og framkvæmdastjórnin ber ekki ábyrgð á því hvernig upplýsingarnar sem koma fram í því kunna að vera notaðar.

Efnið í verkinu er einungis heimilt að afrita svo fremi það sé ekki í hagnaðarskyni og að því tilskyldu að skýrt komi fram hvaðan það kemur



Lifelong
Learning
Programme



I

Peta Jones Pellach

Biblíódrama í samhengi við þvertrúarlega samræðu: Að betrumbæta samræðulistina

*Er Hinn Heilagi, blessaður sé hann, skapaði Adam, skiptust þjónustuenglarnir í hópa og flokka. „Lát hann verða skapaðan,“ sögðu sumir en aðrir kváðu: „Lát hann ekki verða skapaðan.“ ... Sannleikurinn sagði: „Lát hann ekki verða skapaðan, því hann er fullur af ósannindum.“ Réttlætið sagði: „Lát hann verða skapaðan, því hann mun drýgja dáðir réttlætis.“ ... Hvað gerði Herrann? Hann tók Sannleikann og varpaði honum til jarðar. Englarnir gengu fyrir Hinn Heilaga, blessaður sé hann, og sögðu: „Drottari alheimsins! Hví hefur þú vanþóknun á innsigli þínu?“ [Guð svarði:] „Lát Sannleikann stíga upp af jörðu!“ Því er ritað: „Látum sannleikann stíga upp af jörðu.“
Rabbínarit*

„Þótt við vitum að kristni í ýmsum myndum hefur í sögulegu samhengi verið helstu trúarbrögð flestra, en að vísu ekki allra, Evrópuríkja, búum við í dag í fjöltrúarsamfélagi. Sum ríki, til dæmis Frakkland, eru óbundin kirkju en um Bretland gegnir öðru máli. Í Englandi, en þó að vísu ekki í Wales eða Skotlandi, er enska biskupakirkjan þjóðkirkja og einvaldurinn höfuð hennar. Engu að síður viðurkenna kirkjuhöfðingjar hvarvetna á meginlandinu einnig fjöltrúareðli Evrópu nútímans og þörfina á að halda uppi samræðum og gagnkvæmri virðingu.“

Dr. Tara Kumar Mukherjee, formaður European Multicultural Foundation, maí 2004.

Hugmyndin um Evrópu sem kristna er ekki aðeins óraunsæ lýsing á ástandi heldur er hún ekki einu sinni markmið lengur. Evrópa er viðurkennd og hyllt sem fjölmennings- og fjöltrúarsamfélag. Hins vegar er sá veruleiki ekki án annmarka. Trúarbrögð eru enn ríkjandi þáttur í sjálfsvitund manna og því geta trúarbrögð verið uppspretta ágreinings og gagnkvæmrar tortryggni. Auk þess að sannfæra fólk um að nágrannar þess sem eru annarrar trúar séu jafngildir þegar þeirra mörgu þjóðríkja sem teljast til Evrópu stefna málsvarar þvertrúarlegrar samræðu að því að sannfæra Evrópubúa um að þeir hagnist allir og auðgista af þekkingunni sem sérhvert trúfélag færir með sér. Samræður milli trúfélaga ná lengra en að skapa kringumstæður þar sem fólk af ólíkum trúarbrögðum getur búið saman í friði; þær miða að því að kenna okkur að meta hvert annað og glæða virðingu okkar fyrir hinum aðilanum.

Þegar talað eru um þvertrúarlegar samræður eða samræður milli trúarbragða eða trúfélaga er átt við ýmiss konar samstarf og jákvæð samskipti milli fólks með ólíkar trúarhefðir, lífsskoðanir eða húnániska sannfæringu, jafnt einstaklinga sem stofnanir. Markmiðið með mörgum verkefnum er að sýna fram á hvað fólk með hvers kyns trúarsannfæringu á sameiginlegt, koma á sameiginlegum vettvangi trúar með því að beina sjónum að líkindum trúarsetninga, skilningi á sameiginlegum gildum og hollustu við heiminn. Samræða felst í því að finna jafnvægi milli þess sem sameinar okkur sem manneskjur og hins sem er ólíkt milli menningarheima. Heimspekingurinn Isaiah Berlin lýsti yfir trú á algild siðferðisgildi. „Algildi eru til. Reynslan hefur fært sönnur á þá staðreynd um mannkynið ... Hugmyndin um mannréttindi hvílir á þeirri sönnu trú að viss gæði – frelsi, réttlæti, leitni að hamingjunni, heiðarleiki,

ást — séu hagar alls mannkyns sem slíks, en ekki sem fólks af þessu eða hinu þjóðerni, trú, stétt, skapgerð ... Vissa hluti þarf manneskjan sem slík ... vegna þess að manneskjur lifa lífi sínu sem karlar og konur.“¹ Þessi algildi er hægt að tjá á óteljandi vegu og finna margs konar tjáningu á þeim í ólíkum menningarheimum og trúarhefðum.

Dýpri samræðum er einungis hægt að ná þegar við erum komin handan við það sem við eigum sameiginlegt og þroskum með okkur vanþóknun á því sem er frábrugðið og gerum okkur grein fyrir að við eigum margt ólært um viskuna í hefðum annarra. Hugsjónin um evrópskt samfélag byggt á því að kunna að meta einstakt framlag visku úr öllum trúarhefðum krefst annars sjónarhorns sem einungis er hægt að öðlast með menntun og virkum aðgerðum. Hún hefst á því að viðurkenna að til séu fjölmörg fullgild og „sönn“ trúarkerfi.

Í ritum rabbína² gerðist dálítið skrítið við sköpun mannsins.

Er Hinn Heilagi, blessaður sé hann, skapaði Adam, skiptust þjónustuenglarnir í hópa og flokka. „Lát hann verða skapaðan,“ sögðu sumir en aðrir kváðu: „Lát hann ekki verða skapaðan.“ ... *Sannleikurinn* sagði: „Lát hann ekki verða skapaðan, því hann er fullur af ósannindum.“ Réttlætið sagði: „Lát hann verða skapaðan, því hann mun drýgja dáðir réttlætis.“ ... Hvað gerði Herrann? Hann tók Sannleikann og varpaði honum til jarðar. Englarnir gengu fyrir Hinn Heilaga, blessaður sé hann, og sögðu: „Drottari alheimsins! Hví hefur þú vanþóknun á innsigli þínu?“ [Guð svaraði:] „Lát *Sannleikann* stíga upp af jörðu!“ Því er ritað: „Látum sannleikann stíga upp af jörðu.“

Þessi giska torráðni kafla hér að framan (sem er lesinn sem dæmisaga) gefur til kynna að „Sannleikurinn“ með stóru S—i hafi verið til í himnaríki fyrir sköpunina og að hluti af sköpunarferlinu hafi falist í því að honum var varpað til jarðar þar sem hann splundraðist í mola. Þetta var nauðsynlegt skilyrði fyrir tilvist manneskjunnar — því við mennirnir erum ekki færir um að höndla (eða skilja) guðdómlegan Sannleika. Sannleikur okkar er aldrei heill. Þannig er það fyrir einstaklinga og einnig mismunandi trúarhefðir. Fyrir þá sem trúa því að til sé einn Guð sem skapaði allan heiminn, og því einnig fólk sem aðhyllist ólík trúarbrögð, lýsir kafla úr Kóraninum í súrinni Al—Maaidah (5:48) mikilvægu grundvallarlögumáli: „Við höfum sett sérhverjum yðar helg lög og markað rakinn veg. Hefði Allah svo þóknast, gat Hann gert yður að einu samfélagi. En Hann kys að reyna yður á þann hátt sem Hann hefur til hagað. Keppið því hver við annan í góðum verkum. Allir skuluð þér aftur hverfa til Allah, og Hann mun sýna yður hið sanna í því sem um er deilt.“³

Sömu hugrenningar valda tilgátu rabbínans Jacks Bemporads: „Að vera trúaður er að vera þvertrúaður.“ Þetta er sami skilningurinn og veldur því að núlifandi guðfræðingur, Bandaríkjamaðurinn Yitz Greenberg, segir: „Fjölgjuggja felst í meiru en að viðurkenna eða jafnvel staðfesta hinn framandi. Í henni felst að bera kennsl á hnossin í lífi hins, vegna þess að hún kemur jafnvægi á stöðu manns sjálfs og ber okkur öll nær endanlegu markmiði. Jafnvel þegar okkar eigin afstaða er rétt kann sú sem brýtur í bága við hana að vera leiðréttandi viðmið eða hemill okkar gegn því að ganga út í öfgar.“⁴

Því miður er ekki tekið almennt undir þetta. Trúarbrögð hafa verið og eru enn öflugur þáttur og orsakavaldur í heiftúðlegum ágreiningi. Árið 2005 setti dr. Hans Küng, prófessor í samkirkjulegri guðfræði og forseti Foundation

¹ Ramin Johanbegloo, *Conversations With Isaiah Berlin* (London: Peter Halban, 1992), bls. 37–39.

² Midrash, *Bereshith Rabba* 8:5

³ Þýðing Helga Hálfðánarsonar, *Kóran*, Mál og menning, 2003

⁴ Greenberg, For the Sake of Heaven and Earth: *The New Encounter Between Judaism and Christianity*, bls. 196

for a Global Ethic, fram tímamótayfirlýsingu sína: „Það verður enginn friður milli þjóða án friðar milli trúarbragða heimsins. Það verður enginn friður milli trúarbragða án samræðna milli trúarbragðanna.“

Í sinni einföldustu mynd felast samræður milli trúarbragða í því að fólk sem tilheyrir ólíkum trúfélögum komi saman og tali saman. „Samtal“ í þessum skilningi einskorðast ekki við orðaskiptin ein. Í hinu frjóa verki sínu *Habits of the Heart*⁵ staðsetur félagsfræðingurinn Robert Bellah samræður í innsta kjarna siðmenningarinnar og skilgreinir menningu sem „dramatískar samræður um það sem skiptir þátttakendur í þeim máli“.

Í merkri bók sinni, *The Dignity of Difference*, skrifar rabbínaleiðtoginn Jonathan Sacks: „Menningarheimar eru eins og tungumál. Heimurinn sem þau lýsa er sá sami en hvernig þau gera það er óendanlega fjölbreytilegt. Enska er ekki franska. Ítalska er ekki þýska. Úrdú er ekki úgaríska. Sérhvert tungumál er afkvæmi tiltekins samfélags og sögu þess, sameiginlegrar reynslu og tilfinninga. Ekkert alheimstungumál er til. Við getum ekki með neinu móti talað, tjáð okkur eða jafnvel hugsað án þess að staðsetja okkur innan þröngra marka tiltekins tungumáls sem hefur verið mótað af þeim mörg hundruð kynslóðum mælenda, sögumanna, listamanna og sjáenda sem á undan okkur komu, því við höfum hlotið það að arfi frá þeim og erum orðin hluti af sögu þeirra. Innan allra tungumála getum við sagt eitthvað nýtt. Ekkert tungumál er niðurnjörvað, óbreytanlegt, fullkomnað. Við getum hins vegar ekki tekið okkur stöðu utan sérkenna tungumálsins til að uppgötva sannleika, leið til skilnings og viðbrögð við heimi sem á við um alla og alltaf. Það er ekki kjarni mennskunnar heldur tilraun til að flýja mannkynið.“ ... „við verðum að læra samræðulistina ... við verðum að opna okkur fyrir sögum þeirra, sem kunna að stangast gjörsamlega á við okkar sögur.“⁶

Hugmyndin um samræðu milli trúarbragða spannar margar mismunandi tegundir samtala en samræður milli trúarbragða eiga alls ekki að vera kappræður. Þeim er ætlað að koma á gagnkvæmum skilningi en ekki samkeppni; að finna gagnkvæma lausn á vandamálum en ekki að boða öðrum eigin trú. Í *I and Thou*⁷ er að finna útskýringu Martins Bubers: „Ósviknar samræður – hvort sem er í mæltu máli eða þögn – fara fram þegar allir þátttakendur hafa raunverulega í huga hinn eða hina í hinni núverandi og sérstöku verund þeirra og leita til þeirra í því skyni að koma á lifandi og gagnkvæmum tengslum. Til eru tæknilegar samræður sem spretta eingöngu af þörfinni fyrir hlutlægan skilning. Og svo er einræða í gervi samræðu, þegar tveir eða fleiri hittast í rými og hver talar við sjálfan sig á sérkennilega krókóttan og snúinn hátt en ímyndar sér engu að síður að hann hafi komist hjá þeirri angist að vera einn á báti.“

Menn ættu ekki að gefa sér að auðvelt sé að koma á ósvikum samræðum, jafnvel ekki meðal þeirra sem hittast með góðum ásetningi. Umskipti frá einræðu til samræðna er ævinlega nokkurt ferli. Hins vegar eru ýmsar leiðir til að ná fram tilganginum um gagnkvæma virðingu og velþóknun á visku annars menningarheims.

Samræðum milli trúarbragða er hægt að skipta í tvo flokka.

- Sá fyrri byggir á því að koma á tengslum, leggja áherslu á sameiginlega eiginleika „trúaðs fólks“ og í því skyni er iðulega stofnað til sameiginlegra verkefna eða unnið saman í þágu einhvers málstaðar. Þessar samræður byggja á þeirri forsendu að með virkum tengslum og vináttu einstaklinga sé hægt að öðlast frið innan samfélagsins. Því mætti halda fram að auglýnilegar aðgerðir til sátta séu oft mun skilvirkari

⁵ Robert N. Bellah, *Habits of the Heart: Individualism and Commitment in American Life*, University of California Press, 1985

⁶ Jonathan Sacks, *The Dignity of Difference: How to Avoid the Clash of Civilizations*, Continuum, 2002, bls. 22–23

⁷ Martin Buber, *I and Thou*, T & T Clark, 1952

en samræður. Þær aðgerðir væri einnig hægt að flokka með samræðum milli trúarbragða því þær eiga sameiginlega hollustu við æðri hugsjónir. Þátttakendur með ólíkar trúarhefðir staðfesta í sameiningu stórfenglegar hugsjónir á borð við heiður, réttlæti, samkennd, fyrirgefningu og frelsi.⁸ Gagnkvæm miðlun þekkingar kann að verða niðurstaðan af þeim nánú samböndum sem þannig verða til.

- Sá seinni byggir fremur á vitmunalegum grunni. Hann hefst á því að fólk sem hefur traustar rætur í ólíkum trúarbrögðum/trúfélögum skiptist á þekkingu, á grundvelli þeirrar sannfæringar að viska búi ekki eingöngu í einu trúkerfi og að við vöxum að visku og högnumst á náinni umgengni við sögur hvers annars. Persónuleg sambönd verða til vegna virðingarinnar sem óhjákvæmilega myndast er við lærum að meta speki annarra.

Samræðuferlið gengur í báðar áttir. Þegar við vinnum saman opnum við hugann fyrir því að fræðast um og læra hvert af öðru; með því að skiptast á fróðleik getum við lært að meta hvert annað og að vinna betur saman. Þeir sem stunda samræður milli trúarbragða af heilum hug telja ekki einungis að áhangendur annarra trúarmenninga geti haft aðgang að visku sem bætir upp visku þeirra sjálfra; þeir sjá einnig hagnýta kosti samræðunnar, jafnt fyrir einstaklinga sem samfélög þeirra.

Eitt erfiðasta verkefni málsvara samræðu er að bera kennsl á þau verkefni sem geta sameinað samfélög og þau sem nýtast til að samfélög færast frá sameiginlegum aðgerðum og að því að miðla visku sín á milli. Jafnvel þegar fólk sýnir vilja til að færa sig á þetta stig fylgja fjölmargir erfiðleikar því að gera visku einnar hefðar aðgengilega fyrir áhangendur annarrar. Ef við höldum áfram samlíkingunni við tungumál er þörf á þýðingu.

Bibliódrama hefur alla burði til að verða „þýðandinn“. Það er aðferð til að gera menningu einnar trúarhefðar aðgengilega fyrir aðra. Það er leið til að kynna helgirit ólíkra trúarhefða í þvertrúarlegu samhengi á fölskvalausan hátt. Með því getum við uppgötvað sammennsk gildi, algildu siðferðisgildin sem Berlin nefndi, og um leið áttað okkur á því að þeim er hægt að lýsa á margvíslegan hátt. Það sem meira er, við finnum í öllum hefðum þætti sannleika sem eru einstakir fyrir þær, visku sem gæti auðgað okkur öll.

Bibliódramaupplifun getur falist í samræðum með orðum en hefur einnig þann kost að hún getur náð lengra en orðin ein. Með því að beita hreyfingum og þögnum meðfram orðaskiptum hefur bibliódrama sig yfir tálma tungumálsins og gefur þátttakendum kost á fölskvalausum tjáskiptum sín á milli. Sérhver þátttakandi auðgast af kynnum sínum af hinum; allir vaxa að skilningi og visku.

Leonard Swidler⁹ hjá Temple-háskólanum lýsir kostum samræðna á þremur stigum:

- Að öðlast sífellt dýpri skilning á sjálfum sér og auðga og auka við velþóknun manns á eigin trúarhefð.
- Að kynnast öðrum á sífellt sannari hátt og öðlast vinsamlegan skilning á öðrum eins og þeir eru í raun en ekki sem skopmynd.
- Að lifa sífellt fyllra lífi fyrir vikið og leggja traustari grunn að lifandi og virku samfélagi fólks með mismunandi hefðir.

Ef bibliódrama er notað á réttan hátt, sem miðlun ósvikinnar samræðu, getur það skapað einn vettvang af fleiri fyrir betri persónulega og samfélagslega tilveru.

⁸ www.usip.org Sérstök skýrsla um mat á samræðuverkefnum milli trúarbragða

⁹ Leonard Swidler, *Toward a Universal Theology of Religion*, Orbis Books, 1987, bls. 26

II

Maria Schejbal

HVER ER TILGANGURINN MEÐ BIBLIÓDRAMA OG MILLIMENNINGARLEGUM SAMRÆÐUM?

Ég hef aldrei áður komið að þvertrúarlegri vinnu, en með því einu að gera mér í hugarlund fund sem byggir meira á samræðum tel ég að biblíodrama sé fljótvirkari leið til að fólk geti brotið niður múra sín á milli. Við töluðum frá „mannlegu“ hliðinni á okkur en ekki bara frá þeirri guðfræðilegu og þannig höfðum við að haldreipi sameiginlega trú okkar og gildi. Þegar við áttum til dæmis í guðfræðilegri kappræðu hins eina Guðs á móti mörgum guðum rann allt í einu upp fyrir mér að næstum allir þarna inni trúðu á einn guð og að eingyðistrú tengdi okkur öll. Mér þótti það athyglisvert. Í staðinn fyrir að hugsa um hvað við værum ólík sá ég hvað við áttum gríðarlega mikla trú sameiginlega. Við notuðum svo mikinn tíma í að tala um mannlegar tilfinningar að í lok kvöldsins sá ég manneskjur, þótt ég hafi hugsað fyrir um kvöldið á leiðinni á stofnunina: „Ég verð í fullum sal af kristnu fólki.“ Ég held að svo megi segja að biblíodramað hafi „breytt þeim í manneskjur“ mun hraðar en hefði tekist með samræðum. Auk þess fengu þau að sjá að gyðingar geta verið myndir, skapandi og mannlegir á miklu auðveldari hátt en færi hefði gefist á í guðfræðilegum kappræðum. Með sama hætti fengum við líka að sjá að þau geta verið myndir, skapandi og mannleg.

*Þátttakandi í kynningarsmiðjum
Jerúsalem, Ísrael, 2012*

VERKEFNIÐ

Sú hugmynd að nota biblíodrama í millimeningarfræðslu var viðleitni til að mæta félagslegri andúð á „hinu frábrugðna“ og „hinu framandi“, sem iðulega er nálæg í daglegu lífi í birtingarmyndum ýmiss konar öfgakenndrar hegðunar og krefst afdráttarlausra viðbragða. Þótt þverstæðukennt megi virðast eru trúarskoðanir, sem ættu að beinast að siðferðisgildum og háleittum hugsjónum, iðulega uppspretta fjandskapar í garð hins framandi. Sá hluti tilfinningasviðsins sem verið er að vinna með er ekki móttækilegur fyrir breytingum og því þarf að finna óhefðbundnar kennsluáðferðir. Biblíodrama, sem byggir á hlutverkaleik trúarlegs texta, virðist vera ákjósanleg áðferð til að ná markmiðum millimeningarlegra en umfram allt þvertrúarlegra samræðna. Sú sannfæring okkar að þetta væri ákjósanleg og skilvirk áðferð til að takast á við vandann varð kveikjan að verkefni sem hlaut nafnið „Biblíodrama sem áðferð til millimeningarlegrar fullorðinsfræðslu“, en árið 2011 hlaut það fjárveitingu frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins innan Grundtvig–menntaáætlunarinnar „Menntun alla ævi“.

Verkefnið var á höndum sex félagasamtaka frá Póllandi, Ungverjalandi, Íslandi, Tyrklandi og Ísrael frá því í október 2011 til október 2013. Meginmarkmið þess er að beita biblíodrama til að bæta millimeningarfærni og ýta undir samræður milli menningarhópa og hefða sem lifa saman innan Evrópu. Leitin að fræðsluáðferðalíkani sem kæmi að notum til að ná því markmiði fór fram samtímis í öllum löndunum sem tóku þátt í verkefninu á

fyrsta tilraunastigi þess (janúar til september 2012). Millimeningarlegar bibliódramasmiðjur ætlaðar fólki sem vinnur að frjálsglega skilgreindri fullorðinsfræðslu (þematengd þjálfun, sjálfsproskatilsögn, þerapía) gerðu okkur kleift að safna efni sem spannaði næstum 500 stundir af tilraunaverkefnum. Úr því auðuga safni völdum við hugmyndir og aðferðir sem reyndust skila bestum árangri við að ýta undir víðsýni gagnvart ólíkum menningar- og trúarhefðum. Þær koma fram í þeim 15 framvinduylýsingum sem er að finna í þessari bók með nákvæmum fyrirætlum til leiðbeinenda sem hafa áhuga á að beita þessari nýju aðferð. Heildarútgáfu framvinduylýsinganna er hægt að sækja á vefsvæði sem var stofnað sérstaklega til að nota í þágu verkefnisins: www.bibliodramatic.net

SAMRÆÐAN

Hvítbókin um millimeningarsamræðu sem Evrópuráðið gaf út í Strasbourg 2008 hefur verið okkur innblástur til að fylgja eftir markmiðum verkefnisins. Niðurstöðurnar og hollráðin sem kynnt eru í skýrslunni er vert að nefna, því þau eru grundvöllurinn að túlkun á innihaldi fræðsluefnisins.

Í Hvítbókinni er samræða milli menningarheima skilgreind sem „opin og kurteisleg skoðanaskipti einstaklinga og hópa með ólíkan etniskan, menningarlegan, trúarlegan og málvísindalegan bakgrunn og arfleifð á grundvelli gagnkvæms skilnings og virðingar“. Þar er einnig lögð áhersla á að í samtíma okkar skipti fjölhyggja og umburðarlyndi meira máli en nokkru sinni fyrr. Sú skoðun fulltrúa hinna 47 aðildarríkja Evrópuráðsins staðfestir réttmæti þess að beina sjónum í millimeningarfræðslu að stuðningi við víðsýni og virðingu gagnvart þeim sem taldir eru „frábrugðnir“ eða „framandlegir“. Af þeim sökum eru það þessir bibliódramatískrar upplifunar sem sérstök áhersla hefur verið lögð á í smíðjudagskránni og í innihaldi framvinduylýsinganna sem voru unnar upp úr tilraunasmiðjunum.

Skýrsla Evrópuráðsins undirstrikar mikilvægi trúarbragða þegar halda á uppi samræðum milli menningarheima og þar er bent á að samræðurnar eigi ekki einvörðungu að vera á milli trúfélaga heldur einnig innan þeirra (innantrúarsamræður). Tvenns konar hópar urðu til í tengslum við verkefnið; í þeim fyrri voru fulltrúar mismunandi trúarbragða en sá seinni var einsleitur í trúarbrögðum þótt einstaklingar innan hans nálguðust trúarsannfæringu sína á ólíkan hátt. Þátttakendur í fyrrnefndu hópnum höfðu bein tengsl við ýmsar hefðir – með gagnkvæmum samskiptum og átökum á bibliódramatíska sviðinu; þátttakendur síðarnefndu hópanna juku við þekkingu sína á hinni auðugu menningarlegu, trúarlegu og hefðbundnu arfleifð sem er að finna í ólíkum samfélögum. Í báðum tilvikum reyndi á réttmæti þess að beita trúarlegum textum og öðrum rituðum vitnisburði um trú sem aðferð til að finna sameiginlegan grundvöll að ýmiss konar heimssýni í því skyni að efla gagnkvæman skilning og sátt.

Hollráðin sem er að finna í Hvítbókinni varðandi aðgerðir tengdar menningu og listum til að koma á samræðu milli menningarheima voru virkjaðar til hins ítrasta. „Í menningarlegri sköpunargáfu er að finna umtalsverða möguleika til að auka virðingu fyrir hinu framandi. Listir eru enn fremur leikvangur þversagna og táknræns ágreinings, veita svigrúm fyrir einstaklingsbundna tjáningu, gagnrýna sjálfsíhugun og miðlun. Eðli þeirra er þannig að fara yfir landamæri og tengjast og tala beint við tilfinningar fólks.“ Bibliódrama hefur til að bera einkenni „para-leikhúss“, auk sjálfsprottinna viðbragða og sköpunargleði sem hjálpar þátttakendum vafalaust til að öðlast þekkingu á heiminum og gagnrýna hlutgervingu „hinna“, því þeir eru virkjaðir á mörgum sviðum persónulegrar upplifunar og upplifunar hópsins.

„Einungis samræðan gerir fólki kleift að lifa í samlyndi innan sundurgerðar.“ Hins vegar er hún „...ekki lækning á öllum meinsemdum og svar við öllum spurningum og menn þurfa að gera sér grein fyrir að umfang hennar kann að vera takmarkað“. Þessar fullyrðingar sem er að finna í skýrslunni um millimeningarsamræðu mætti nota sem

einkunnarorð þessa rits. Það viðfangsefni að láta reyna á hæfni biblíódrama til að auka millimenningarfærni staðfestir möguleika þessarar aðferðar til að hafa áhrif á viðhorf og skoðanir og sýnir um leið hve erfið og flókin samræða og samkomulag milli ólíkra hefða í rauninni er.

BIBLÍÓDRAMA

Biblíódrama er umfram allt einstakt tækifæri til að kynnast ritningargreinum með samvinnu. Þátttakendur í biblíódramasmíðjum leika hlutverk persóna úr heilagri ritningu og setja biblíusögur á svið. Það veitir þeim tækifæri til að skilja betur og upplifa það sem Biblían hefur að geyma. Verkefnið birtiruppbyggilega greiningu á Nýja og Gamla testamentinu auk annarra rita sem eru mikilvæg til að öðlast skilning á ýmsum trúarhefðum, til dæmis Torah (Mósebækurnar) og Talmúd, Masnavi Rumis, Kóraninn, eða ýmsar útgáfur af „Gullnu reglunni“, sem er að finna í helgiritum margra trúarbragða, auk ýmissa þjóðsagna og munnmæla.

Dagskrá tilraunasmiðjanna byggði á tveimur stefnum innan biblíódrama – biblíódrama byggt á meginreglum geðleiks (psychodrama) Jacobs Levis Morenos (sem leyfir frjálsa túlkun á texta með hlutverkaleik) og biblíóloggi Peters Pitzeles (sem gengur út frá nákvæmri greiningu á Orðinu með því að leggja spurningar fyrir persónur úr völdum texta og svara spurningunum fyrir þeirra hönd). Kjarninn í báðum aðferðum er hlutverkaleikur, sem gerir þátttakendum kleift að samsama sig veruleikanum sem settur er fram í textanum sem byggt er á. Meðan á smíðjunum stóð var einnig beitt annarri skapandi tækni. Þá var sjónum beint að listrænni tjáningu og skapandi frásögn. Í báðum tilvikum var einnig mikilvægt að hyggja að innra samspili í hópferlinu – sjá til þess að skapa öruggt og vinsamlegt andrúmsloft í tímunum, stýra atvikum sem urðu í hópnum og bregðast við þörfum þátttakenda og erfiðleikum þegar þeir komu upp á.

Uppbygging biblíódramatíma

Biblíódramað sem byggir á aðferð Morenos er sett saman eins og geðleikstími, en helstu stig hans eru þrjú: upphitun, leikur og samantekt á ferlinu. Fyrsti hlutinn er yfirleitt svonefndur púls eða samhæfingarhringur. Sá tími er nýttur í stuttar yfirlýsingar frá þátttakendum sem tala um líðan sína þessa stundina, vísa hugsanlega til fyrri funda og einbeita sér að eigin tilfinningum. Upphitunin eftir púlsinn kann að taka á sig ýmsar myndir og eiginleika og byggist oft á líkamlegri áreynslu sem virkjar líkamstjáningu („líkamleg upphitun“). Tilgangurinn með upphitun er að búa þátttakendur undir að vinna í hóp og að kynna til sögunnar umfjöllunarefni tímanna. Því ræðst val á upphitunaræfingum af mörgum þáttum – eðli hópsins, þörfum og takmörkunum þátttakenda þá stundina og málunum sem hafa verið rædd.

Meginhluti biblíódramatíma felst í því að leika atriði úr sameiginlega völdum og upplesnum texta. Orðið er upphafspunktur spuna sem fær allan hópinn til þátttöku, er gagnvirkur og leyfir þátttakendum að takast á við ólík viðhorf og túlkanir. Persónur, staðir, tilfinningar og hlutir kunna öll að koma á svið í biblíódrama. Með því að samsama sig þeim gefst þátttakendum einstakt tækifæri til að upplifa þá viðburði og ástand sem lýst er. Sú upplifun er gjörólík hefðbundinni greiningu textans, eða bara því að ræða um hann. Meðan á leiknum stendur eru ýmsir munir notaðir – yfirleitt marglitar slæður sem gegna hlutverki leikmuna, skreytinga og mynda af sögupersónum. Form þeirra, áferð og litur styrkja óyrta tjáningu.

Mikilvægur þáttur í öllum tímum er íhugunin í lok tímans. Hún getur verið í formi umræðu – í hring eða í minni hópum – eða verið líkamleg eða listræn athöfn sem veitir svar við lykilsurningum um markmiðin sem voru ákvörðuð í upphafi tímans.

BIBLIÓDRAMA – AÐ HITTA MISKUNNSAMA SAMVERJANN

Stjórnendur: Pétur Varga og Beata Pozsar (Church Forum Foundation)

Litum inn í orðin, lengra en textinn nær. Reynum að sjá viðara samhengi.

SAMHÆFINGARRINGUR

Í upphafi smíðjunnar hittast allir þátttakendur og mynda hring. Í miðjum hringnum er logandi kerti og marglitar slæður. Undirleikur er einhver róandi ihugunartónlist. Leiðbeinendur útskýra í stuttu máli reglurnar um hópstarfið og skýra inntakið í hinu biblíódramatíska ævintýri. „Það er mikilvægt að við sinnum hvert og eitt okkur sjálfum í þessu ferli, frelsum okkur sjálf. Þið getið alltaf sagt til ef athöfnin sem stungið var upp á fer yfir ykkar mörk. En reynið samt um leið að sinna hópferlinu – gefist ekki upp á hlutverkunum ykkar, farið ekki út meðan á leiknum stendur. Í biblíódrama hittum við fyrir ritningargreinina og textana sem koma úr öðrum helgum ritum.“

Allir þátttakendur segja fáein orð um sjálfa sig og hvernig þeim líður.

UPPHITUN

Fyrsta æfingin sem lögð er til er sjálfskygning með því að tala um nöfnin okkar – af hverju hlutum við þau, hvað merkja þau, eru einhverjar sögur tengdar þeim? Á þennan hátt kynnast þátttakendur mörgu hver um annan, afhjúpa tilfinningaræmni sína og persónulega tjáningu. Eftir þessa kyrrstöðuupphitun er komið að hreyfingu – svonefndri „líkamlegri upphitun“. „Nú ætlum við að vekja líkamann. Nuddið á ykkur hendurnar og snertið andlitið á ykkur. Teygið aðeins úr ykkur og finnið hvernig hreyfingu þið þurfið núna. Hreyfið ykkur um allan salinn í eigin takti. Einbeitið ykkur að höfðinu – hvernig er það tengt við líkamann? Lítið í kringum ykkur – í hvaða rými eruð þið? Finnið andrúmsloftið á staðnum þar sem við ætlum að vinna saman. Veljið eina af slæðunum og finnið ykkur stað í salnum – öruggan og þægilegan. Takið ykkur stöðu sem sýnir í hvernig skapi þið eruð. Lýsið skapinu með einu orði.“ Stjórnendurnir koma hver á eftir öðrum til allra þátttakenda og snerta handlegginn á þeim til að gefa þeim merki um að byrja að tala.

Næsta stig þess að kynnast hvert öðru og lýsa tilfinningum okkar og sannfæringu tengist návist helgiritanna í hinu sameiginlega rými. Ýmsar þýðingar á Biblíunni, Torah og Kóraninum liggja á slæðunum í miðjunni. Stjórnendurnir bjóða þátttakendum að ganga um herbergið og finna stað sem lýsir persónulegu viðhorfi þeirra til trúarritanna. „Fjarlægðin á milli þín og bókanna og líkamstjáningin á að sýna persónuleg tengsl þín við innihald þessara bóka. Ég vil að þið segið öll upphátt hvað þið upplifið núna. Höldum okkur um hrið í þessum aðstæðum og rýnum inn á við. Viljum við kannski breyta einhverju í viðhorfum okkar? Og nú skulum við kveðja þetta atriði.“

AÐ LESA TEXTANN

Næsta stig í vinnunni með ritningargreinina hefst á hóplestri. Þátttakendur reika um allan salinn, einn les upphátt dæmisöguna um miskunnsama Samverjann á ensku og svo er sami texti lesinn, ein lína í einu, af mismunandi fólki og á nokkrum tungumálum. Áður en sagan er sett á svið útskýrir stjórnandinn hvers vegna einmitt þessi texti var valinn og beinir athygli okkar að djúpstæðri millimenningarmerkingu hans. Í dæmisögunni er fjallað á margvíslegan hátt um það sem er ólíkt okkur og framandlegt: gyðingarnir og Samverjinn þekkjast ekki og bæði pótintátar kirkjunnar og illvirkjarnir sem réðust á ferðamanninn eru augljóslega frábrugðnir venjulegum þjóðfélagsþegnum.

RÝMIÐ SKIPULAGT OG HLUTVERK VALIN

Stjórnandinn lýsir umhverfinu þar sem verkið gerist: helli illvirkjanna, musterinu í Jerúsalem, gisti húsinu við veginn, staðnum þar sem fórnarlambið liggur og veginum sem er þungamiðja dæmisögunnar. Þátttakendum er boðið að velja sér hlutverk og skálda upp nafn sitt, aldur, starf og fjölskylduáðstæður. Mestu máli skiptir að aðalpersónurnar komi fram en þátttakendum er frjálst að velja sér hlutverk tilfinninga, leikmuna, gróðurs og dýra. Hópurinn fær nokkurn tíma til að taka ákvörðun og venjast ímynduðu umhverfinu.

Allir búa til ítarlegri bakgrunn fyrir persónurnar sínar og ákveða aðstæður í daglegu lífi þeirra. „Veltið fyrir ykkur hvernig persónurnar ykkar lifa lífinu, hver vandamál þeirra eru, skyldur og störf. Og finnið ykkur nú stað í leikrýminu.“ Þegar allir þátttakendur eru komnir á réttan stað í ímynduðu umhverfi fara stjórnendurnir að ræða við persónurnar. Viðtal við einn ræningjann gæti verið dæmi um það: „Hvað ertu gamall?“ „Þrítugur.“ „Hefurðu borðað eitthvað?“ „Nei, ég er banhungraður.“ „Áttu fjölskyldu?“ „Ég hata fólk, því allir hafa verið mér vondir.“ „Hvers vegna gerirðu það sem þú gerir?“ „Ég þarf peninga til að kaupa föt og mat.“ Auk mennsku persónanna koma nokkrar aðrar einnig fram í leiknum: gamalt tré við vegamótin og alls staðar nálægur sársauki. Stjórnendur leggja áherslu á að allir verði að hlusta af athygli á öll viðtöl, því upplýsingarnar sem koma fram í þeim eru efni í spuna síðar. „Þið þurfið að vita hver þau eru og hvernig þau eru til að skilja hvað er að gerast á sviðinu. Þannig verður til merkingarbært leikrými og gagnkvæm samskipti taka á sig mynd.“

BIBLIÓDRAMATÍSKT LEIKRIT

Atburðarás leikverksins hefst daginn fyrir atburðina í dæmisögunni. Stjórnandinn gefur merki og ræningjarnir hefja leikinn. Það er kvöld, þrjú menn leggja á ráðin um að fremja rán næsta dag en fara að þrátta. Fyrst fara samræðurnar fram á ensku en síðan fara allir að tala á sínu móðurmáli – pólsku, íslensku og tyrknesku. Eftir nokkra hríð stöðvar stjórnandinn leikinn og atburðarásin berst til mismunandi staða, eins af öðrum, og er fylgt eftir með viðtölum. Gistihússeigandinn, prestarnir í musterinu, tréð við veginn, Samverjinn, sársaukinn sem bíður fórnarlambins og kaupmaður, sem girðir lendar sínar, tala öll um núverandi aðstæður sínar og tilfinningar. Þegar bjalla sem tilkynnir upphaf leiksins hringir byrja allar persónur að spinna. Mikil ringulreið og hávaði ríkir í atriðinu; atburðarásin fer fram á mörgum stöðum í einu og persónurnar eiga samskipti hver við aðra. Þegar leikurinn nær hámarki – með árásinni á ferðamanninn – stöðvar stjórnandinn atburðarásina og spyr alla hvernig þeim líði. Síðan heldur leikurinn áfram og svo gefa stjórnendurnir merki um að tíminn sé á þrotum. „Nokkrar klukkustundir eru liðnar. Aðstæðurnar hafa breyst. Hvað er að gerast núna?“ Þegar leiknum er haldið áfram beinir stjórnandinn athygli hópsins að nokkrum mikilvægum atvikum og tekur stutt viðtöl við sumar persónurnar.

ÍHUGUNARHRINGUR

Þegar bibliódrámaupplifunin er á enda hverfur hópurinn aftur til veruleikans „hér og nú“. Þátttakendur hjálpa hver öðrum að koma sér úr hlutverkunum með því að ávarpa hver annan með réttu nafni. Samantektin sem er rædd í hringnum snýst um þrennt: „Hvernig skynja ég val mitt á hlutverki? Hvað gerðist í sögunni? Hvaða augum lít ég tengslin milli leikritsins og eigin lífs?“

Umbibliólogg

Í bibliódráma beinist athyglin einkum að því að öðlast djúpstæðari skilning á textanum með því að samsama sig völdum persónum. Þegar textinn er kannaður sameiginlega í hópi einbeitum við okkur alltaf að tiltekinni sögu, höldum okkur innan aðstæðna sem greint er frá í textanum, leitum að leyndum sannleika eða boðskap, þekkingu á heiminum og sjálfsþekkingu. Einstök atriði í leik, spuna eða tjáningu skipta ekki máli í því samhengi. Helsta

verkfæri kynna og samskipta manna á milli er tjáning með orðum, nafnagjöf, túlkun, fínþússun hugmynda og það að komast til botns í málum. Í biblíóloggi spyr stjórnandinn þátttakendur spurninga eins og þeir væru sjálfir persónur í sögunni sem verið er að greina. Þátttakendur svara út frá leikpersónunni og nota alltaf 1. persónu fornafn, þ.e. „ég“ eða „við“.

Möguleikinn á að skipta ítrekað um hlutverk meðan á verkinu stendur er mjög dýrmætur. Hann gerir okkur kleift að upplifa með beinu móti ólík sjónarhorn og sjónarmið, en slíkt auðveldar okkur að sannreyna viðhorf og skoðanir; það ýtir undir samræðu við fólk sem hugsar öðruvísi en maður sjálfur. Líkt og biblíódrama er biblíólogg byggt upp í samræmi við aðferðafræði Morenos, þ.e. skipt í þrjú afmörkuð stig: Upphitun, ýmsar athafnir og hlutverkaleik, og loks samantekt og íhugun á vinnu hópsins.

HLUTVERK LEIÐBEINANDA Í BIBLÍÓDRAMA BYGGÐU Á BIBLÍÓLOGGI

Eftir Yael Unterman og Petu Jones Pellach

Biblíóloggleiðbeinandinn (eða leikstjórinn, eins og Peter Pitzele kallar reyndan leiðbeinanda) þarf að hafa til að bera ýmiss konar hæfni og gera margt.

1) Val. Leiðbeinandinn þarf að geta valið texta sem hægt er að vinna með í biblíódrama. Ekki henta allir textar og bestir eru þeir sem hafa að geyma djúpstætt mannlegt samspil (en undir það geta fallið andleg samskipti eða jafnvel guðfræðilegar spurningar), kynni manna og ágreining og eru gæddir þáttum sem eru dálítið dularfullir eða vekja að minnsta kosti forvitni okkar. Í þvertrúarlegu eða millimenningarlegu starfi væri hægt að nota texta um kynni fólks af ólíku þjóðerni eða árekstra þess á milli.

2) Takmörkun. Leiðbeinandinn þarf að ákveða hvar í textanum biblíóloggið á að byrja og (best færi á því, ef tími leyfir) enda.

3) Undirbúningur. Leiðbeinandinn þarf að ákvarða hvaða tækni hentar best fyrir valinn texta og einnig fólkið í hópnum. Ætti að velja tækni sem byggir meira á textanum sjálfum og umfjöllun um hann eða er svigrúm fyrir lausbundnari, frjálslægri og leikrænni aðferðir (nær biblíódrama)? Getur sambland af aðferðum skapað ánægjulegustu reynsluna fyrir hópinn? Spurningarnar sem leiðbeinandi ber upp í biblíóloggi eru gríðarlega mikilvægar og þær þarf að undirbúa, jafnvel þótt hann kunnir einnig að reiða sig á eðlisávisun til að bera upp nýjar spurningar sem spretta sjálfkrafa upp í tímanum. Leiðbeinandinn velur líka ljóð eða annan texta sem á að nota í kennslunni síðast í tímanum.

4) Kynning á biblíódrama. Í fyrstu tímunum ætti leiðbeinandinn að útskýra fyrir hópnum hvað þátttakendur eru að gera og minna svo á það. Hann ætti að minna hópinn á þörfina fyrir öruggt rými og að vernda eigin mörk, auk þess að skapa afslappað en þó örvandi andrúmsloft.

Í kynningu á biblíóloggtíma gæti til dæmis verið fjallað um þetta: „Ekki vera hrædd um að svara „vitlaust“ – við erum bara að leika okkur og kanna málin. Ef þið eruð feimin – bíðið þá þangað til þið eruð tilbúin. Þið þurfið ekki að taka þátt í leiknum en fáid miklu meira út úr honum ef þið gerið það. Og ef þið segið eitthvað – þá verðið þið að tala sem persónan. Ekki greina textann, breytið ykkur í persónuna. Notið fornafið „ég“ í því sem þið segið en ekki hann eða hún.“

5) Kynning á sögunni. Miklu máli skiptir að leiðbeinandinn útskýri og útvegi nægilega mikinn bakgrunn fyrir textann til að fólk skilji um hvað hann fjallar og helstu sögulegar staðreyndir. Þótt bibliódráma sé ekki kennslustund í mannkynssögu þjónar þá ekki tilgangi fræðslunnar að láta fólk leika sögunnar á grundvelli rangra upplýsinga.

6) Meðan á biblióloggi stendur gerir leiðbeinandinn ýmislegt:

I. **Býður fólki** að lesa ritningargreinar.

II. **Spyr** persónurnar spurninga.

III. **Endurspeglar** svör manna með því að **bergmála** það sem þeir sögðu, í fyrstu persónu en með öðru orðalagi. Dæmi:

Leiðbeinandinn spurði: „*Kain, hvers vegna ákvaðstu að færa Guði fórn?*“

Þátttakandi svaraði: „*Ég hafði heyrt foreldra mína tala um Guð og mig langaði líka að tala við Guð.*“

Leiðbeinandinn bergmálar: „*Ég er mjög forvitinn, hver er þessi Guð sem foreldrar mínir nefndu? Þess vegna færði ég fórn til að opna fyrir samræður, til að segja: „Halló, Guð, ertu þarna einhvers staðar?“*“

Svona bergmál þjónar fernum tilgangi: (a) það veitir þátttakandanum sem talaði staðfestingu á orðum sínum; (b) þannig er aðgætt hvort leiðbeinandinn hefur skilið rétt það sem þátttakandinn sagði. Ef hann bergmálar rangt getur þátttakandinn sagt: „Ja, það var ekki alveg þetta sem ég meinti ...“; (c) ef aðrir í hópnum voru ekki að hlusta þegar félagi þeirra talaði eða skildu ekki hvað hann sagði, kemst það til skila þegar leiðbeinandinn endurtekur það; (d) leiðbeinandinn getur bergmálað á dramatískari hátt en þátttakandinn og þannig aukið leikræn tilþrif í salnum (svo dæmi sé tekið gæti leiðbeinandinn sem bergmálar setninguna hér að framan hækkað róminn eða jafnvel breytt röddinni þegar hann segir *Halló Guð, ertu þarna einhvers staðar?*).

IV. **Gefur stikkorð**. Þegar þátttakandi segir eitthvað lætur leiðbeinandinn það ekki nægja heldur hvetur hann til að segja meira með því að gefa stikkorð á borð við „Af því að ...“, „Þannig að ...“, „Og nú líður mér ...“

V. **Tekur eftir** ef eitthvað sem þátttakandi segir er í samræðu við eitthvað eða mótmælir einhverju sem annar þátttakandi sagði – fléttar saman á áhugaverðan hátt þær mismunandi frásagnir sem þátttakendur skapa þegar þeir holdgera persónur sínar, til að hjálpa þeim að skilja hvað sé á seyði meðan á bibliólogginu stendur.

7) **Stýrir** umræðunum í lokin og skapar svigrúm fyrir fólk til að opna sig og vera persónulegt, ræða hvað við upplifðum í dag og hvernig okkur líður sem hópi.

8. **Ögrar og menntar**. Auk þess að leyfa þátttakendum í biblióloggi að draga sínar eigin ályktanir af textanum og sitja uppi með sjálfsprottin tilfinningaviðbrögð sín getur flinkur leiðbeinandi beint umræðum á þá braut að þátttakendur LÆRI af textanum og hver af öðrum.

Pegar bibliódrama og bibliólaggi er beitt í einu verður til ótrúlega sveigjanleg tækni sem getur spannað allt frá því að vera hópstýrt ferli, sem inniheldur einungis æfingar og svörun og krefst varla neinna afskipta leiðbeinanda, til ferlis sem er stýrt af leiðbeinanda og leiðbeinandi verður jafnvel kennari um stund.

MILLIMENNINGARLEG VIÐFANGSEFNI Í BIBLIÓDRAMA

Í tilraunasmíðjunum sem voru haldnar innan ramma verkefnisins komu fram ýmsir möguleikar til að nota bibliódrama til að þróa og styrkja samræðu milli menningarheima og trúarbragða. Möguleikarnir tengjast í senn skilaboðum og innihaldi textanna sjálfra (og þeirri auðugu frásagnarhefð sem tengist trúarsviði ólíkra menningarhefða) og sértækum aðferðum bibliódrama – örvandi eðli þess og tiltekinni tækni sem stuðlar að sterkari tilfinningaupplifun.

Til að ná tilsettu markmiði – að þróa millmenningarfærni með notkun bibliódrama – er **val á textanum** sem hópurinn á að vinna með gríðarlega mikilvægt. Áðurnefnd bibliúsaga um miskunnsama Samverjann er fyrirtaks dæmi um sögu sem sýnir ólíkt viðmót gagnvart fólki sem við hittum á lífsleiðinni. Skýr greinarmunur á framkomu manna í dæmisögunni fær okkur til að máta eigin afstöðu, meta aðstæður og draga ályktanir af því. Líkingamál sögunnar er algilt. Í helgiritum allra trúarbragða eru margar svipaðar sögur og einn þýðingarmesti þátturinn í því að þróa víðsýni gagnvart „hinum“ og „aðkomumönnum“ í millmenningarsamræðum er að benda á líka og nærtæka þætti í ólíkum trúarbrögðum. Aþekkur tilgangur felst í **vali á aðalpersónu** – hverfiásnum sem athafnir smíðjunnar snúast um. Þetta gæti verið tiltekinn miðill sem ýtir undir samþykki og skilning, eins og til dæmis Móse, sem er að finna í trúarbrögðum gyðinga, kristinna manna og múslima, og sameinar þá „handan þess sem aðskilur“. Í bibliódrama sem beinist að samræðu og umburðarlyndi er greining á öllum trúartextum með tilliti til þessara algilda í textanum afar mikilvæg. Það er þessi vidd bibliódramaupplifunarinnar sem reyndist vera þýðingarmest og árangursríkust í smíðjuferlinu og á því fékkst staðfesting í fjölmörgum umsögnum þátttakenda. Á þetta er lögð margvísleg áhersla í dagskrá smíðjunnar, ekki síst með því að sýna að allir upplifa sömu tilfinningar, vandamál og örlagaríka viðburði, eins og sést á frásögnum innan allra trúfélaga.

Valið á textanum tengist beint því **hvernig** hann er **lesinn**. Bibliódrama snýst um að þroska persónuleg tengsl við hið ritaða Orð, en þar gætu óhefðbundnar athafnir og fjölmargar tilvísanir í þýðingarmikla kafla textans komið að góðu gagni. Samhliða hefðbundnum lestri – hver fyrir sig og í hljóði eða með því að einn meðlimur hópsins les upphátt ákveðinn útdrátt – beitir bibliódrama líkamlegum athöfnum, upplestri þátttakanda sem hefur verið skipað í hlutverk, samskiptum við aðra þátttakendur og listrænni tjáningu. Með því móti er iðulega hægt að uppgötva nýjan flöt á heilum sögum eða einstökum setningum (jafnvel þeim sem flestir þekkja). Með því að skapa óvæntar og einstakar aðstæður fyrir lesturinn er stuðlað að því að uppgötva leynda eða tvíræða merkingu og menn eru hvattir til að leggja á sig skapandi túlkun og að „líta inn í orðin, lengra en textinn nær“.

Í bibliódrama er lestur textans upphafið á því að greina heiminn sem verið er að lýsa – sökva sér niður í uppbyggingu hans og táknrænt rými með **hlutverkaleik**. Þegar fólk verður einhver annar eða eitthvað annað á leiksviðinu þarf það ævinlega að breyta framkomu sinni og beygja sig undir reglurnar sem því eru settar. Menn þurfa að leggja sig fram til að skilja leikpersónuna og samsama sig tilfinningum hennar, og því er þetta einstök þjálfun í millmenningarfærni. Hún byggir í fyrsta lagi á tilfinningaupplifun sem hlýtur ekki vitsmunalega greiningu fyrr en síðar, og í öðru lagi færast hún yfir á framkomu og viðhorf sem tíðkast í daglegu lífi. Þessi einstaki

Þáttur í fræðslunni aðgreinir biblíódrama frá hefðbundnum aðferðum við að rýna í texta tengda mismunandi trúarbrögðum og menningu. Vegna áhrifanna á þátttakendur í smiðjuferlinu fæst staðfesting á vandlega geymdri hlutgervingu og menn slíta sig frá skeytingar- og aðgerðaleysi. Það sem skiptir meginmáli í þessu samhengi er biblíódramatæknin sem kallast **hlutverkaskipti (viðsnúningur)**. Með henni geta leikararnir sett sig tilfinningalega í spor beggja aðilanna í deilum eða samræðum. Með því að tala við allar persónur sem eru kallaðar á svið gefst okkur færni á að veita sjálfum okkur svör – fyrir hönd persónunnar. Þetta krefst þess að þátttakendur setji sig í spor „einhvers annars“ sem hugsar, finnur til og hegðar sér öðruvísi en þeir.

Skemmtunin sem felst í frjálsræði og spuna í öllum athöfnum er afar mikilvæg í biblíódrama. Þetta skiptir líka máli í þeim tilgangi að venjast framandleika með því að vinna á móti þeirri spennu og hita í deilum sem alltaf kemur upp í tengslum við mismunandi trúarsetningar og lífsviðhorf. Hjálpartæki til að bera kennsl á veruleikann sem er skapaður á sviðinu eru gripirnir sem eru notaðir í biblíódrama – klútar, grímur og búningar. Ásamt hlutverkaleik eru notaðar **ýmsar aðferðir og tækni** innan ramma smiðjunnar í því skyni að þroska millimenningarfærni. Einkum hafa þær gerðir listrænnar tjáningar sem gera ráð fyrir myndhövrfum og tvíræðum yfirlýsingum komið að góðum notum og reynst skilvirkar og einnig þær sem varpa ljósi á mismunandi samhengi. Tilraunatímarnir staðfestu þær (að öðru leyti augljósu) forsendur að ef tiltekið viðfangsefni er greint á margan hátt með alls kyns vitrænum verkfærum eykst forvitni, áhugi og færni í gagnrýnni hugsun hjá þeim sem taka virkan þátt í ferlinu. Allt eru þetta eiginleikar sem er brýnt að séu til staðar þegar reyna á hvers kyns samræðu.

Samvinnuþáttur biblíódrama eykur enn á styrk þess sem kennsluáætlun. Það eitt og sér að vinna náið með öðrum krefst hæfileika til að komast að samkomulagi og aðlaga það sem menn kjósa helst sjálfir að samvirkninni í hópinnunni. Auk þess rekast eigin skoðanir stöðugt á viðhorf hinna þátttakendanna, en það er kjarninn í biblíódramaaðferðinni og myndar auðgan og fjölbreyttan bakgrunn til að leita svara við flóknum spurningum um sannleika, gildismat og ástæður. Í biblíódramaleikriti fá allar fullyrðingar og allar athafnir umsvifalaus viðbrögð, ekki einungis í orðum heldur einnig á sviði tilfinningaviðbragða með óyrstum skilaboðum (líkamstjáningu) og einnig framvindu viðburðanna sem búnir voru til.

AÐFERÐAFRÆÐI

Reynslan úr tilraunasmiðjunum nýttist til að skapa kennsluáætlun sem kynnir ólíkar leiðir til að beita biblíódrama í millimenningarmiðlun. Uppbygging áætlunarinnar er tvískipt: annars vegar skilgreining á millimenningarsamhenginu og hins vegar nákvæm aðgerðaáætlun. Allar kennslulýsingarnar hér á eftir hefjast á lista yfir millimenningarfærni sem vísar beint til aðferðanna sem lagðar eru til og framvindu smiðjunnar. Rannsókn Martyns Barretts (Centre for Research on Nationalism, Ethnicity and Multiculturalism – CRONEM):

<http://www.theewc.org/content/resources/intercultural.competence/#models> var notuð við lýsingu á færni og skiptingu hennar í **viðhorf, hæfni og þekkingu**. Til að skilgreina frekar millimenningarvædd vinnunnar eru markmið stjórnenda og fyrirsjáanlegar niðurstöður – sértæk áhrif á þátttakendur – ákvörðuð. Þessi hluti rammans hefur einnig að geyma athugasemdir um eðli hópans sem handritið er ætlað og stutta lýsingu á umfjöllunarefninu. Allur fyrri hluti kennsluáætlunarinnar, sem fjallar um millimenningarfærni, skiptir höfuðmáli fyrir nýstárlega beitingu biblíódrama í menntunarskyni, því hann lýsir hinum sérlega frjóu möguleikum þess millimenningar- og þvertrúarlega innihalds sem orðið gæti til, þökk sé aðferðum hlutverkaleiks og notkun á arfleifðinni úr helgiritum ýmissa trúarbragða. Einkum er mikilvægt að gefa til kynna þau svið sérstakrar þekkingar og hæfni („færni viðmið“) sem tengjast virkri þátttöku í millimenningarsamræðunni sem fullorðnir þátttakendur í þessari dagskrá kynnu að ná fram.

Seinni hluti áætlanna felst í ítarlegum „skref-fyrir-skref“ lýsingum á öllum athöfnum. Í þeim felast margar vísbendingar um hvernig á að kynna biblíódramatækni og einnig um hlutverk leiðbeinandans. Einkum ber að benda á þættina sem tengjast upplýsingum um ýmsar trúarlegar og menningarlegar hefðir og sögulegt, landfræðilegt og félagslegt samhengi þeirra. Þetta var tekið með í efni sem tengist textavinnu til að tryggja rétt samhengi þegar leitað er að greiningu og túlkun. Það er tilvist slíkra upplýsinga að þakka að spuni hópsins og sjálfsprottunar athafnir byggja á tilgreindum veruleika og þátttakendur öðlast þekkingu sem gagnast þeim til að skilja bókmenntaveruleikann sem um er að ræða.

Smiðjustjórnendur þurfa að hafa einstaka færni til að stýra hópverkefni þegar á að nota biblíódrama til millimenningarfræðslu. Það er afar mikilvægt að stýra því hve djúpt þátttakendur sökkva sér í verkið því tilfinningaviðbrögðin kunna stundum að verða áþekkt og í geðleikstíma, þar sem meðferðarmarkmið eru höfð að leiðarljósi, en slíkt krefst ólíkrar nálgunar. Styrkur þessarar aðferðar felst í því að biblíódramaupplifunin verður á tilfinningasviðinu en í því geta einnig falist hugsanlegar hættur, því það getur orðið kveikja að erfiðum kenndum og tilfinningaróti.

Kennsluáætlanir er hægt að kynna í mismunandi samhengi og fyrir ólíkum hópum, bæði sem tillögu að dagskrá í mörgum stigum eða stökum tíma. Textar sem vitnað er í eru að mestu teknir úr ritningum þriggja stærstu eingyðistruarbragðanna – gyðingdómi, kristni og íslam. Hins vegar er uppruni hinna helgu frásagna hvorki eini né mikilvægasti þátturinn í að ákvarða millimenningarblæ dagskrárinnar. Grundvallaratriðið í þeim efnum er uppbygging og rökrétt samhengi einstakra tíma í átt að því að vekja upp næmni, samkennd og opinn huga gagnvart málum er snerta trú og menningarhefðir. Þátttaka í æfingunum sem lagðar eru til á umfram allt að hjálpa fólki að sigrast á staðalhugmyndum og algengum hugsanaferlum og að mynda tengsl við „hina“ án fordóma. Biblíódramaupplifunin leyfir okkur umfram allt að skilja og dýpka okkar eigin trú og sannfæringu. Það er (þótt það kunni að virðast þversagnakennt) skilyrði fyrir að viðurkenna og virða skoðanir annarra, vegna þess að með því að komast að algildum grundvallargildum, sem eru undirstaða allra trúarbragða, verður öll samræða og eindrægni auðveldari.

Aðferðirnar í hópvinunni sem kynntar eru í kennsluleiðbeiningunum felast í einingum sem hægt er að afrita og nota sem heild eða í minni hlutum. Höfundarnir vona hins vegar að þær veiti einnig innblástur að gerð nýrra fræðsludagskráa sem taka á þeim flóknu vandamálum sem fylgja millimenningarsamræðu.



III

KENNSLULEIÐBEININGAR

Ungverjaland
SAGAN AF JÓSEF
AÐ VERA AÐKOMUMAÐUR – NAÓMÍ OG RUT
MISKUNNSAMI SAMVERJINN

Pólland
AÐ MÓTA EIGIN ÖRLÖG – MÓSES OG LOGANDI RUNNINN
ÞJÓÐSÖGUR UM ÁLÖG – DULSPEKI HASIDIM-GYÐINGA
ORÐIÐ OG VEGURINN – TIL FUNDAR VIÐ RUMI

Ísland
DÆMISAGAN UM MISKUNNSAMA SAMVERJANN
BIBLÍÓDRAMA MEÐ AÐFERÐUM SKAPANDI SKRIFA
BIBLÍÓDRAMAÆFING MEÐ BLÖNDUÐUM MIÐLUM

Tyrkland
RUMI: FJÓRAR MANNESKJUR SEM SKILJA EKKI HVER AÐRA
RUMI: TRÉ ÓDAUÐLEIKANS
RUMI: HEYRNARDAUFUR HEIMSÆKIR SJÚKAN

Ísrael
BIBLÍÓDRAMA UM HETJUR
Númer 1: AKÍVA RABBÍNI OG RAKEL
Númer 2: HEILÖG KLARA
Númer 3: RUMI OG SHAMS

Ungverjaland

SAGAN AF JÓSEF

AÐ VERA AÐKOMUMAÐUR – NAÓMÍ OG RUT

MISKUNNSAMI SAMVERJINN

Röð af smiðjum var skipulögð í Búdapest í febrúarbyrjun 2012 og fram í júlí 2012. Hópurinn hittist reglulega á hálfmánaðar fresti, fjórar klukkustundir í senn, auk nokkurra heilsdagstíma og einnar helgi í lok tímabilsins. Smiðjunum stýrðu tveir reyndir biblíódramastjórnendur:

Tünde Majtai–Hídeg (siðbótarkirkjumaður), guðfræðingur, geðleiksstjórnandi, biblíódramapjálfari, umsjónarmaður, fjölskylduráðgjafi, geðheilbrigðisráðgjafi, kennari.

Péter Pius Varga (kapólskur), kennari, geðleiksstjórnandi, biblíódramapjálfari, aðstoðarprófessor í bókmenntum við Eötvös Loránd–háskólann í Búdapest. Reyndur stjórnandi fullorðinsfræðslunámskeiða. Meðlimur í European Bibliodrama Network.

Hugmynd okkar að baki verkinu var sú, að samsetning hópsins ætti að endurspeglar menningar- og trúarlegan fjölbreytileika Ungverjalands auk þjóðfélagsstétta þar. Markhópar sem við vildum höfða til voru, meðal annarra, biblíuleshópar kapólskra ungmenna, siðbótarkirkjusöfnuðir, samfélög umbótasinnaðra gyðinga, menningar- og fullorðinsfræðslustofnanir sígauna og þátttakendur í fyrri biblíódramahópum. Markmið okkar var að leiða í ljós ágreinings- og átakamál í hversdagslegu samhengi og vinna úr þeim með verkfærum biblíódrama, í sýndarrými ritningartextanna.

Í upphafi hundrað tíma smiðjuvinnunnar var meginmarkmiðið að skapa samheldni og traust innan hópsins eins fljótt og auðið var. Þematískur fókus tímanna byggðist á andstæðum þess að upplifa sjálfan sig og aðkomumenn og kaflar tengdir þessu efni voru valdir fyrir alla tímána. Minnispunktar og persónulegar frásagnir lýsa samvisskusamlega ferlinu þegar meðlimir hópsins opnuðu sig meira og meira hver fyrir öðrum og gekk sífellt betur að tjá sig og eiga samskipti hver við annan, bæði í persónulegum tengslum og íhugunum sínum um meginviðfangsefnið. Lengd hópfertlisins og styrking trausts innan hópsins olli geðhreisnandi samræðum þar sem áherslan var á kristnargyðinglegar samræður og djúpstæð söguleg áföll og misskildar trúariðkanir

og tákni voru upplýst og skýrð. Við vörðum einum tímanum alfarið í þessa umræðu og hún jók enn á umburðarlyndi og víðsýni og fúsleika til samræðna innan hópsins. Lengri tímarnir standa upp úr í hópferlinu: tvisvar sinnum heill dagur, sem tók við strax á eftir venjulegum tímum, og tveggja og hálf dags langur lokafundur, sem öllum er minnisstæður. Í þessum tímum upplifðu þátttakendur almennt meiri og öflugri samheldni, meiri nánd í hópvinnumni og innilegra persónulegt samband.

Þegar smiðjunum lauk létu margir í ljós óskir um að taka þátt í frekari biblíodramapjálfun, sem þeir töldu að þeir gætu notfært sér í starfi. Einnig fannst mönnum þörf á að hópurinn hefði nánara samstarf og greindi frá reynslu sinni af þvertrúarlegri samræðu í fjölmiðlum og á spjallsíðum Internetsins.

Rúmlega tuttugu manns svöruðu auglýsingu okkar sem birtist í ýmsum miðlum í desember 2011 og tuttugu og einn tóku þátt í fyrsta tímanum. Til að fá yfirsýn yfir væntingar þátttakenda báðum við alla um að svara spurningalista þar sem við fórum fram á helstu persónulegar upplýsingar, báðum um stutta kynningu á starfsvettvangi og enn fremur ástæðunni fyrir þátttöku og hvernig þátttakendur gætu seinna notfært sér reynsluna sem þeir öðluðust í hópvinnumni.

Eins og vonir stóðu til skilaði fjölbreytileiki trúarhópa og menningargeira sér inn í hópinn, að undanskildum fulltrúum sígauna. Ef litið er á skiptingu eftir trúfélögum voru kristnar kirkjur í meirihluta (rómversk- og grísk-kaþólskar, lúterskar, siðbótarkirkjan, hvítasunnusöfnuðir), en einnig fjölbreyttir trúarhópar gyðinga (rétttrúaðir, umbótasinnar, íhaldssamir og trúskiptingar) og einnig þeir sem ekki aðhylltust nein trúarbrögð. Ef litið er á störf þátttakenda unnu flestir við fullorðinsfræðslu sem kennarar, sálfræðingar, ráðgjafar, félagsráðgjafar eða annað. Hópurinn sjálfur var sundurleitur og vegna starfa þátttakenda komu vandamál úr mun fleiri þjóðfélagsstéttum einnig fram innan hópsins, til dæmis sígaunar, söguleg aföll, minnihlutahópar, fátækt.

SAGAN UM JÓSEF

Millimenningarfærni sem fengist er við í smiðjunni

Viðhorf – viðurkenning á sérkennum mismunandi menningar; viðurkenning á samfélagi sem byggir á samræðuhefð.

Færni – að temja sér þolinmæði í gegnum samskipti við fólk af mismunandi trúarbrögðum og frá ólíkum menningarheimum; að sjá og viðurkenna tilfinningar eins og öfund og mismunun og vinna með þær til að skilja eðli þeirra.

Þekking – sértæk menningarþekking á sögunni um gyðinglegan forföður; í gegnum söguna af Jósef fást þátttakendur við eina dýpstu tilfinningu mannsins, afbrýðisemi.

Markhópur

Þessi kennsluáætlun hæfir vel menningarlega blönduðum hópum.

Markmið

- Að sjá að ólíkir menningarheimar deila vandamálum svo sem mismunun, hlutdrægni, afbrýðisemi, reiði og átökum.
- Að skilja þá staðreynd að erfitt er að sætta sig við forréttindi sumra sem vekur afbrýðisemi og skapar sektarkennd þannig að fólk reynir að finna blóraböggul í utanaðkomandi „óvini”.
- Að fást við vandamálið mismunun og átök milli þjóða og trúarbragða með því að skoða persónur úr helgum sögum.
- Að leggja áherslu á mikilvægi sjálfskoðunar.
- Að hvetja þátttakendur til að læra af altækum fjölskylduástæðum eins og sagt er frá í Biblíunni og bera saman við eigið lífsmunstur.

Færni viðmið

Að lokinni smiðjunni eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- ítarlega þekkingu á sögunni um Jósef og fjölskyldu hans en sú saga er mikilvægur hluti af gyðingdómi,
- dýpri skilning á sálfræðilegu gangverki mannlegrar hegðunar,
- skilning á mismunun í samfélaginu með því að sjá samsvörun sögunnar við eigið líf,
- skilning á sérstöku eðli gyðingdóms (sem telur að gyðingar séu útvaldir af Guði),
- skilning á þeirri staðreynd og þeim áhrifum sem það hefur í heiminum að bæði kristnir og gyðingar álíta að þeir séu Guðs útvalda þjóð.

Uppbygging smiðju

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun
- III. Fræðsla um sögulegt samhengi
- IV. Biblíódrama: Sagan af Jósef
- V. Endurgjöf
- VI. Lokamat og umræður

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Skref

Leiðbeinandi spyr þátttakendur hvernig þeim líði, í hvernig andlegu og líkamlegu ástandi þeir séu í dag. Spurningar sem mætti spyrja: *Hvað forðast þú að horfast í augu við í daglegu lífi þínu? Hefurðu verið að velta einhverju sérstöku fyrir þér síðan við hittumst síðast?*

II. Upphitun

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur, sem standa á gólfinu, að ganga um rýmið hver á sínum hraða. Hann segir þeim síðan að hraða sér, hraða sér enn meira og að lokum að hægja á sér.
2. Leiðbeinandi: *Taktu þér stöðu sem sýnir að þér finnst þú farsæl(l), ánægð(ur) og full(ur) sjálfstrausts. Gakktu þannig um herbergið og horfðu á hina með velþóknun. Að nokkrum mínútum liðnum: Hristu þetta ástand af þér og gakktu eins og þér er eiginlegt.*
3. Leiðbeinandi: *Gakktu nú eins og þér finnst þú yfir aðra hafin(n) hvað varðar vit, vilja og fegurð. Allur líkami þinn á að endurspeglar ástand valds og sjálfstraust. Eftir nokkrar mínútur: Hristu þetta ástand af þér og gakktu aftur eins og þér er eðlilegt.*
4. Myndaðir eru tveir jafnstórir hópar. Í öðrum hluta herbergisins eru sigurvegarar en í hinum þeir sem borið hafa skarðan hlut frá borði. Það hjálpar þátttakendum að rifja upp tímabil í lífinu þegar þeim leið á annan hvorn veginn. Gengið er um þann helming rýmisins sem hvorum hópi er úthlutaður.
5. Nú mætast þessir tveir hópar. Þeir sem tilheyra sigurliðinu eiga að tjá án orða hvað þeir líta niður á hina. Leiðbeinandi segir þeim að nokkrum mínútum liðnum að leggja enn meiri áherslu á þá hegðun. Eftir um fjórar mínútur er skipt um hlutverk.
6. Leiðbeinandi: *Veldu þér félag með því að mynda augnsamband við hann. Deilið upplifun ykkar í þörum í fjórar mínútur hvor.*
7. Hvert par finnur annað par og myndar fjögurra manna hópa sem ræða í tíu til tólf mínútur hvað situr í þeim eftir æfinguna. Þegar tíminn er búinn biður leiðbeinandi þátttakendur að ljúka samtalinu og segir: *Undirbúið ykkur undir að skapa í sameiningu lifandi stytta sem sýnir tilfinningarnar í hópnum og þá reynslu sem þið genguð í gegnum í æfingunni.*
8. Hver hópur sýnir styttna sína. Samvinna getur orðið erfið því hugmyndir kunna að vera öndverðar, sumir þurfa að gefa eftir eða breyta upphaflegri hugmynd sinni. Þessi æfing hjálpar til við að vinna með samkeppni í hópnum.
9. Hinir þátttakendurnir virða styttna vandlega fyrir sér. Leiðbeinandi: *Hvert leita hugsanir ykkar? Finnið í sameiningu nafn á hverja styttnu!*

Kaffipása

III. Fræðsla um sögulegt samhengi

Texti lesinn – Fyrsta Mósebók 37,2–8, 12–14, 18–25, 27–28

Skref

1. Vegna þess hve fjölskyldumunstur sonanna tólf og mæðra þeirra er flókið sýnir leiðbeinandi mynd af fjölskyldutré Jósefs.
2. Hann skrifar nöfn persónanna á blað (með nokkrum útskýringum) og setur á gólfið svo að þátttakendur geti gengið í kringum það, lesið um persónurnar og valið sér eina þeirra.
3. Einnig má velja hlutverk utan fjölskyldunnar eins og kaupmanninn sem seldi Jósef fyrir tuttuðu sjekela.

IV. Biblíódrama: Sagan um Jósef

Hlutverk valin

Skref

1. Leiðbeinandi getur spurt þátttakandur þegar þeir eru að velja sér hlutverk: *Snertir einhver persónan þig? Þú getur prófað að spegla þig í andhlutverki hennar og litið á atburði frá öðrum sjónarhóli en þú átt að venjast (ef þú þekkir til dæmis ekki afbrýðisemi geturðu valið að túlka afbrýðisama manneskju).*
2. Að nokkrum mínútum liðnum: *Næsta skref er að skoða fjölskyldutréd með upplýsingunum um persónuna þína. Notaðu slæðu til að gefa til kynna að þú hafir valið þér hlutverk. Taktu þér tíma og skoðaðu vel hug þinn.*
3. Eftir um tveggja mínútna þögn: *Gjörið svo vel að kynna ykkur ef þið eruð tilbúin.*
4. Finnið núna fjölskyldu ykkar og stað ykkar í henni. Hitið hvert annað upp fyrir hlutverkið með því að spyrja spurninga eins og: *Hver ert þú? Hvað ertu gamall / gömul? Hvað langar þig að gera?*
5. Eftir um tíu mínútur eiga leiðbeinendur viðtal við persónurnar eina í senn með áherslu á hinar ólíku senur sem upp munu koma.

Fyrsta sena: Jakob er heima með fjölskyldu sinni. Tveir yngri bræðurnir eru Jósef og Benjamín. Raket, móðir þeirra, er dáið þegar hér er komið sögu. Seinni konur og þjónar geta líka verið viðstödd.

Önnur sena: Tíu bræður eru með hjörð sína á beit.

Þriðja sena: Jósef hittir bræður sína við brunninn.

V. Endurgjöf

Skref

Fyrsta endurgjöfin á sér stað í lok leiksins með viðtölum við hvern og einn. Leiðbeinandi spyr: *Hvernig líður þér núna? Hverjar eru tilfinningar þínar?*

1. Önnur endurgjöfin er gerð í hópnum. Leiðbeinandi þarf að vera viðbúinn miklum ágreiningi í mikilvægustu senunum. Sterkar tilfinningar geta komið upp. Ótti og afbrýðisemi geta látið á sér kræla. Meiri tíma getur þurft fyrir umræður til að hleypa út tilfinningum.
2. Leiðbeinandi: Myndið þriggja manna hópa og ræðið upplifanir ykkar. Spurningar sem geta hjálpað við að koma af stað umræðum: *Hvers vegna valdirðu þetta hlutverk? Hvað kom þér á óvart á meðan á leiknum stóð? Var eitthvað sem særði þig?*
3. Leiðbeinandi hjálpar þátttakendum að hrista af sér hlutverk sín og verða aftur þeir sjálfir.

VI. Lokaumræður og mat

Skref

1. Leiðbeinandi: *Hvernig leið þér í hlutverki þínu? Hvað muntu taka með þér heim annars vegar persónulega og hins vegar í millimennningarlegu samhengi?*
2. Leiðbeinandi þarf að vera meðvitaður um að þátttakendur geta ennþá verið að fást við erfiðar tilfinningar. Leiðbeinandi tekur erfið viðfangsefni þessarar smiðju til frekari umræðu í byrjun næstu smiðju.

Heimildir

Biblían, Fyrsta Mósebók 37: 1–36

Christian de Chergé: *L'échelle mystique du dialogue* (Samræðunnar dularfulli stigi)

AÐ VERA ÚTLENDINGUR – NAOMÍ OG RUT

Millimenningarfærni sem fengist er við í smiðjunni

Viðhorf – Virðing fyrir öðrum menningarheimum; forvitni um menningu annarra; virðing fyrir menningarlegum fjölbreytileika.

Færni – Hæfileikar til að hafa samskipti við fólk annars staðar að, hæfileikar til að aðlagast mismunandi menningarumhverfi.

Þekking – Þekking á gyðinglegum gildum og hefðum.

Markhópur

Þessa kennsuáætlun er bæði hægt að nota í menningarlega einsleitum og blönduðum hópum.

Markmið

- Að kanna hvernig það er að vera „aðkomumaðurinn“ í samfélaginu með því að spegla sig í texta úr Biblíunni.
- Að leggja áherslu á mikilvægi samkenndar og stuðla að vaxandi samkennd með því að spegla sig í Biblíutexta.
- Að hvetja þátttakendur til að læra um gildi og hefðir mismunandi menningarheima með því að leika valda texta úr Biblíunni.

Færnivíðmið

Að lokinni þessari smiðju eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- aukna þekkingu á mikilvægri heimild um gyðingleg gildi,
- samkennd með persónunum sem lýst er í sögunni,
- aukinn skilning á stöðu erlends fólks í framandi samfélögum,
- aukna þekkingu á eigin tilfinningum í garð aðkomufólks,
- betri tök á reiðistjórnun sem lærist í öruggu umhverfi smiðjunnar.

Uppbygging smiðju

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun (A, B, C)
- III. Texti lesinn
- IV. Fræðsla um sögulegan bakgrunn Rutarbókar
- V. Biblíódrama: Rut og Naomí
- VI. Umræður og mat

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Skref

Leiðbeinandi: *Hvað forðastu að hugsa um í daglegu lífi þínu? Hefurðu hugsað nánar um það sem gerðist í síðustu smiðju?*

II. Upphitun (A, B, C)

Upphitun (A)

Vor – líkamstjáning

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur um að ganga um rýmið, á afslappaðan hátt og anda að sér vorinu. Þeir hlusta á frásögn leiðbeinandans og fara eftir tillögum hans: *Það er fyrsti vordagurinn – finndu þér hlutverk í nýjabrumi vorsins. Þú getur verið hvað sem er, tré að laufgast, páskalilja sem vex í hlýrri vorsólinni. Þú getur verið lítið fræ sem stækkar hægt og bítandi. Komdu þér fyrir á góðum stað í rýminu í stellingu sem tjáir líðan þína og tilfinningar í vorinu.*
2. Leiðbeinandi: *Það getur verið hjálplegt að loka augunum og reyna að ímynda sér garð eða skóg að vorlagi. Hvaða lykt og liti nema skilningarvit þín? Hver er þinn staður í sköpunarverkinu?*
3. Leiðbeinandi lætur þátttakendur vinna á eigin hraða: *Takið ykkur góðan tíma. Þið þurfið ekki að flýta ykkur að koma út úr verndaðri tilverunni sem fræ! Það má vaxa hægt!*
4. Leiðbeinandi biður þátttakendur um að líta í kringum sig og sjá hve fjölbreytileg veröldin er.
5. Leiðbeinandi: *Takið ykkur stöðu sem ykkur finnst lýsa tilfinningum ykkar best á þessari stundu!* Leiðbeinandi talar við hvern og einn þátttakanda með því að snerta handlegg hans og biðja hann um að útskýra líðan sína: *Hver/hvað ertu á þessari stundu? Hvernig tilfinning er það?*
6. Leiðbeinandi biður þátttakendur um að yfirgefa hlutverk sín hægt og verða aftur þeir sjálfir.

Upphitun (B)

Að snúa aftur heim

Markmið þessarar seinni upphitunaræfingar er að virkja dýpri lög í hverjum þátttakanda.

Skref

1. Leiðbeinandi býður þátttakendum að lesa textann upphátt og endurtaka eina setningu sem þeim finnst skipta höfuðmáli í þessum hluta sögunnar, til dæmis: Rík fór ég héðan en tómhenta hefur Drottinn sent mig heim (Rutarbók 1:21).
2. Notaðar eru slæður til að skipta herberginu í tvö rými, annars vegar Betlehem og hins vegar Moab. Leiðbeinandi: *Hérna megin í herberginu skaltu rifja upp atvik í lífinu þegar allt hefur gengið þér í haginn* (leiðbeinandi getur sjálfur tekið upp líkamsstöðu sem lýsir því). *Hinu megin í herberginu rifjarðu upp tilfinningar sem tengjast því að eiga ekkert og hafa lent í erfiðri lífsreynslu.*
3. Til að koma í veg fyrir andstöðu þátttakenda við æfinguna getur leiðbeinandi sagt: *Takið ykkur góðan tíma! Gangið fram og aftur á milli herbergishlutanna tveggja. Þið getið haldið ykkur á öðrum staðnum eða prófað að ganga á milli ólíkra upplifana.*
4. Það getur líka hjálpað við að sporna gegn andstöðu við æfingunni að láta þáttakendur vita að þetta á að vera innra ferðalag sem ekki þarf að deila með öðrum þátttakendum.
5. Leiðbeinandi lýkur æfingunni eftir um það bil tíu mínútur með eftirfarandi uppástungu: *Sleppið tókum á ímyndunaraflinu og komið aftur í hópinn, á sameiginlegt svæði okkar allra. Gangið um, horfið á hina og heilsað með augnsambandi.*

Upphitun (C)**Naomí snýr aftur**

“Er þær komu þangað varð mikið uppnám í borginni” (Rutarbók 1:19). Með þessari æfingu er þátttakendum boðið að upplifa hópverkni. Þeim býst að snúa aftur úr persónulegu innra ferðalagi og taka að sér nýtt hlutverk í hópnum.

Skref

1. Leiðbeinandi: Þú getur túlkað hvern sem er í erilsamri borginni. Þetta á að vera sjálfsprottinn leikur í borg iðandi af mannlífi.
2. Þátttakendur leika hlutverk bæjarbúa í daglegum störfum í upphafi uppskerutímans. Þeir spinna leikinn í nánu samstarfi við hina þátttakendurna.
3. Leiðbeinandi spyr þátttakendur hvernig þeim hafi liðið og gefur þeim góðan tíma til að svara.

III. Textinn lesinn

Rutarbók 2:1–3, 2:8–11 – Rut og Bóas hittast í upphafi nýs lífs. Aðalmarkmið æfingarinnar er að þátttakendur upplifi hvernig það er að vera utanaðkomandi og vera ekki lengur hluti af hóp.

IV. Fræðsla um sögulegan bakgrunn Rutarbókar

Þátttakendur fræðast um gyðinglegar hefðir og helgisiði tengda uppskerunni og gyðingleg viðhorf í samanburði við þeirra eigin viðhorf.

Skref

1. Eftir fræðsluhlutann velja þátttakendur sér hlutverk. Til að hjálpa þeim að taka ákvörðun skrifar leiðbeinandi nöfn persónanna á blöð og setur þau á gólfíð.

2. Þegar þátttakendur hafa valið sér hlutverk er fimmtán mínútna hlé. Í hléinu geta þátttakendur undirbúið sig fyrir hlutverk sín.

V. Sagan leikin: Rut í erlendu landi

Kaflinn úr Rutarbók er lesinn upphátt.

Skref

1. Þátttakendur velja sér hlutverk, útbúa einfalda leikbúninga úr slæðunum og ákveða leikrýmin: Hús Naomí, hús Bóasar og akur, aðrar senur.
2. Leiðbeinandi talar við þátttakendur, spyr þá að nafni, samfélagsstöðu og líðan á þessari stundu. Allar persónur kynna sig stuttlega.
3. Leiðbeinandi gefur merki um að leikurinn skuli byrja og segir: *Það er árla morguns, fólk er að hefja störf sín á akrinum*. Viðtöl eru tekin við persónur á þeim stundum sem leiðbeinandi telur réttar og hann gefur yfirlýsingar eins og: *Klukkutíma síðar...*
4. Í lok leiksins biður leiðbeinandi alla þátttakendur um að segja frá hvernig þeir upplifðu hlutverk sín og tala sem persónan sem þeir léku (í fyrstu persónu): *Hvernig líður þér núna?*
5. Þátttakendur eru beðnir um að ganga úr hlutverki sínu og losa sig við þau sambönd sem þeir mynduðu á meðan á leiknum stóð.

VI. Lokaumræður og mat

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur að ræða sameiginlega upplifun sína í litlum hópum.
2. Hann biður þá um að ljúka umræðunum og sleppa alveg hlutverkum sínum.
3. Reynslan er rædd út frá millimenningarlegu sjónarhorni.
4. Að lokum spyr leiðbeinandi: *Hvers vegna valdirðu þetta hlutverk? Varðstu fyrir breytingum vegna hegðunar og viðbragða annarra?*
5. Leiðbeinandi endurspeglar orð hvers þátttakanda og gefur þeim víðara samhengi í hópnum.

Heimild

Biblían, Rutarbók: 1, 19–21; 2, 1–3; 8, 10–13

Biblían, Rutarbók: 2, 1–3; 8, 10–13

MISKUNNSAMI SAMVERJINN

Millimenningarfærni sem fengist er við

Viðhorf – Opinn hugur og samkennd í garð þeirra sem hugsa öðruvísi; að komast yfir tregðu í samskiptum einstaklinga og hópa af ólíkum trúarbrögðum og menningu.

Færni – Þolinmæðiþjálfun gagnvart fólki af ólíkum uppruna; þjálfun í að sýna skilning á gildum fólks af öðrum uppruna, færni í að dæma ekki, þjálfun í að gera eigin skoðanir og gildi algild.

Þekking – Menningarsértæk þekking, þátttakendur læra um sögulegt samhengi dæmisagna Bibliunnar, einkum um rætur átakanna á milli gyðinga og Samverja. Í smiðjunni er lögð áhersla á á menningarlega og trúarlega fordóma sem tengjast sögunni (einkum þó þá sem tengist umræðunni um gyðingaandúð).

Markhópur

Þessi kennsluáætlun er sérstaklega hentug fyrir menningarlega blandaða hópa.

Markmið

- Að sigrast á fordómum.
- Að ýta undir viðurkenningu á menningarmun.
- Að skilja eðli átaka á milli trúarbragða.
- Að læra að biðja um hjálp og taka á móti hjálp.
- Að skilja mikilvægi þess að hafa samkennd með öðrum.

Færni viðmið

Að lokinni smiðjunni eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- meiri skilning á átökum af trúarlegum orsökum,
- sálfræðilega reynslu af því hvernig má tjá kærleik í menningarsértæku samhengi,
- næma tilfinningu fyrir fordómum,
- aukinn skilning á persónulegum takmörkunum,
- meiri samkennd með öðrum.

Uppbygging smiðju

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun
- III. Texti lesinn og fræðsla um sögulegt samhengi
- IV. Sagan leikin
- V. Endurgjöf á hlutverkin
- VI. Lokaumræður og mat

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Samhæfingarhringurinn hjálpar þátttakendum að muna það sem fram fór í síðustu smiðju. Hann gefur þeim líka tækifæri til að deila hugleiðingum um andlegt og líkamlegt ástand sitt í því skyni að hverjum og einum finnist hann nátengdur hinum í hópnum.

Skref

Leiðbeinandi setur margar marglitar slæður í miðju herbergisins. Hann spyr þátttakendur: *Hvaða litur lýsir tilfinningum þínum í augnablikinu? Veldu slæðu í þeim lit! Taktu hana í hendurnar og búðu eitthvað til úr henni. Settu hlutinn sem þú bjóst til úr slæðunni svo á gólfíð við fætur þér svo að hinir geti séð hann.*

Spurningar sem spyrja má: *Hefur eitthvað sérstakt verið að þróast innra með þér síðan í síðustu smiðju? Hvers vegna valdirðu þessa liti og þetta form? Hvað viltu tjá með því?*

II. Upphitun

Þessi upphitunaræfing undirbýr þátttakendur fyrir valið á milli hlutverka þess sem hjálpar og þess sem hjálpar ekki. Það er líka mikilvægt að reyna andhlutverkið til að öðlast dýpri skilning á hlutverkinu.

Skref

1. Leiðbeinandi: *Gangið um herbergið á eigin hraða, heilsað hvert öðru með því að mynda augnsamband og kinka kalli. Herðið á ykkur um stund en dragið svo aftur úr hraðanum.*
2. Leiðbeinandi: *Veljið einhvern úr hópnum og takið upp hans hraða með því að ganga við hlið hans um stund, finnið síðan einhvern annan. Hver og einn finnur sér fjóra til fimm til að ganga með. Myndið tvo jafnstóra hópa. Fólkið í öðrum hópnum á við vanda að stríða og biður, jafnvel grátbiður, um hjálp. Reynið að framkalla tilfinningu fyrir alvöru vandamáli í huga ykkar og finnið stað og líkamsstöðu til að tjá líðan ykkar. Hinir taka ekki eftir neyð féлага sinna heldur ganga kæruleysislega um. Finndu góða ástæðu fyrir því hvers vegna þú þarft að flýta þér og tekur ekki eftir neyð náungans. Gefðu þér mínútu til þess.*
3. Að fimm mínútum liðnum gefur leiðbeinandi þátttakendum merki um að nema staðar og sleppa hlutverkum sínum. Síðan skipta þeir um hlutverk og halda áfram leiknum í fimm mínútur. Hættið leiknum þegar hver og einn hefur, í hlutverki sínu, náð að hafa samskipti við meirihluta hópsins.
4. Upphitun fyrir hugann. Leiðbeiningar til þátttakenda: *Rifjaðu upp atburð í lífi þínu þegar þér veittist hjálp þér að óvörum. Það gæti hvort sem er hafa gerst nýlega eða fyrir löngu síðan.*
5. Myndið þriggja manna hópa og talið saman um reynsluna af þessari æfingu.

III. Sagan lesin og sögulegur bakgrunnur kynntur

Miskunnsami Samverjinn: Lúkasarguðspjall, 10, 25–36

Skref

Leiðbeinandi kemur pappírsmiðum fyrir á gólfinu en á þeim er greint frá persónum sögunnar (sem standa fyrir trúarlega hópa í gyðingdómi) og þar er líka að finna lykilorð til útskýringar.

IV. Biblíódrama: Miskunnsami Samverjinn

Hlutverk valin

Leiðbeinandi: *Hefur einhver persónanna sérstök áhrif á þig? Hugsanlega viltu spegla þig í andhlutverki til að sjá söguna frá nýjum og óþekktum sjónarhóli. Þegar þátttakendur hafa valið sér hlutverk er tekið hlé sem þeir geta notað til að undirbúa sig í huganum fyrir hlutverk sín.*

Skref

1. Eftir hléið les leiðbeinandi textann upphátt aftur.
2. Leiðbeinandi: *Verið svo góð að setja á ykkur slæðu til að sýna að þið hafið samsamað ykkur persónum ykkar. Takið ykkur tíma og lítið í eigin barm. Ímyndið ykkur hver þið eruð á þessari stundu, hvernig fötum þið klæðist, hvert umhverfi ykkar er og hvað þið hafið í hyggju.*

3. Eftir um tveggja mínútna þögn: *Gjörið svo vel að kynna ykkur ef þið eruð tilbúin.*
4. Leiðbeinandi: *Nú megið þið gjöra svo vel að búa til senurnar. Það er 27 kílómetra langur vegur á milli Jeríkó og Jerúsalem. Þetta er mjög hættulegur vegur því ræningjar geta legið í launsátri meðfram honum. Við veginn stendur vegakrá. Kaupmaður ferðast um veginn á asna sínum.*
5. Þeir sem eru saman í hópi (leika persónur sem koma fram á sama stað í sögunni t.d. ræningjar, fólkið á kránni...) hittast og hita hver annan upp í hlutverkum sínum; segja hver öðrum deili á sér og frá fyrirætlunum sínum.
6. Eftir um það bil átta mínútur biður leiðbeinandi þátttakendur að frjóska í senum sínum. Hann segir þeim að líta í kringum sig. Síðan gengur hann til þeirra, eins af öðrum, og spyr: *Hver ert þú? Hvaðan ertu? Hvers vegna ertu hér? Hvað langar þig til að gera?*
7. Þá segir leiðbeinandi þeim að hefja leikinn. Þegar ránið hefur verið framið og Samverjinn er kominn til að hjálpa og fara með særðan manninn á krána, lætur leiðbeinandi leikinn frjóska aftur. Hann tekur viðtöl við þátttakendur: *Hvernig líður þér núna? Hvað á sér stað innra með þér? Síðan heldur leikurinn áfram um stund þar til leiðbeinandi gefur merki um að honum sé lokið.*

V. Endurgjöf á hlutverkin

Skref

1. Fyrsta endurgjöf á hlutverkin fer fram í lok leiksins, á meðan leikendur standa enn á sínum stað í senunum. Endurgjöfin er gerð með persónulegum viðtölum. Leiðbeinandi spyr: *Hvernig er líðan þín núna? Fyrir hvaða tilfinningum finnurðu?*
2. Þegar hver þátttakandi hefur svarað spurningunum segir leiðbeinandi þeim að hrista af sér hlutverkið og ganga aftur inn í eigin persónuleika.
3. Leiðbeinandi: *Myndið þriggja manna hópa og ræðið mikilvægustu uppgötvanir ykkar. Spurningar sem geta komið umræðu af stað: Hvers vegna kaustu þetta hlutverk? Hvað kom þér á óvart í leiknum? Var eitthvað sem særði þig? Hvernig tengist það þínu eigin lífi?*

VI. Lokaumræður og mat

Skref

1. Spurningar sem geta komið af stað umræðum: *Hvernig leið þér í hlutverkinu? Hvaða reynslu og þekkingu tekurðu með þér úr smiðjunni, persónulega og á sviði millimeningarlegrar umræðu?*
2. Góð aðferð til frekari umræðu er að biðja þátttakendur að skrifa niður hugsanir sínar heima og senda hópnum í tölvupósti, á facebook eða á einhvern annan hátt.

Heimild

Nýja testamentið, Lúkasarguðspjall 10, 25–36.

Pólland

AÐ SKAPA EIGIN ÖRLÖG – MÓSES OG LOGANDI RUNNINN

ÞJÓÐSÖGUR UM ÁLÖG – DULSPEKI HASIDIM-GYÐINGA

ORÐIÐ OG VEGURINN – TIL FUNDAR VIÐ RUMI

Smiðjuhópur var skipulagður í Bielsko–Biata sem þáttur af verkefninu. Smiðjurnar voru haldnar frá janúar til júní 2012 í Grodzki-leikhúsinu. Þetta voru tveggja daga fundir haldnir á laugardögum og sunnudögum – sjö skipti sem stóðu samtals í 100 tíma. Tvær manneskjur báru ábyrgð á framsetningu og framkvæmd dagskrár smiðjanna:

Krystyna Sztuka – doktor í sálfræði, sérfræðingur í klínískri sálfræði og sköpunarsálfræði, háskólakennari. Hún hefur árum saman rekið meðferðarstofu og bibliódramatískar smiðjur (bibliódrama sem stuðningur við mannlegan þroska og fullorðinsfræðslu í breiðum skilningi hugtakanna; samhæfing bibliódrama við aðferðir Ignatíusar af Loyola og geðleik Morenos). Hún er meðlimur í European Bibliodrama Network og er kaþólsk.

Ég skil bibliódrama sem viðleitni til að tjá myndir og frásagnir Bibliunnar á tungumáli listar, í því skyni að kalla fram eins mörg lög andlegrar og sálrænnar dýptar og unnt er. Bibliutextinn er meginefnið til að túlka tilfinningareynslu okkar sjálfra með skapandi tjáningu (í sviðsleik, látbragðsleik, dansi, rýmishreyfingu, sköpun með samsetningu af línunum, litum, hljómfalli og rýmisformum). Þótt ég hafi margra ára reynslu á þessu sviði var bæði auðgandi og göfgandi reynsla fyrir mig að stýra þessum tilteknu smiðjum. Ég hef alltaf talið að bibliódrama væri aðferð til að fræðast og öðlast betri skilning á sjálfum sér fyrir fólk sem ætti rætur sínar í kristni og vettvangur þar sem fólk með ólíkar trúarhefðir gæti mæst. Á meðan ég vann með þessum tiltekna hópi var bibliódrama notað til að dýpka ihugun á eigin menningarhefðum í tengslum við hefðir sem eru upprunnar innan þriggja helstu trúarbragða heims. Óneitanlega gafst þátttakendum tækifæri til að ihuga viðhorf sín til hins svonefnda „menningarlega auðsæis“, þeir gátu látið reyna á grunnforsendur sínar, rótgrónar skoðanir og breytt tilfinningamati sínu á því hvað sé „okkar“ og hvað „utanaðkomandi“.

Piotr Kostuchowski – heimspekingur, kennari, leiðbeinandi í mennt- og listfræðslu, höfundur og samræmingaraðili fræðsluverkefna í Grodzki-leikhúsinu. Kaþólskur.

Í seinni tíð hef ég einkum fengist við fræðsluverkefni, aðallega í tengslum við fullorðinsfræðslu. Ég fékk áhuga á biblíodrama eftir að hafa komist að því að með geðleik öðlumst við upplifanir sem ég hafði aldrei áður kynnst. Fyrstu beinu kynni mín af þessari aðferð urðu í smiðjum undir stjórn Peters Vargas. Annars vegar gerði ég mér grein fyrir því að Biblían er texti sem þarf að bæta upp með persónulegri reynslu og íhugun, en hins vegar sýndu smiðjurnar mér hvernig væri hægt að fullkomna bibliutextana með nýju innihaldi. Þetta varð til þess að viðhorf mitt til Biblíunnar breyttist. Ég hafði aldrei áður tekið virkan þátt í millimenningar- eða þvertrúarlegum samræðum. Sú áskorun ein að framkvæma smiðjurnar sem hluta af BASICS-verkefninu krafðist þess að ég kafaði dýpra í þessi málefni og tjáði mig fyrir framan hópinn.

Í smiðjuhópunum voru fimmtán manns af ýmsum starfsvettvangi – geðlæknir, háskólanemi með rannsóknarstyrk, kennarar, æskulýðsprestur, sálfræðingur og leiðbeinandi í hópperapíu. Hópurinn var menningarlega einsleitur – einn lýsti sér sem vantrúarmanni en hinir voru kaþólskir. Þrátt fyrir einsleitnina var mikill munur á viðhorfum og leiðum til að upplifa trú og trúrækni. Allir þátttakendur voru pólskir en komu úr ýmsum héruðum landsins og höfðu ólíkar menningarhefðir og mismunandi reynslu af samskiptum við „trúvillinga“ og fulltrúa annarra menninga. Meðan á smiðjunum stóð kom í ljós að hópnum mátti skipta í tvo flokka – „kreddufastan“ og „framsækinn“. Smám saman dró úr spennunni á milli þeirra. Einstrengisleg sýn á það sem ólíkt var milli manna og tilvísanir í þekkingu og kennivald sem menn kunnu áður var leyst af hólmi með persónulegum samböndum. Menn héldu trúarlegri verund sinni en hófu að leita leiða til að ná samkomulagi og ýta undir samræður.

Megintilgangurinn með smiðjunum kristallaðist í hugmyndinni um að finna í biblíodrama einhverjar aðferðir og leiðir til að stuðla að víðsýni og samræðu við aðra menningarheima og trúarbrögð. Grundvallarhugmyndin var sú að helgirit mismunandi trúarbragða (kristni, gyðingdóms, íslam) miðli almennri reynslu og vandamálum mannkynsins. Þá tilvistarvídd kynni að vera hægt að opinbera, upplifa og íhuga í smiðjunum. Á þeim grundvelli getum við öðlast einlægni og fundið leiðir til umræðna og samkomulags.

AÐ SKAPA EIGIN ÖRLÖG — MÓSES OG BRENNANDI RUNNINN

Millimenningarfærni sem fengist er við í smiðjunni

Viðhorf – virðing fyrir menningu annarra, opinn hugur gagnvart fólki frá öðrum menningarsvæðum; virðing fyrir menningarlegum margbreytileika.

Færni – færni í að skilja upplýsingar um aðrar þjóðir; færni í að túlka menningu og tengja saman margs konar menningu.

Þekking – menningarleg sjálfsþekking; þekking á grundvallaratriðum sem tengja saman þrenn eingyðistrúarbrögð.

Markhópur

Þessa kennsluáætlun er hægt að nota fyrir einsleita hópa (hópa með sama menningarbakgrunn og trúarbrögð) eða blandaða hópa. Mestan árangur ber hún þegar kristnir eru með í hópnum þar sem líklegt er að þeir þekki Nýja testamentið en æfingarnar hér að neðan miða að því að auka skilning á Gamla testamentinu. Í blönduðum hópum með gyðingum, kristnum og múslimum geta æfingarnar leitt til frjósamrar umræðu um spámanninn Móse frá ólíkum trúarlegum sjónarhornum.

Markmið

- Að efla vitund fólks á því hvaða áhrif eigin ákvarðanir hafa á örlög hvers og eins og afleiðingar þess að velja æðri lífsgildi en eigin frama og þægindi.
- Að efla hæfileikann til að líta hlutlaust og gagnrýnið á eigin menningu og annarra og sjá líkindi með siðklemmum fólks af ólíkum trúarbrögðum með greiningu, umræðum, skírskotun til reynslu þátttakenda og krafna guðs eða annarra yfirboðara.
- Að hvetja þátttakendur til að hugsa um kjarna hverra trúarbragða og leita grundvallaratriða sem eru þau sömu í allri trú.

Færni viðmið

Að lokinni smiðjunni eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- dýpri þekkingu og fyllri mynd af spámanninum Móse (úr gyðingdómi, kristni og íslam),
- opnara hugarfar gagnvart öðrum menningarsvæðum og trúarbrögðum með því að uppgötva sameiginleg sjónarmið trúarbragða og altæka náttúru trúarreynslunnar,
- sterkari tilfinningu fyrir altæku eðli mennskra siðklemma þegar kemur að því að skapa sér eigin örlög – siðklemma sem fara yfir landamæri menningarheima,
- dýpri skilning á tilfinningum sínum og viðhorfum til trúarbragða og menningarlegra aðstæðna, bæði kunnuglegra og framandi.

Uppbygging smiðju

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun
- III. Textinn lesinn og unninn í pörum
- IV. Biblíódrama – Móses snýr aftur
- V. Kortlagning – hvað er mikilvægast í hverjum trúarbrögðum?
- VI. Umræður og mat

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Skref

1. Leiðbeinandi heilsar þátttakendum og safnar þeim í hálfhring í kringum ímyndað svið.
2. Tveir stólar eru settir á sviðið. Annar er á hvolfi og táknað stað fyrir erfiðar upplifanir, hinn er staður fyrir góðar upplifanir.
3. Leiðbeinandi býður þátttakendum að koma á sviðið, einum í senn, setjast á stól að eigin vali og tala um mikilvægar tilfinningar, viðkomandi má fara á milli stólanna tveggja eins oft og nauðsyn krefur. Leiðbeinandi getur gert æfinguna fyrstur til að hvetja þátttakendur til að deila tilfinningum sínum.

II. Upphitun

Skref

1. Leiðbeinandi biður um einn sjálfboðaliða.
2. Leiðbeinandi útskýrir æfinguna: Hann biður hina um að koma sér fyrir í kringum sjálfboðaliðann þar sem hann hniprar sig saman á gólfinu með lokuð augu. Allir þátttakendur reyna að ná sambandi við þann á gólfinu með því að kalla nafnið hans á mismunandi hátt, fullt nafn, gælunafn, nafn með smækkunarendingu. Ýmist er hvíslað eða kallað og raddblærinn er misjafn.
3. Leiðbeinandi stöðvar leikinn þegar sjálfboðaliðinn fer að bregðast við áreiti hópsins. Hann er beðinn um að deila af reynslu sinni, hvaða hugrenningatengsl upplifði hann, hvaða köllum eða hvísli tók hann mest eftir og hvers vegna?
4. Leiðbeinandi hvetur fleiri til að leggjast í miðjuna og upplifa það sem þar gerist.
5. Leiðbeinandi býður fólki að ganga eða hlaupa um rýmið, heilsa hvert öðru og slappa af.

III. Textinn lesinn og unninn í pörum

Skref

1. Leiðbeinandi afhendir brot af texta sem verður viðfangsefni greiningar dagsins (Gamla testamentið, Önnur Mósebók 3,1–14 and 4,1–18).
2. Þátttakendur eru beðnir um að setjast niður og sökkva sér hljóðlega ofan í textann í þeim tilgangi að finna þá þrjá staði sem höfða mest til þeirra.
3. Leiðbeinandi biður hópinn að byrja að ganga um og lesa söguna um Guð sem birtist Móse

sem brennandi runni. Einn þátttakendanna hefur lesturinn og hinir byrja að lesa upphátt með honum þegar kemur að fyrsta staðnum sem þeir merktu við.

4. Leiðbeinandi stingur upp á annarri leið til að kynna sér textann og felst í því að samtölin eru lesin í þörum. Fyrst leikur annar þátttakandinn Guð og hinn Móse og svo skipta þeir um hlutverk.
5. Leiðbeinandi biður hvert par að velja hluta af samtalinu og sýna hinum á sviðinu.
6. Þátttakendur setjast saman í hring og segja frá hugleiðingum sínum og upplifunum af æfingunum sem gerðar hafa verið. Leiðbeinandi stýrir umræðunum að viðhorfum Móse, áhyggjum hans, tilfinningum og siðklemmum.

IV. Biblíódrama — Móses snýr aftur

Skref

1. Leiðbeinandi býður þátttakendum að setja upp atriðið þegar Móses sneri aftur eftir samtalið við Guð. Hvetjið þá til að finna mismunandi ritningarstaði sem lýsa viðhorfum Móse, reyna að greina sálarástand hans og deila hugsunum sínum með hinum.
2. Leiðbeinandi gefur þátttakendum góðan tíma til að velja sér hlutverk og undirbýr sviðsetningu á fyrsta atriðinu.
3. Hann gefur merki um að spuninn skuli hefjast en þátttakendum eru gefnar frjálsar hendur um hvernig hann skuli unninn.
4. Leiðbeinandi stöðvar spunann þegar kemur að því að taka þarf ákvörðun eða leysa vandamál.
5. Þátttakendum er boðið að setjast í hring og ræða atburðarásina. Leiðbeinandi spyr hvernig þeim þátttakendum leið sem túlkuðu Móse, ættmenni hans og aðrar persónur og hvaða vandamál þeir þurftu að takast á við í túlkun sinni: *Hvað fékk Móse til að sætta sig við örlög sín? Hvert leiddi sú ákvörðun hans?*

V. Kortlagning — Hvað vegur þyngst í hverjum trúarbrögðum?

Skref:

1. Leiðbeinandi setur marglitar slæður í miðju herbergisins. Útskýrir að þær eigi að vera tákni fyrir helstu þætti sem finna má í trúarbrögðum og leggur áherslu á að þátttakendur hafi söguna um Móse í huga þegar næsta æfing er gerð.
2. Leiðbeinandi velur þrjár slæður og setur þær á mismunandi staði í rýminu. Hann gefur hverri þeirra nafn sem útskýrir hvað þær tákna, hvers vegna einmitt slæða í þessum lit, með þessari áferð og munstri táknar eitthvað ákveðið í huga hans. Til dæmis getur stór slæða úr rauðu silki heitið KALLIÐ því þannig túlkar leiðbeinandi eitthvað freistandi og ógnandi sem hrópar á svar.
3. Leiðbeinandi biður hópinn að fylgja sínu fordæmi þannig að hver og einn finnur sér slæðu sem táknar eitthvað einkennandi fyrir ólík trúarbrögð. Þegar slæðurnar liggja tilbúnar á gólfinu biður leiðbeinandi hópinn um að segja frá vali sínu gjarnan með persónulegum sögum og hugleiðingum.
4. Leiðbeinandi biður þátttakendur að stilla sér upp við þá slæðu sem hverjum og einum finnst útskýra best einhvern þátt trúarbragða sem er mikilvægur fyrir hann.
5. Hópurinn gengur frá slæðunum og hefst handa við næsta verkefni.

VI. Umræður og mat

Skref

1. Leiðbeinandi skiptir þátttakendum í þrjá hópa og biður hvern þeirra að ræða eftirfarandi:
 - *Hefur sagan af Móse einhverja merkingu í huga fólks á 21. öldinni?*
 - *Frammi fyrir hvaða vali stóð Móse og er reynsla hans á einhvern hátt samannleg?*
 - *Hefur skilningur þinn á því vali sem þú stendur frammi fyrir dýpkað viðhorf þin til þess?*
2. Leiðbeinandi safnar þátttakendum í hring og biður hópana að greina frá niðurstöðum sínum. Gefið hópunum rúman tíma til að ræða það sem niðurstöður þeirra leiða í ljós.
3. Biðjið þátttakendur að draga saman reynslu alls hópsins í örfáar setningar.

Heimild

Bíblían, Önnur Mósebók 3,1–14 and 4,1–18

ÞJÓÐSAGAN UM BETRUMBÓTINA: DULSPEKI GYÐINGSINS HASIDIK

Millimenningarleg færni sem unnið er með í smiðjunni

Viðhorf

Virðing fyrir menningu annarra; vilji til að læra um menningu annarra; vilji til að yfirvinna dómhörku í garð annarrar menningar; virðing fyrir menningarlegum margbreytileika.

Færni

Færni í að túlka menningu og tengja saman mismunandi menningarheima; færni í að meta af gagnrýni menningarleg sjónarhorn, hugrænn sveigjanleiki.

Þekking

Menningarleg sjálfsþekking, sértæk þekking á gyðinglegri menningu, sérstaklega á gildum og hasidískum hefðum.

Markhópur

Þessa kennsluáætlun má nota bæði í einsleitum og blönduðum hópum. Besti árangurinn fæst þó þegar hún er notuð í hópi kristinna, sem hefur litla þekkingu á hasidisma. Þessari áætlun er líka ætlað að skapa umræðu um viðkvæm málefni eins og gyðingaandúð. Kynning á hasidískri dulspeki opnar dyr að skilningi á menningu gyðinga.

Markmið

- Að kynna þátttakendum mikilvægan þátt í gyðinglegri hefð og menningu (hasidisma) og leyfa þeim að spegla sig í persónum og atburðum sem sagt er frá í bókmenntum sem tjá andrúmsloft þeirrar menningar.

- Að opna huga þátttakenda varðandi sjálfsmynd annars fólks og annarra menningarheima og hvetja þá til að temja sér opin viðhorf í lífinu.
- Að ýta undir að þátttakendur kynni sér gyðingdóm og ræði um fordóma og staðalímyndir um gyðinga sem eru undirstaða gyðingaandúðar.

Færnivíðmið

Að lokinni þessari smiðju eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- dýpri þekkingu á hasidisma og fyllri mynd af ólíkum stefnum í gyðingdómi,
- aukinn skilning á trúarhefðum gyðinga með því að kynnst hinum ímyndaða Tzadik – gyðinglegum meistara,
- opnari viðhorf gagnvart „hinum“ sem byggja á þeirri þekkingu að margvísleg gildi eru sameiginleg mörgum menningarheimum og trúarbrögðum,
- meiri hæfni til að íhuga vandasöm málefni og ræða þau við aðra.

Uppbygging smiðju

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun
- III. Myndsköpun
- IV. Fræðsla um hasidisma
- V. Biblíódrama: Texti lesinn og unninn í pörum
- VI. Biblíódrama: Stóll Tzadiks
- VII. Umræður, mat og sköpun

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Skref

1. Leiðbeinandi safnar þátttakendum í hring og lætur litríkar slæður í hrúgu í miðju hringsins.
2. Leiðbeinandi biður þátttakendur að velja sér nokkrar slæður, fara aftur á sinn stað í hringnum og tala einn og einn í einu um þær tilfinningar sem tengjast slæðunum sem valdar voru með tilliti til stærðar þeirra, munsturs og viðkomu. Leiðbeinandi getur afmarkað umræðuna með því að stinga upp á að hver og einn velji ekki fleiri en þrjár slæður

II. Upphitun

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur um að dansa og reyna að tjá það andrúmsloft sem tónlistin skapar. Áður en dansinn hefst er leiðbeinandi búinn að finna hasidíska danstónlist.
2. Þegar hópurninn hefur dansað um stund biður leiðbeinandi fólk um að mynda hring. Hann lætur hringinn dragast saman og víkka út, jafnvel fara í allar áttir. Leiðbeinandi biður síðan þátttakendur að mynda aftur vel formaðan hring og fara einn og einn eða í pörum inn í hópinn og dansa. Hann hvetur hópinn til að dansa af gleði og innlifun.
3. Leiðbeinandi stöðvar æfinguna þegar mesta dansgleðin er runnin af fólki. Það fær tækifæri til að róa sig niður og takast á við næsta hluta smiðjunnar.

III. Myndsköpun

Skref

1. Leiðbeinandi býður þátttakendum að taka þátt í myndlistarverkefni. Hver og einn fær stórt blað (stærð A0: 841x1184cm eða B1 707x1000cm) og mikið úrval af litum, penslum, tússpennum, svömpum og öðrum tiltækum tólum til myndsköpunar. Áður en blöðunum er útteilt er leiðbeinandi búinn að skrifa eitt eftirtalinna orða á hvert blað: gyðingur, gyðingdómur og Ísrael.
2. Leiðbeinandi hvetur þátttakendur til að hugsa um ofangreind orð með því að búa til, á þrjátíu mínútum, teikningu, málverk eða veggspjald sem tjáir tilfinningar höfundarins til viðfangsefnisins, reynslu hans eða þekkingu.
3. Leiðbeinandi hefur útbúið rými þar sem halda má sýningu og hann býður þátttakendum að sýna verk sín. Nokkur tími er tekinn til að skoða sýninguna.
4. Leiðbeinandi biður þátttakendur um að kynna verk sín og hvetur þá til að útskýra helstu myndræna þætti svo sem liti, form og táknræna skírskotun. Hópurinn ræðir þau málefni sem fjallað er um í myndunum, segir sögur og lýsir reynslu sinni.
5. Leiðbeinandi setur myndirnar til hliðar um stund.

IV. Fræðsla um hasidisma

Leiðbeinandi segir frá hasidisma sem er andsvar við hinum „lærða“ gyðingdómi sem byggður er á lögum. Hasidismi býður lítt menntuðu fólki aðra leið til að iðka gyðingdóm undir andlegri handleiðslu Tzadiks, sem veitir fólki lífsinnblástur. Mikilvægt er að undirstrika að hasidismi tengist ekki píslarvætti heldur bægir frá tilfinningasemi og sýndarmennsku. Hann ýtir undir gleði sem lyftir andanum til hins guðdómlega. „Sögur af Nachman rabbiá“ eftir Martin Buber má nota til að fræða hópinn um hasidisma.

Skref

1. Leiðbeinandi spyr hvort þátttakendur þekki tónlistina sem þeir dönsuðu við: *Hvaða menningarheimi tilheyrir tónlistin?* Nefni þeir ekki hasidisma skrifið þá orðið á töfluna.
2. Hann spyr hvaða merkingu þeir leggi í orðið og skrifar svör þeirra á töfluna.
3. Síðan fræðir hann þá um grundvallaratriði hasidisma og skrifar mikilvæg orð á töfluna þar að lútandi.
4. Leiðbeinandi vekur athygli þátttakenda á muninum á þurrum upplýsingum og lífinu sjálfu. Hann les upphátt kafla úr texta úr bókinni *Niu skref í átt að hasidiskri dulspeki (Nine steps to the Hasidic Mysteries)* eftir Jiri Langer: *Rabbi nokkur var eitt sinn beðinn að segja sögu. „Sögu“ – sagði rabbiinn – „á að segja á þann hátt að hún verði fólki til hjálpar í lífinu“. Og hann sagði eftirfarandi sögu: „Afi minn var lamaður. Einu sinni var hann beðinn um að segja frá læriföður sínum. Hann lýsti því hve guðrækilega Baalshem var vanur að hoppa og dansa þegar hann bað bænar sínar. Á meðan rabbiinn var að segja frá meistara sínum stóð hann sjálfur upp og sagan hafði slík áhrif á hann að hann byrjaði að hoppa og dansa eins og meistarinn hafði gert. Upp frá þessu var hann ekki lengur lamaður. Svona á að segja sögu.“*
5. Leiðbeinandi hvetur þátttakendur til að deila sögum og lífsreynslu þannig að þær geti raunverulega stuðlað að trúarreynslu.

V. Texti lesinn og unninn í þörum

Skref

1. Leiðbeinandi dreifir textum úr bókinni *Sögum Hasidíms (Tales of the Hasidim)* eftir Martin Buber. Þeir eru lesnir í hljóði og góður tími gefinn til þess. Textarnir eru stuttir, flestir aðeins nokkrar setningar svo að leiðbeinandi getur valið tíu stuttar sögur.
2. Leiðbeinandi biður hvern þátttakanda að velja tvær sögur sem höfða sérstaklega til hans. Hópurinn greinir frá hvaða sögur hafa verið valdar. Þeir sem valið hafa að minnsta kosti eina sameiginlega sögu vinna saman sem par.
3. Leiðbeinandi segir hverju pari að komast að samkomulagi um hvaða sögu það vill túlka. Form framsetningarinnar er frjálst, til dæmis látbragðsleikur, lifandi skúlptúr, dans eða leikrit með samtali.
4. Þörin sýna verk sín, eitt og eitt í einu, og leiðbeinandi hefur frumkvæði að greiningu og umræðum eftir hverja sýningu. Nauðsynlegt er að stjórna þeirri umræðu vel því textarnir eru magnaðir og innihalda myndlíkingar sem gefa mikla möguleika til túlkunar. Áhorfendur fá að giska á eftir hverja sýningu hvaða saga var túlkuð og leiðbeinandi hvetur þá til að velta túlkuninni fyrir sér. Skildu þeir boðskap listamannanna?
5. Að lokum spyr leiðbeinandi: *Var eitthvað áberandi sameiginlegt í túlkun allra hópanna?*

VI. Stóll Tzadiks

Þessi æfing snýst um að finna ákaflega mikilvæga spurningu til að spyrja sjálfan sig og síðan svara þessari spurningu með aðferðinni hlutverkaskipti (role reversal). Venjulega spyrjum við fólk í valdastöðu spurninga. Í þessu tilviki þurfum við að svara sjálf fyrir hönd valdhafans. Við þurfum að líta inn í okkur sjálf og sjálft viðfangsefnið frá sjónarhorni þess sem hefur völd. Yfirvöld eru oft fólk sem við getum ekki hitt en með þessari æfingu getum við átt við þau einhvers konar samræður.

Skref

1. Leiðbeinandi minnir hópinn á hlutverk andlegra leiðtoga í hasidískum samfélögum – Tzadiks. Talið um pílagríma við þátttakendur, þær kröfur og spurningar sem þeim var ætlað að leita ráðgjafar og svara við, um tilgang lífsins eða sértæk viðfangsefni.
2. Leiðbeinandi setur stól í miðju rýmisins og undirstrikar mikilvægi hans með merki (til dæmis litríki slæðu). Þetta er stóllinn hans Tzadiks. Annar stóll er settur andspænis þessum. Þátttakendur eru beðnir um að ganga um herbergið á meðan þeir upphugsá spurningar fyrir Tzadik.
3. Settir eru fram stólar fyrir alla þátttakendur. Þegar þeir hafa undirbúið spurningar sínar fá þeir pappír og penna til að skrifa þær niður.
4. Leiðbeinandi fær tvo sjálfboðaliða, annan til að vera Tzadik og hinn til að vera þann fyrsta sem biður um ráð. Hann biður þá um að leika senuna þegar þeir heilsast og þegar Tzadik er spurður spurningarinnar. Þarna verða hlutverkaskipti. Leikararnir skipta um stóla og spyrjandinn, sem nú situr í stól Tzadiks, svarar sjálfur spurningu sinni. Að því loknu skipta þeir aftur um stóla og leika lokasenuna þegar þeir kveðjast.
5. Leiðbeinandi biður aðra í hópnunum að endurtaka leikinn samkvæmt sömu reglum og kynntar hafa verið.

6. Þátttakendum er safnað í hring í kringum stól Tzadiks. Leiðbeinandi spyr hvernig þeim hafi liðið á meðan heimsókn þeirra til Tzadiks stóð og hvers þeir hafi orðið vísari í gegnum þessa reynslu.

VII. Umræður, mat og sköpun

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur að finna aftur myndirnar sínar. Hver og einn bætir við verk sitt nýjum myndum, orðum og táknum.
2. Þátttakendur eru beðnir um að setja upp nýja sýningu og nota nú til þess allt rýmið en ekki afmarkað sýningarrými.
3. Hópurinn fær tækifæri til að skoða aftur sýninguna og hver þátttakandi til að gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á verki hans og hvað það var í vinnuferli smiðjunnar sem olli því að hann gerði breytingar.
4. Leiðbeinandi biður þátttakendur um að svara eftirtöldum spurningum skriflega: *Hverju breytti þessi smiðja í upplifun þinni á heiminum? Gerðist eitthvað mikilvægt? Hefurðu orðið einhvers vísari um hasidisma?*
5. Leiðbeinandi safnar öllum þátttakendum í hring og býður upp í síðasta dansinn við hasídíska tónlist. Það getur verið sama tónlistarbrot og áður eða nýtt.

Heimildir

Martin Buber: *Tales of the Hasidim*

Martin Buber: *The Tales of Rabbi Nachman*

Jiří Langer: *Nine gates to the Hasidic Mysteries*

ORÐIÐ OG VEGURINN – FUNDUR MEÐ RUMI (ÚR MAULANA)

Millimenningarleg færni sem unnið er með í smiðjunni

Viðhorf – Virðing fyrir menningu annarra; forvitni um ólíka menningu; virðing fyrir menningarlegum fjölbreytileika.

Færni – Færni til að túlka menningu og tengja saman ólíka menningarheima; samkennd; hugrænn sveigjanleiki.

Þekking – Sértek þekking á menningu, einkum þekking á hefðum og gildum súfismans.

Markhópur

Þessa kennsluáætlun má nota bæði fyrir menningarlega einsleita og blandaða hópa. Mestum árangri skilar hún í hópum með þátttakendum sem aðeins hafa yfirborðsþekkingu á íslamskri sögu og menningu til dæmis í gegnum fjölmiðla.

Markmið

- Að upplifa hvernig það er að lifa í íslamskri menningu með því að spegla sig í broti af ljóðinu Masnavi eftir Rumi.
- Að leggja áherslu á algildi skáldskaparins í menningarlegri tjáningu.
- Að tileinka sér hlutlaust og gagnrýnið viðhorf til eigin menningar og íslamskrar menningar; að draga fram siðklemmur með greiningu, umræðum og skírskotun til þekkingar þátttakenda á evrópskri og persneskri ljóðlist.
- Að ýta undir forvitni og áhuga á menningarlegum og trúarlegum hefðum annarra.

Færni viðmið

Að lokinni smiðjunni eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- þekkingu á súfisma, mikilvægum þætti íslamskrar hefðar, eins og hann birtist hjá Rumi og innsýn í hluta af ljóðinu Masnavi,
- dýpri skilning á dulrænum hliðum íslams og reynslu af tilfinningum sem vöknudu við að skoða þessar hliðar,
- jákvæðari sýn á fylgjendur íslams við kynni af menningarlegri og trúarlegri sjálfsmynd þeirra,
- dýpri skilning á tilfinningum múslima fyrir og viðhorfum til skáldskapar og trúar í þeirra eigin menningu og annarra.

Uppbygging smiðju

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun
- III. Kortlagning – bundið og óbundið mál
- IV. Fræðsla um Rumi
- V. Lestur texta
- VI. Umræður og mat

Lýsing á vinnuferli**I. Samhæfingarhringur***Skref*

1. Leiðbeinandi heilsar þátttakendum og býður þeim að setjast í hring.
2. Leiðbeinandi spyr: *Hvernig hafið þið það? Hvernig list ykkur á smiðjuna í dag?* Hann gengur hringinn, réttisælis eða rangsælis. Önnur hugmynd er að leiðbeinandi ákveði hver svarar fyrstur og sá sem gerir það ákveður hver svarar næstur og þannig koll af kalli þar til öllum hefur gefist kostur á að tjá sig.

II. Upphitun*Skref*

1. Þátttakendur standa úti á gólfi. Leiðbeinandi biður þá að nálgast hver annan og heilsast, þó ekki á hefðbundinn hátt heldur til dæmis með því að nudda olnboga hvers annars, skjóta saman mjöðmunum, leggja hönd á öxl hins og svo framvegis.

2. Á meðan er spiluð tónlist í bakgrunni. Leiðbeinandi bendir þátttakendum á að sækja sér innblástur í hana. Tónlistin tengist Rumi, þ.e. hún er írönsk eða leikin á írönsk hljóðfæri eins og daf, ney, tanbur, setar, tar, rebab, tonbak.
3. Þátttakendurnir eru beðnir um að standa í hring með armlengd á milli sín.
4. Þeir fá eftirfarandi fyriræli: *Reynið að hringsnúast rangsælis í takt við músikina. Réttið upp hægrri hönd og reynið að hringsnúast á vinstri fæti* (Leiðbeinandi sýnir hreyfinguna). Þessi æfing er tilvísun í Sama – súfíska hugleiðsluaðferð sem byggir á líkamlegri hreyfingu. Tónlistin er spiluð í bakgrunni.

III. Kortlagning – bundið og óbundið mál

Skref

1. Leiðbeinandi lætur æfingarnar renna saman með því að setja tvær hvítar slæður á gólfíð til að afmarka næstu æfingu.
2. Hann útskýrir að önnur slæðan tákna óbundið mál og hin ljóðlist. Þátttakendur ganga á milli slæðanna og reyna að endurskapa í huga sér minningar um ljóð og prósatexta.
3. Æfingin heldur áfram á þann hátt að leiðbeinandi biður fólk um að finna hluti í herberginu og setja þá í samhengi sem best lýstir tilfinningum þeirra og viðhorfum til þessara tveggja bókmenntagreina.
4. Að því loknu spyr leiðbeinandi hvers vegna þeir völdu þessa hluti og settu í þetta umhverfi. Þátttakendum er leyft að tala án truflunar.

IV. Kynning á skáldinu Rumi

Leiðbeinandinn segir frá Rumi og þýðingu skáldsins og þess dulræna í súfismanum. Það er mjög mikilvægt að undirstrika að grundvallarhugsanir Rumis voru tjáðar í ljóðum.

Skref

1. Leiðbeinandi fræðir þátttakendur um þá óvenjulegu manneskju, Rumi.
2. Hann byrjar ekki á hefðbundinn hátt á æviágripi heldur vitnar í hugmyndir hans (sjá Discourses of Rumi í þýðingu A.J. Arberry).
3. Leiðbeinandi virkjar þátttakendur í umræður og svarar spurningum þeirra um verk Rumis, stíl hans og líf. Það er mikilvægt að leggja á það áherslu að þessi ljóð voru skrifuð í Persíu á 9. öld og að Rumi var múslimi; hann bjó í landi þar sem fólk af margvíslegum uppruna, menningu og trú safnaðist saman. Leiðbeinandi spyr þátttakendur: *Hverjir haldið þið að hafi komið í jarðarför Rumis? Svar: Þangað komu múslimar, grísk-kaþólskir, Armenar, Persar og gyðingar.*

V. Lestur texta

Skref

1. Leiðbeinandi útdeilir útprentun af textanum sem er hluti Masnavi, bók II, vers 1720–1791: Móse og sauðirnir. Þátttakendur lesa textann í hljóði.
2. Leiðbeinandi spyr þátttakendurna um persónurnar í ljóðinu og einkenni þeirra. Beinir athygli þeirra að tveimur, Móses og fjárhirðinum, með því að leggja fyrir þá spurningar um hvað sé líkt

- og ólíkt með þeim í sambandi við viðhorf þeirra almennt og til Guðs.
3. Þátttakendur eru beðnir um að undirbúa atriði sem allir geta verið með í út frá fyrrnefndu ljóði. Verkefnið er að leika senuna sem lýst er í ljóðinu. Ekki skal nota orð Rumis beint heldur umorða án þess að upphafleg merking tapist. Hægt er að nota alla hluti í herberginu sem leikmuni og allir eiga að fá hlutverk. Gefið þátttakendum aðeins nokkrar mínútur til að undirbúa sig svo að þeir leiðist ekki út í oftúlkun.
 4. Að leik loknum eru þátttakendur beðnir um að „afklæðast” hlutverkum sínum og setjast í hring.

VI. Umræður og mat

Skref

Leiðbeinandi spyr þátttakendur: *Hvernig leið ykkur í hlutverkum ykkar? Hvað upplifðuð þið? Funduð þið líkindi með vegi Rumis og kristindómi? Hvaða hlutverki gegna ást og frelsi í súfisma? Að hverju komstu um sjálfa(n) þig? Ljúkið við þessar tvær setningar: Íslam er ... Þegar ég stend andspænis ókunnri menningu reyni ég að ...*

Heimildir

Jalal ad-Dīn Muhammad Rumi, *Masnavi*, Bók II: *Móses og fjárhirðarnir*, vers 1720–1791.

Netslóðir:

<http://www.dar-al-masnavi.org/n.a-II-1720.html>

<http://www.dar-al-masnavi.org/n.a-II-1750.html>

<http://www.dar-al-masnavi.org/n.a-II-1765.html>

<http://www.dar-al-masnavi.org/n.a-II-1772.html>

DÆMISAGAN UM MISKUNNSAMA SAMVERJANN

BIBLIÓDRAMA MEÐ AÐFERÐUM SKAPANDI SKRIFA

BIBLIÓDRAMAÆFING MEÐ BLÖNDUÐUM MIÐLUM

Smiðjurnar voru haldnar á ýmsum stöðum til að mæta þörfum þátttakenda. Starfið hófst í janúar 2012, með stofnun þróunarhópa, og stóð þar til í nóvember 2012, alls í hundrað klukkustundir. Lengd smiðjanna var mismunandi eftir hópum og samhengi. Það kom í ljós að ógjörlegt var að halda hundrað stunda smiðju með sömu þátttakendum, vegna erfiðleika við að fá þátttakendur til að taka þátt í svo löngu starfi. Tveir aðalstjórnendur þróðu og stýrðu dagskránum.

Björg Árnadóttir – Fullorðinsfræðari í þrjátíu ár. Myndlistarkennari sem síðar lærði fjölmiðlun og menntunarfræði, en MA–verkefni hennar fjallaði um myndlistarkennslu, námskrá og fullorðinsfræðslu. Hún hefur lengst af verið sjálfstætt starfandi kennari og hefur einkum kennt skapandi greinar og sjálfsstyrkingu þar sem iðulega hefur verið tekið á millimenningarmálefnum. Hún var um tíu ára skeið framkvæmdastjóri fræðslumiðstöðva sem sinntu meðal annars nýbúafræðslu. Lútersk.

Bibliódrama er góð viðbót við kennsluverkfærin mín. Ég beiti bibliódrama í tvennum tilgangi, nota annars vegar aðferðir og umfjöllunarefni bibliódrama sem viðbót við aðferðir mínar í annarri kennslu og hins vegar er ég bibliódramaþjálfari í þvertrúar– og fjölmenningslegu samhengi.

Þegar ég hóf sjálf að kenna bibliódrama eftir að hafa farið á kynningarnámskeið var ég á báðum áttum um þessa aðferð, sem stóð í senn hjarta mínu nærri og var mér framandi. Ég átti erfitt með að flytja það sem ég hafði lært í alþjóðlegu samhengi yfir í íslenskar aðstæður, þar sem trúarleg orðræða er litin hornauga.

Einar óheppilegar afleiðingar af fjármálakreppunni á Íslandi eru að millimenningarsamræða hefur legið í láginni en það er mikil þörf á að endurreisa hana til að draga úr vaxandi fordómum gagnvart öllu erlendu. Á Íslandi höfum við það forskot að geta lært af mistökum annarra þjóða í innflytjendamálum því fjölþjóðasamfélagið er nýfarið að myndast hérlendis. Bibliódrama hefur þann kost að geta tekið á siðferðilegum og tilvistarlegum

viðhorfum á auðveldan og skemmtilegan hátt. Biblíodramasamræður eru iðulega í senn djúpar og gamansamar, persónulegar og hnattrænar.

Halldór Reynisson – Mótmaelandi/lúterskur. Prestur og kennari í hinni evangelísku lútersku þjóðkirkju Íslands. Síðustu þrjú árin hefur hann tekið þátt í eftirfarandi: Fræðslustarfi á borð við námskeið, smiðjur, ráðstefnur fyrir starfsmenn kirkjunnar, einkum í æskulýðsstarfi og fullorðinsfræðslu (mannlegur þroski, sjálfsstyrking, kyrrðarstundir); skipulagningu og framkvæmd sorgarúrvinnslu, haldið fyrirlestra um sorg og missi, stjórnað styrktarhópum vegna ástvinamissis; gegnt hlutastarfi sem sóknarprestur.

Hugtakið biblíodrama höfðaði til mín á tvennan hátt þegar mér var kynnt það:

Í fyrsta lagi taldi ég það vera góða aðferð fyrir fólk af ólíkum uppruna, trúað eða trúlaust, að skiptast á innsæi í forna texta og sögur júdeó-kristinnar arfleifðar okkar (en hugsanlega einnig úr okkar fornnorræna uppruna) og uppgötva eða finna á ný augljósa og leynda merkingu þessara sagna, með trúarlegri nálgun eða án hennar. Samnefnarinn er sá, að margar sögurnar eru lykilþáttur í að skilja stóran hluta vestrænnar menningarsögu. Stundum líta trúaðir á þessar sögur/ritningargreinar sem svo heilagt fyrirbæri að ekki megi spyrja út í þær eða velta fyrir sér merkingunni (stundum hinum mörgu lögum merkingar sem sagan hefur hlaðið á þær). Þessir fornu textar eru í senn bókmenntir og – andbókmenntir í þeirri merkingu að þær hafa að geyma tilvistarlega eða trúarlega merkingu – skilaboð. Sem slíkar geta þær oft kennt okkur margt um sögu og menningu, auk þess að hjálpa okkur að velta fyrir okkur tilverunni, hver svo sem trúarsannfæring okkar kann að vera.

Í öðru lagi þótti mér sú aðferð að halda uppi samræðum milli fólks með ólíka trúarsannfæringu með því að lesa og setja í sameiningu á svið helga texta frá trúarbrögðum allra heillandi leið til að koma fólki saman. Markmiðið hefur verið aukinn skilningur á því sem greinir okkur að með þessum helgu textum – en einnig að leita að sameiginlegri mannlegri visku og enn fremur því sem textarnir sögðu okkur um sameiginlegan mannlegan vanda okkar.

Dagskráin fór fram í sex mismunandi hópum með þátttakendum frá Reykjavíkurakademíunni (sjálfstæðir fræðimenn), hinni evangelísku lútersku kirkju, fullorðinsfræðslukennurum, nýbúum, flóttamönnum, hópum einstæðra mæðra, æskulýðshópum, fólk í vímuefnaeðferð og opinberum talsmönnum minni trúfélaga og vantrúarsamtaka. Í hópunum voru frá 6–7 þátttakendum upp í 12–14 manns.

DÆMISAGAN UM MISKUNNSAMA SAMVERJANN

Millimenningarleg færni sem fengist er við í smiðjunni

Viðhorf – virðing og einlægni í garð annarra og menningar annarra; vilji til að sleppa hleypidómum og meta fjölmennningarlegan margbreytileika að verðleikum.

Færni – færni í að tengja saman mismunandi menningu og lífsskoðanir með því að skoða Gullnu regluna í ólíkum trúarbrögðum; færni í að sýna fólki af mismunandi landfræðilegum uppruna, trúarbrögðum og þjóðfélagsstöðu skilning; færni í að meta eigin menningu og annarra með opnum en þó gagnrýnum huga.

Þekking – sértæk menningarþekking um samfélagið á dögum Jesú Krists þar sem nú er Palestína og Ísrael; almenning þekking á innihaldi Gullnu reglunnar; almenn menningarþekking á hugtökunum samkennd og mannægsku í ólíkum samfélögum.

Markhópur

Þessa kennsluáætlun má nota bæði með menningarlega einsleitum og blönduðum hópum. Hún er mjög vel fallin til að vinna með hópum af ólíkum uppruna, trú og samfélagsstöðu.

Markmið

- Aukin samkennd, virðing og umburðarlyndi á milli fólks af ólíkum uppruna og með ólíkan hugsunarhátt,
- aukin þekking á því sem er líkt og ólíkt í ólíkum trúarbrögðum,
- aukinn skilningur á að okkur beri að dæma ekki fólk og koma fram við það á mismunandi hátt eftir uppruna og samfélagsstöðu.

Færni viðmið

Að smiðju lokinni eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- ítarlegri þekkingu á dæmisögunni um miskunnsama Samverjann sem er ein af lykilsögum kristinnar trúar,
- dýpri skilning á mannkærleika og líknarstarfi, samkennd og bræðralagi,
- aukna þekkingu á gildum sem eru svipuð í ólíkum trúarbrögðum.

Uppbygging smiðju

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun
- III. Biblíódrama: Miskunnsami Samverjinn
- IV. Sögulegur bakgrunnur
- V. Umræður og mat

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Smiðjan hefst á því að sest er í hring til að samhæfa hópinn og skiptast á hugsunum og tilfinningum sem leitað hafa á þátttakendur frá því í síðasta tíma.

Skref

1. Leiðbeinandi (leiðbeinendur) raðar stólum í hring og býður þátttakendum að setjast í hringinn til að þeir eigi auðvelt með að sjá alla og heyra og mynda samband sín á milli.
2. Hann spyr þátttakendur að því hvernig þeir hafi það í dag: *Hvaða væntingar hafði þið gagnvart smiðjunni í dag?* Spurningin getur hljóðað öðruvísi en tilgangurinn er að opna hug þátttakenda og leyfa þeim að deila hugsunum sínum með hinum.
3. Í þessum samhæfingarhring fá þátttakendur að velja á milli marglitra slæða til að lýsa liðan, tilfinningu og hugsunum sem síðasta smiðja vakti hjá þeim. Leiðbeinandi leggur slæðurnar (sem eru nokkuð fleiri en þátttakendur svo að þeir hafi val) í miðju hringins. Sumum finnst auðveldara að tjá tilfinningar sínar og hugsanir með hjálp áþreifanlegra hluta eins og í þessu tilviki marglitra, misþykkra og munstraðra slæða en aðrir eiga erfitt með að finna tengsl á milli hlutanna og hugsana sinna. Flestir læra þó þegar á liður að nota margs konar hluti til innblásturs þegar tjá á tilfinningar. Þátttakendur hafa slæðu/slæður á milli handanna þegar þeir greina frá hugsunum sínum og tilfinningum síðan í síðustu smiðju. Þeir geta notað slæðurnar á hvern þann hátt sem þeim dettur í hug í tjáningu sinni jafnvel sem óyrta lýsingu á liðan sinni.

II. Upphitun

Í upphitunaræfingunni sem lýst er hér er hitað upp með umræðuefni úr sögunni Miskunnsami Samverjinn; manngæsku og náungakærleika.

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur um að mynda tveggja til fjögurra manna hópa eftir stærð hópsins.
2. Leiðbeinandi útdeilir miðum jafnmörgum hópunum með einni tilvitnun á hverjum. Á miðunum er Gullna reglan úr ólíkum trúarbrögðum og eru þær birtar hér að neðan. Hóparnir eru ómeðvitaðir um að allir hafi fengið Gullnu regluna en í mismunandi útgáfum.
3. Biðjið hópana að ræða þá tilvitnun sem þeir fengu og tjá síðan sameiginlega túlkun hópsins á merkingu hennar í mennskum skúlptúr sem gerður er úr þátttakendum sjálfum (nota má slæðurnar sem hjálpartæki).
4. Þegar allir hafa lokið við að búa til skúlptúrin biður leiðbeinandi þátttakendur að leggja á minnið hvernig skúlptúrin er og losa sig úr honum. Síðan eru skúlptúrnir settir upp aftur, einn og einn í senn. Þátttakendur skoða hvern skúlptúr fyrir sig og leiðbeinandi segir þeim að þeir megi með fimm spurningum til skúlptúrsins komast nær kjarna verksins. Einn og einn þátttakandi stígur fram þegar hann hefur spurningu, leggur hönd á öxl einnar manneskjunnar í skúlptúrnum og spyr spurningar, t.d.: *Hvers vegna ert þú reiður? Hvað gerðist á milli þín og mannsins sem þú réttir höndina? Hvernig líður þér að standa á milli þessara tveggja?* Með því að orða svörin og hlusta á svörin fá bæði fólkið í skúlptúrnum og aðrir þátttakendur gleggri mynd af merkingu hans. (Tillaga: Hægt er að láta áhorfendur í sameiningu stinga upp á nöfnum á verkið þegar búið er að ræða um það).
5. Þegar allir skúlptúrar hafa verið skoðaðir og skapendur þeirra hafa svarað spurningum biður leiðbeinandi hvern og einn að lesa þá tilvitnun sem þeir fengu og í hvaða trúarbrögð hún er sótt.
6. Leiðbeinandi býður þátttakendum að sitja í hring, ræða um Gullnu regluna og velta fyrir sér hvers vegna hún sé miðlæg í mörgum trúarbrögðum en einnig hvaða þýðingu Gullna reglan hefur haft í mótun gilda og sjálfsmýndar þeirra sjálfra. Umræður um Gullnu regluna skipta sköpum í undirbúningi þátttakenda fyrir framsetninguna á dæmisögunni um miskunnsama Samverjann.

Gullna reglan – tilvitnanir:

Legðu ekki á nokkra sál þann þunga sem þú vildir ekki að á þig væri lagður og óskaðu ekki neinum þess sem þú óskar ekki sjálfum þér.

Baha'u'llah, Gleanings

Komið ekki fram við aðra á þann hátt sem þér sjálfum fyndist sársaukafullt.

Búdda, Udana–Varga 5:18

Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður skuluð þér og þeim gjöra.

Kristni. Biblían, Matteus 7:12

Enginn ykkar getur trúmaður kallast fyrr en hann elskar bróður sinn eins og hann elskar sjálfan sig.

Íslam. Forty Hadith of an–Nawawi 13

Reyndu þitt ítrasta að koma fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig og þú munt finna að það er stysta leiðin til velgjörðar.

Konfúsíus. Mencius VII.A.4

Enginn skyldi koma fram við aðra á þann hátt sem honum mislíkar sjálfum að sé komið fram við sig. Það er kjarni siðgæðisins. Allt annað stafar af eigingjörnum þráum.

Hindúismi. Mahabharata, Anusasana Parva 113.8

Sá sem ætlar að taka oddhvasst prik til að stinga í fuglsunga ætti fyrst að prófa það á sjálfum sér.

Málsháttur frá Yoruba, Nígeríu

Það sem þér finnst andstyggilegt skaltu ekki gera við náunga þinn. Það er inntak Torah, allt annað eru skýringar; farðu og lærðu.

Gyðingdómur. Talmud, Shabbat 31a

III. Biblíódrama: Dæmisagan um miskunnsama Samverjann

Textinn sem unnið er með í þessari smíðju er ein af lykilsögum Nýja testamentisins. Hugtakið „miskunnsami Samverjinn“ er þekkt líking í mörgum tungumálum og stendur fyrir þann sem hjálpar ókunnugum. Mörg hjálparsamtök og stofnanir eru einnig nefndar eftir miskunnsama Samverjanum sem sagt er frá í Lúkasarguðspjalli.

Sagan gerist á leiðinni frá Jerúsalem til Jeríkó. Vegurinn er afar hættulegur ferðamönnum vegna þess að ræningjar eiga auðvelt með að finna þar góða felustaði. Maður nokkur ferðast einn eftir veginum. Hann fellur í hendur ræningja sem skilja hann eftir nakinn, barinn og deyjandi. Prestur gengur hjá. Hann velur að virða manninn ekki viðlits og það gerir einnig Levíti sem á leið hjá. Þessir tveir menn eru fulltrúar skipulagðra trúarbragða. Þá kemur þar að Samverji sem ferðast einn. Öfugt við prestinn og Levítann tilheyrir hann fyrirlitnum hópi (svipað og innflytjendur samtímans?). Samverjinn fyllist samkennd með mannum. Hann lyftir mannum upp á asna sinn og leiðir hann að vegarkrá einni. Þegar Samverjinn kveður skilur hann eftir peninga til að greiða dvöl ferðamannsins á kránni og biður kráareigandann að hlú að honum. Kosti aðhlyningin meira skuli hann borga er hann kemur tilbaka.

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur að lesa textann úr Lúkasarguðspjalli í hljóði og biður svo einn þátttakanda að endursegja frásögnina til að tryggja að allir séu vel settir inn í atburðarásina.
2. Leiðbeinandi segir þátttakendum að nota marglitu slæðurnar eða aðra hluti til að búa til veg sem liggur í gegnum söguna. Leiðbeinandi fer fyrstur um veginn til að þátttakendur skilji

hvernig leiðin liggur frá upphafsstað ferðarinnar að kránni þar sem sögunni lýkur. Staðir á veginum eru:

- Vegferð ferðamannsins í gegnum söguna
 - Musteri prests/Levíta
 - Dvalarstaður ræningjanna
 - Staðurinn þar sem árásin var gerð
 - Vegferð miskunnsama Samverjans gegnum söguna
 - Kráin
3. Leiðbeinandi býður þátttakendum að túlka persónur sögunnar. Tæknin sem notuð er kallast „Vegurinn“ og vísar til þess að spuninn fer fram á öllum þeim viðkomustöðum sem lýst er hér að ofan í einu. Eigi að síður ferðast atburðir sögunnar með ferðamanninum og miskunnsama Samverjanum. Þátttakendur eru á sviðinu í gegnum allan spunann. Allir þátttakendur taka þátt í leiknum og engir þeirra eru áhorfendur. Ef hlutverkin eru færri en þátttakendur má búa til ný hlutverk. Hér að neðan er upptalning á persónum (og uppástungur að nýjum hlutverkum innan sviga).
- Ferðamaðurinn (og asninn hans)
 - Presturinn (annar prestur)
 - Levítinn (annar Levíti)
 - Ræningi (fleiri ræningjar)
 - Miskunnsami Samverjinn (og asninn hans)
 - Kráareigandi (fjölskylda hans, starfsfólk, gestir)
 - Ferðamaðurinn (asninn hans)

Bæta má við hlutverkaskrána rödd ýmissa tilfinninga sem elta þátttakendur og fylgjast með líðan þeirra. Einnig má láta þátttakendur taka að sér hlutverk dýra og gróðurs

4. Þátttakendur koma sér fyrir á sviðinu og nota slæður sem leikbúninga ef þeir kjósa það. Leiðbeinandi biður leikara að koma sér fyrir á sínum stað „á veginum“ t.d. prestinn í musterinu, ræningjann í felustað sínum og svo framvegis. Leiðbeinandi segir leikurum að hefja spunann á sínum stað í sögunni þannig að þeir leikarar sem tengjast musterinu spinna upp hversdagslífið þar, ræningarnir spinna sín samskipti í felustað sínum, fólkið á kránni leikur lífið þar o.s.frv. Aðeins ferðamaðurinn og miskunnsami Samverjinn bíða átekta. Spuninn fer fram á öllum stöðum í einu þar til leiðbeinandi gefur leikurum merki um að „frysta“ leikinn. Hann gengur á milli leikaranna, snertir létt öxl þess sem hann vill tala við og spyr þá síðan einn af öðrum um hagi persónunnar sem þeir leika, líðan og tilfinningar. Að því loknu heldur spuninn áfram en frystitæknin er notuð á viðeigandi stundum til að stöðva leikinn og spyrja leikarana um hvað er að gerast innra með persónum þeirra.
5. Leikurinn hefst. Aðeins ein sena er virk í einu og hún öðlast líf þegar ferðamaðurinn eða miskunnsami Samverjinn kemur að henni. Frystitækni notuð á augnablikum sem leiðbeinandi finnst að krefjist afskipta hans t.d. ef leikurinn dregst um of á langinn, ef hlutir gerast óskýrir eða til orðaskipta og átaka kemur á milli persónanna.
6. Að gjörningi loknum biður leiðbeinandi þátttakendur að ganga út úr hlutverkum sínum og hrista þau af sér.
7. Leiðbeinandi þarf að vera viðbúinn því að sumir þátttakendur gerist fyrirferðarmiklir á kostnað annarra. Gerist það er gott að reyna að ná jafnvægi með „frystitækninni“.

IV. Sögulegur bakgrunnur dæmisögunnar

Stór hluti af því sem Jesús frá Nazaret kenndi og skrásett hefur verið er í formi dæmisagna. Oftast eru þetta einfaldar sögur um hversdagslega atburði sem notaðar eru til að kenna um andlega hluti og siðfræðileg álitamál. Yfirleitt er þeim ætlað að leggja áherslu á ákveðið atriði en sumir höfundar sem skrifa um kristni líta á dæmisögunar sem líkingar þar sem hvert smáatriði hefur dulda merkingu.

Dæmisagan um miskunnsama Samverjann dregur upp mynd af ástandinu í Ísrael/Palestínu í því fjölmenningsamfélagi sem þar var á dögum Krists. Þar bjuggu meðal annars gyðingar, Grikkir, Rómverjar og hópur fólks sem dró nafn af uppruna sínum í Samaríu, gamalli höfuðborg konungsdæmisins nyrðra í Ísrael áður en það var hernumið af Assiríumönnum á áttundu öld fyrir Krist.

Það eru skiptar skoðanir um uppruna Samverja. Sjálfir töldu þeir sig komna af ættflokkum Efraí og Manasseh í Norður-Ísrael en gyðinglegar heimildir telja þá afkomendur fólks sem Assiríumenn komu fyrir í Samaríu í stað Hebreanna sem þeir vísuðu úr landi.

En hvernig sem því er varið þá voru Samverjar annar félags- og trúarhópur en gyðingar. Þessir hópar áttu í illdeilum og höfðu nær engin samskipti – hóparnir fyrirlitu hvor annan. Þess vegna er eftirtektarvert að Jesús, sem var gyðingur og var að ávarpa samlanda sína, lætur Samverja vera hetju sögunnar. Þannig bendir hann á að það eru kærleiksverkin sem skipta máli en hvorki félagslegur eða trúarlegur bakgrunnur né þjóðfélagsstaða.

V. Umræður og mat

Lokastig smiðjunnar er helgað íhugun og umræðum um sameiginlega reynslu þátttakenda og það sem gerðist í ferlinu sem þátttakendur geta yfirfært á eigin reynslu.

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur að ræða sameiginlega reynslu sína í litlum hópum, einkum það sem þeir yfirfæra á eigið líf: *Hvers vegna valdi ég það hlutverk sem ég hafði? Speglaði ég sjálfa(n) mig í því? Speglaði ég sjálfa(n) mig frekar í öðrum hlutverkum?*
2. Öllum þátttakendum er boðið að sitja í hring til að ræða meginumræðuefni smiðjunnar. Leiðbeinandi setur umræðuna af stað með spurningunum: *Leika menningarlegar hefðir og gildi mikilvægt hlutverk varðandi það hvernig fólk sýnir manngæsku og bræðralag? Hver er miskunnsamur Samverji í samfélagi þínu? Leiðbeinandi stýrir umræðunni á þann hátt að allir komist örugglega að með skoðanir sínar*

Heimild

Nýja testamentið: Dæmisagan um miskunnsama Samverjann Lúkasarguðspjall 10:25–37

BÍBLÍÓDRAMA MEÐ AÐFERÐUM SKAPANDI SKRIFA

Ritunaræfinguna sem hér er kynnt er ekki eingöngu hægt að nota þegar unnið er með söguna um miskunnsama Samverjann sem hér er notuð sem dæmi. Hægt er að nota hana við túlkun allra annarra sagna sem unnið er með í bíblíódrama. Ritunaræfingin er viðbót við hefðbundna bíblíódrama-smiðju.

Millimenningarfærni sem fengist er við í smiðjunni

Viðhorf – opinn hugur gagnvart og virðing fyrir annarri menningu; vilji til að líta fram hjá hleypidómum og meta menningarlegan margbreytileika að verðleikum.

Hæfni – Hæfni til að túlka menningu og að bera saman ólíka menningu og trúarbrögð, hæfni til að lesa nútímaleg lífsgildi úr fornum textum.

Þekking – Sértaek menningarleg þekking á sögunni sem unnið er með í hvert skipti, í þessu tilviki dæmisögunni um miskunnsama Samverjann; almenn menningarleg þekking á gildum fólks.

Markhópur

Þessi kennsluáætlun hentar vel í vinnu með menningarlega einsleitum jafnt sem blönduðum hópum.

Markmið

- Að auka samkennd, virðingu og skilning á milli fólks af ólíkum uppruna og með ólíkar lífsskoðanir.
- Að öðru leyti sömu markmið og gilda um söguna sem unnið er með í hvert skipti.

Færni viðmið

Að lokinni smiðjunni eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- ítarlegri þekkingu á sögunni sem unnið er með í það skiptið,
- dýpri skilning á þeim gildum sem sagan kennir,
- aukinn skilning á gildum nútímamanna í samanburði við gildi fyrri tíma og fjarlæggra staða,
- dýpri innsýn í eigin gildi í samanburði við gildi samnemenda.

Uppbygging smiðju

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun
- III. Bíblíódrama (ritun): Miskunnsami Samverjinn
- IV. Uppgjör og mat

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Samkvæmt venju hefst smiðjan á að sest er í samhæfingarhring til að róa hugann, deila hugsunum og tilfinningum og segja frá reynslu þátttakenda síðan í síðustu smiðju. Í þessari smiðju er samhæfingaræfingin örlítið öðruvísi en vanalega vegna þess að nú fer hún fram í kringum borð og þátttakendur hafa pappír og penna við höndina.

Skref

1. Leiðbeinandi býr hópinn undir að þessi smíðja verði ólík þeim fyrri og að nauðsynlegt sé að þátttakendur deili með hópnum því sem þeir skrifa. Sé einhver haldinn ótta við að skrifa og lesa upphátt, fullvissið hann þá um að hann geti deilt texta sínum á annan hátt en að lesa hann upphátt, til dæmis með því að endursegja það sem hann hefur skrifað.
2. Leiðbeinandi útdeildir póstkortum til þátttakenda og biður þá um að skrifa niður væntingar sínar til smíðjunnar. Póstkortið má gjarnan vera stílað til ákveðinnar manneskju og skrifað á persónulegan hátt til hennar. Það er mörgum auðveldara að hafa ákveðna manneskju í huga þegar skrifað er.
3. Leiðbeinandi biður þátttakendur að deila skrifum sínum með hópnum, annaðhvort með því að lesa textann eða endursegja hann. Skrifi þátttakendur á ólíkum tungumálum þurfa þeir að endursegja skrif sín á sameiginlegu tungumáli smíðjunnar.

II. Upphitun

Markmið upphitunarinnar í þetta sinn er að kynda undir ritunarhæfni þátttakenda og hrista af þeim rithræðsluna áður en fengist er við aðalviðfangsefni smíðjunnar.

Skref

1. Leiðbeinandi segir þátttakendum að hann muni lesa upphátt þrjá stutta kafla. Það geta verið textarnir sem hér eru kynntir eða einhverjir aðrir sem þér þykja henta betur í þínum hópi: „Smakkið endilega á þessu,“ sagði hann og rétti okkur fat með illa lyktandi fiski. „Þetta er sérrétturinn okkar á svæðinu.“ (Þetta er dæmi um texta sem tengist fólki sem statt er á okunnu menningarsvæði en hægt er að gera textann sértækari með því að nefna staðinn). „Ég stari á spegilmynd mína og hugsa um hvað mikið ég hef breyst síðan ég flutti hingað.“ (Hægt er að gera setninguna sértækari með því að nefna staðinn). „Fyrir mér þýðir orðið samkennd...“
2. Leiðbeinandi les fyrsta textann upphátt, biður þátttakendur að skrifa hann niður og halda síðan áfram að semja út frá honum í fjórar mínútur. Að þeim liðnum stöðvar leiðbeinandi skrifin jafnvel þó að höfundum finnist þeir ekki búnir. Leiðbeinandi gerir eins með annan og þriðja textann.
3. Leiðbeinandi biður þátttakendur um að lesa upphátt (eða endursegja) það sem þeir skrifuðu. Fyrst lesa allir fyrstu frásögnina, síðan lesa allir aðra frásögn og að lokum þá þriðju.
4. Þegar allir textar hafa verið lesnir opnar leiðbeinandi fyrir umræður um fjölmennigarlega og þvertrúarlega fleti á örsögnum/hugleiðingunum sem skrifaðar voru. Hann gleymir ekki að hrósa fyrir skrifin og benda jafnvel á bókmenntalega hápunkta í frásögnunum. Einnig er gott að biðja þátttakendur að minnast á það sem þeim finnst gott í í skrifum hinna.

III. Ritun sögu: Miskunnsami Samverjinn (eða önnur saga að vali leiðbeinanda eða hópsins)

Gera má ráð fyrir að sagan sé þátttakendum enn í fersku minni þar sem stutt er síðan þeir unnu með hana á hefðbundinn bibliódramatískan hátt. Nú verður aftur unnið með söguna en á ólíkan hátt.

Skref

1. Leiðbeinandi útskýrir að verkefnið sé að skrifa smásögu sem byggir á dæmisögunni um miskunnsama Samverjann (eða hverri þeirri sögu sem valin hefur verið) og að sagan verði

flutt til í tíma og rúmi þannig að hún gerist á þeim tíma sem við lifum og á stað sem allir þátttakendur þekkja. Leiðbeinandi teiknar á töfluna einfaldar myndir sem tákna manneskjur, jafnmargar aðalpersónunum í sögunni. Séu persónurnar fimm gætu þær verið: Manneskja sem fer í ferðalag, hjálpsamur samferðamaður, prestur eða sjálfskipaður boðberi góðra gilda, afbrotamaður og veitingamaður.

2. Leiðbeinandi biður þátttakendur um að komast að sameiginlegri niðurstöðu um grundvallarstaðreyndir um persónurnar á töflunni. Þátttakendur finna á þær nöfn, ákveða aldur og kyn, uppruna, búsetu, fjölskylduhætti, tengsl milli persóna og fleira. Hversu mikið hópurinn ákveður í sameiningu fer eftir vilja og getu þátttakendanna til að láta ímyndunaraflið ráða í hópnum en flestir reynast hafa hið mesta gaman af þeirri vinnu. Leiðbeinandi skrifar allar staðreyndir sem ákveðnar eru um persónurnar við hlið teikninganna á töflunni. Leiðbeinandi getur líka ýtt undir að hópurinn búi til merkingarríka samsetningu sögupersóna með því að spyrja hann út í val sitt. Dæmi: *Hvers vegna viljið þið að afbrotamaðurinn sé þjófur? Ætti annars konar óheiðarleiki betur við í þeirri sögu sem við erum að skrifa?*
3. Leiðbeinandi skiptir persónunum á milli þátttakanda. Fleiri en einn þátttakandi getur skrifað um hverja persónu. Biðjið þá að skrifa einir eða í litlum hópum (þá skrifa þeir saman sem hafa sömu persónuna) nútímalega útgáfu af dæmisögunni um miskunnsama Samverjann. Hver saga er skrifuð út frá sjónarhóli einnar persónu þannig að sagan verður sögð frá fimm ólíkum sjónarhólum. Höfundar styðjast við þær upplýsingar um persónurnar sem urðu til í hópvinnunni en að öðru leyti hafa þeir frjálsar hendur um framþróun sögunnar og þeir geta líka bætt við persónum eftir þörfum.

IV. Umræður og mat

Lokahluti biblíódrama smiðju er helgaður íhugun og umræðum um það sem átti sér stað í smiðjunni og hvaða áhrif hún hafði á þátttakendur.

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur um að setjast aftur í hring.
2. Þátttakendur lesa sögur sínar upphátt eða endursegja þær ef þeir eiga erfitt með að lesa upphátt eða hafa skrifað á öðru máli en því sem talað er í hópnum. Gott er að ljósrita alla texta ef tími vinnst til þannig að allir hafi þá í höndunum þegar lesið er. Eftir hvern lestur eru umræður um boðskap og gildi sögunnar sem geta hafa breyst æði mikið í meðferð höfundanna. Smiðjunni lýkur með umræðum í litlum hópum um hvað einkenndi nýju útgáfunar af sögunni um miskunnsama Samverjann: *Hvað segja sögurnar okkur um gildismat nútímans? Er munur á siðgæði fornarr menningar eins og hún birtist í Nýja testamenti Bibliunnar (eða öðrum trúarritum) og þess sem birtist í samtímasögunum? Er mikill munur á siðferði og gildum höfunda frá ólíkum menningarheimum?*

Heimild

Nýja testamentið: Dæmisagan um Miskunnsama Samverjann, Lúkasarguðspjall 10:25–37

FJÖLTÆKNILEG BIBLÍÓDRAMA-ÆFING

Millimenningarfærni sem fengist er við í smiðjunni

Viðhorf – Forvitni og löngun til að skapa sameiginlegan skilning í hópi, fúsleiki til að meta menningarlegan margbreytileika að verðleikum.

Færni – Færni í að hlusta á og bregðast við því sem fólk af öðrum menningarheimum hefur til málanna að leggja; færni í að afla upplýsinga um aðra menningu og trú og í að koma nýrri þekkingu á framfæri við aðra á nýstárlegan hátt; hæfni til að skoða menningarlegt samhengi á gagnrýninn en uppbyggilegan hátt og setja eigin menningu í fjölmennningarlegt samhengi.

Þekking – Aukin sjálfsvitund á sviði menningar og samskipta; almenn menningarþekking einkum á víxlverkan milli menningarheima, samfélaga og einstaklinga.

Markhópur

Þessa kennsluáætlun má nota í menningarlega einsleitum jafnt sem blönduðum hópi en hún er sérstaklega áhrifarík í fjölmennningarlegum og þvertrúarlegum hópum.

Markmið

- Að hvetja til samtals fólks af ólíkum uppruna um trúarlega og menningarlega fjölbreytni í því skyni að skapa jákvæð og fordómalaus viðhorf til fjölbreytileika mannkyns.
- Að setja þátttakendur í aðstæður sem minna á fjölmennningarleg samskipti sem oft geta verið ruglingsleg.
- Að setja fólk af ólíkum uppruna í það hlutverk að komast að sameiginlegri niðurstöðu og búa til úr henni sameiginlegt verk.
- Að stuðla að notkun skapandi aðferða í millimenningarfræðslu og þróa kennslufræðilegar nýjungar í kennslustofum fjölmennningarinnar.

Færnivíðmið

Að lokinni smiðjunni eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- almennan skilning á þeim ólíku viðfangsefnum sem þeim er úthlutað í verkefninu,
- færni í að komast að sameiginlegri niðurstöðu í fjölmennningarlegum hópi,
- færni í að skapa sameiginlega afurð úr þvertrúarlegu og fjölmennningarlegu hráefni og í að kynna niðurstöður og útskýra vinnuferli,
- getu til að tengja saman hluti og hugtök á merkingarbæran hátt og til að vinna að flóknum viðfangsefnum með fólki af ólíkum uppruna.

Uppbygging smiðju

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun
- III. Biblíódrama: Fjöltækniæfingin
- IV. Uppgjör og mat
- V. Kveikjur til sköpunar

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Skref

1. Áður en smiðjan hefst hefur leiðbeinandi raðað kveikjum á smekklegan hátt þar sem þær blasa við þátttakendum. Kveikjurnar geta verið bækur um ólíka menningarheima og trúarbrögð, efni til myndsköpunar, hljóðfæri, gjarnan heimatilbúin, og einfaldir leikmunir. Einnig er gott að hafa nettengdar tölvur til taks fyrir þátttakendur að afla sér upplýsinga og andagiftar.
2. Leiðbeinandi spyr þátttakendur hvernig þeir hafi það í dag og hverjar tilfinningar þeirra séu gagnvart smiðjunni sem fer að hefjast og verður öðruvísi en aðrar smiðjur. Spurningarnar má orða á ýmsa vegu en markmið þeirra er að opna hug þátttakenda og hjálpa þeim að tjá sig um jákvæðar væntingar sem og ótta við hið ókunnna.
3. Þessi tiltekna smiðja ætti ekki að vera sú fyrsta á lengra biblíódrama-námskeiði því hún er mjög ólík því sem biblíódrama snýst yfirleitt um og lýst er í þessari bók. Leiðbeinandi útskýrir fyrir þátttakendum að nú sé þeim boðið að taka þátt í óhefðbundinni smiðju og spyr hvort þeir séu tilbúinir að fara út fyrir „biblíódrama-þægindahringinn“ sinn. Nálgunin í þessari æfingu er öðruvísi þar sem ekki er verið að færa sögur í leikbúning og kryfja þær. Í staðinn eru kynntar til leiks persónur, hlutir og hugmyndir sem tengjast umræðu um millimenningarfærni og ólík trúarbrögð. Með aðferðum lista og rannsókna vinna þátttakendur að sameiginlegu verki/niðurstöðu úr efniviðnum.

II. Upphitun

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur að ganga um herbergið og veita hver öðrum athygli.
2. Þegar þeir hafa gengið um stund dreifir leiðbeinandi miðum án þess að það trufla flæðið í hópnum, einum miða til hvers þátttakanda. Á miðunum standa orð yfir tilfinningar og þátttakendur eiga að ganga um herbergið og miðla þeirri tilfinningu sem þeir fá úthlutað með svipbrigðum, hljóðum og hreyfingum. Best er að úthluta þátttakendum mjög andstæðum tilfinningum svo að ekki fari á milli mála hvað hver þeirra er að tjá og leiðbeinandi biður þátttakendur um að túlka tilfinninguna á áberandi hátt þannig að merking hennar komist örugglega til skila.
3. Þrjú til fimm, eftir stærð smiðjunnar, hafa fengið sömu tilfinninguna að fást við og tilgangur æfingarinnar er að finna aðra þátttakendur sem tjá sömu tilfinninguna.
4. Þegar fólk hefur fundið hvert annað segir leiðbeinandi hverjum hópi að ganga yfir gólfíð og tjá sig yrt eða óyrt saman í tilfinningunni sem þeir fengu úthlutað. Að upphitun lokinni segir leiðbeinandi þátttakendum að hóparnir sem urðu til eigi að vinna saman í fjöltækniæfingunni.

III. Biblíódrama: Fjöltækniæfingin

Skref

1. Leiðbeinandi biður þátttakendur að sitja í hring og hópana (3–5 manna) að sitja saman.
2. Leiðbeinandi hefur undirbúið verkefnið með því að útbúa miða sem á standa stök orð eða setningar. Pappírsmiðarnir eru í sjö ólíkum litum og hver litur táknar mála flokk sem tengist millimenningarumræðu og trúarbrögðum.

3. Leiðbeinandi getur einnig valið aðra mála­flokka en hér eru nefndir sem hann telur betur ríma við það sem hann hefur hingað til fengið við í smiðjum sínum. Hann getur auk þess haft flokkana fleiri eða færri að vild. Því fleiri sem flokkarnir eru þeim mun flóknari er æfingin en fleiri flokkar bjóða jafnframt upp á meira hugmynda­ríki og umræður.
4. Í þessu tilviki er unnið með eftirtalda mála­flokka í sjö mismunandi litum: Klisjukenndar hugmyndir um menningarheima, spakmæli, litir, hlutir til andlegrar iðkunar, tónlistarbræðingur, þekktar persónur á sviði trúar eða fjölmenningar, leiðir að innri þroska.
5. Leiðbeinandi útskýrir æfinguna mjög vel fyrir þátttakendum þannig að tíminn nýtist vel og fari ekki til spillis: *Hver hópur dregur miða í sjö mismunandi litum. Útkoma verkefnisins í hverjum hópi er listaverk eða kynning á einhvers konar rannsókn sem hver hópur gerir út frá orðunum á miðunum. Notið endilega bækurnar sem liggja hérna frammi eða farið á netið til að afla ykkur upplýsinga. Takið eftir – og þetta er mikilvægt – að þið þurfið ekki að taka orðin sem þið fáið til að vinna með of bókstaflega, þau eru kveikjur til að koma ykkur af stað í umræðum og sköpun. Þið notið ekki endilega orðin sjálf sem hráefni heldur það sem þið sjáið handan orðanna, það sem hópurinn kemst að í umræðunni, tengingarnar sem þið búið til á milli orðanna og sem þið skapið svo listgjörning eða fyrirlestur um. Útkoman byggist á sameiginlegri túlkun og hugmyndaauðgi í hópunum. Hendur ykkur eru frjálsar innan þess ramma sem fjölmenn­ing og ólík trúarbrögð setja ykkur en verk ykkar skal á einhvern hátt fjalla um þau viðfangsefni.*
6. Leiðbeinandi segir þátttakendum að auk þess sem verkefnið felist í að komast að niðurstöðu um sameiginlega túlkun hópsins á umræðuefnunum eigi þeir einnig að ræða um framsetningu á hugmyndum: Hægt er að kynna niðurstöður í formi hvers kyns listgreina; tónlistar, sjónlista, sviðslista, bókmennta eða fjöllista en einnig sem skýrslu eða fyrirlestur um rannsóknina sem gerð var í formi umræðna hópsins og hugmynda­leitar í kveikjunum.
7. Ómögulegt er að segja fyrir um hver útkoman verður og það gildir bæði um hugmyndafræðilega niðurstöðu hópsins og tjáningarformið sem valið er. Verkefnið felst í að tala saman/skapa saman með opnum huga og að sjá nýja fleti á hugsun sem kannski er orðin vanahugsun.
8. Leiðbeinandi biður hvern hóp að draga miða í sjö mismunandi litum. Einn hópurinn gæti til dæmis staðið uppi með þessa miða:
 - Allir tyrkneskir karlmenn eru hrifnir af ljóshærðum og bláeygðum konum (Klisjukenndar hugmyndir um menningarheima).
 - Hjálpaðu mér að dæma ekki annan mann fyrr en ég hef gengið mílu í mokkasínum hans (Spakmæli).
 - Lillablár (Litur).
 - Draumafangari (Hlutur til andlegrar iðkunar).
 - Jazz—rokk bræðingur (Bræðingstónlist).
 - Nelson Mandela (Þekkt persóna á sviði fjölmenningar eða trúar).
 - Hugleiðsla (Leið að innri þroska).
9. Hver hópur hefst handa í sínu horni eða í sérherbergjum ef aðstæður leyfa. Leiðbeinandi brýnir fyrir þátttakendum að spyrja nánar út í verklýsinguna ef eitthvað vefst fyrir þeim og hjálpar þeim að komast af stað gerist þess þörf. Leiðbeinandi gengur einnig úr skugga um, eftir ákveðinn tíma, að allir hópar séu á réttu róli og hvetur fólk áfram til dæmis með spurningum um hvað hópurinn sé að fást við. Slíkar spurningar hjálpa þeim að skerpa áhersluna í umræðum sínum.

IV. Umræður og mat

Uppgjörspátturinn er óhemju mikilvægur í þessari smíðju. Tryggja þarf að nægilegur tími gefist fyrir umræður og mat. Sjálfa æfinguna má vinna á stuttum jafnt sem löngum tíma. Ef hún er unnin á klukkutíma verður niðurstaða oft hrá en skemmtileg og vekjandi. Tveir tímar ættu að nægja hópum (ekki síst ef fólkið þekkest fyrir) til að ná fram vitrænni niðurstöðu og vel samsettri sýningu en að sjálfsögðu er hægt að vinna með þessa æfingu í miklu lengri tíma, jafnvel í heila viku, allt eftir aðstæðum.

Skref

1. Áður en hóparnir ljúka störfum athugar leiðbeinandi í hvaða formi sköpunarverk þeirra verður til að geta verið búinn að finna nauðsynleg hjálpartæki og réttan stað í stofunni til að sýna verkin.
2. Leiðbeinandi biður hópana að sýna verk sín eða kynna þau á hvern þann hátt sem hentar. Auk þess að sýna verkin biður leiðbeinandi þátttakendur að gera grein fyrir því hvernig þau voru unnin og hvernig samvinnan gekk. Þar á eftir eru umræður um innihald og boðskap hvers verk sem allir þátttakendur eru með í. Það er góð hugmynd að sýna öll verkin aftur eftir að fjallað hefur verið um þau og spyrja þátttakendur hvort þeir sjái meira í verkunum eftir umfjöllunina heldur en áður.
Áður en hóparnir ljúka störfum athugar leiðbeinandi í hvaða formi verk þeirra eru til að geta verið búinn að finna nauðsynleg hjálpartæki og réttan sýningarstað.
3. Að lokum biður leiðbeinandi þátttakendur að skipta sér í nýja þriggja til fimm manna hópa og tala um hvernig þátttakendum leið á meðan á sköpun verksins stóð: *Varð hið óskipulega og jafnvel ógnandi andrúmsloft sem þessi æfing getur framkallað til þess að ykkur fannst þið óörugg á sama hátt og þið upplifið sennilega oft í fjölmennningarlegum aðstæðum? Hvernig tókst hópurinn á við þessa tilfinningu? Hvernig tókst hópurinn þinn á við þennan vanda?*

V. Kveikjur sem notast má við:

Klisjukenndar hugmyndir um menningarheima:

- Pólverjar eru fáfróðasta fólk í heimi.
- Allir tyrkneskir karlmenn eru veikir fyrir bláeygðum blondínum.
- Allir gyðingar eru fégráðugir.
- Íslendingar búa í snjóhúsum.
- Ungverjar gefa frá sér skritin hljóð sem þeir kalla tungumál.

Spakmæli:

- Samkennd myndar samhljóm líkt og ólík hljóðfæri mynda tónlist sinfóníunar.
- Guð gefi mér æðruleysi til að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt, kjark til að breyta því sem ég get breytt og vit til að greina þar á milli (Reinhold Niebuhr).
- Þegar kóngulær sameina krafta sína getur vefur þeirra bundið ljón (eþíópískt spakmæli).
- Hjálpaðu mér að dæma ekki aðra manneskju fyrr en ég hef gengið mílu í mokkasínum hennar (indíanabæn).
- Kærleikurinn er langlyndur, hann er góðviljaður. Kærleikurinn öfundar ekki. Kærleikurinn er ekki raupsamur, hreykir sér ekki upp. Hann hegðar sér ekki ósæmilega, leitar ekki síns

eigin, hann reiðist ekki, er ekki langrækinn. Hann gleðst ekki yfir óréttvísinni, en samgleðst sannleikanum. Hann breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt. Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi. (Biblían; 1. Kor. 13.4–8).

Litir

Blár, lillablár, rauður, hvítur, gylltur...

Leiðir til innri þroska og friðar

Hugleiðsla, skriftir, tilbeiðsla, bæn, tólf spora kerfið...

Hlutir til trúariðkunar

Draumafangari, obláta, reykelsi, heilagur lótus, bænahjól...

Þekktar manneskjur tengdar fjölmenningu eða trú

Gandhi, Hitler, Anna Frank, Genghis Khan, Mandela...

Bræðingstónlist

Djass og rokk bræðingur, reggí, afró–kúbönsk tónlist, þjóðlagapönk, rokk...



Tyrkland

RUMI: FJÓRAR MANNESKJUR SEM SKILJA EKKI HVER AÐRA

RUMI: TRÉ ÓDAUÐLEIKANS

RUMI: HEYRNARDAUFUR HEIMSÆKIR SJÚKAN

Í Tyrklandi voru stofnaðir þrjú smiðjuhópar til að taka þátt í verkefninu (tveir í Istanbúl og einn í Busra). Þeir hittust vikulega frá janúar 2012 til september 2012. Tímarnir í Istanbúl stóðu í þrjá og hálfan tíma hver; tímarnir í Busra stóðu hins vegar fimm til sex tíma hver. Tvær manneskjur sáu um framsetningu og framkvæmd smiðjanna.

Şafak Ebru Toksoy – lærði leiðsögn og sálfræðiráðgjöf bæði í grunnámi og framhaldsnámi á háskólastigi. Hún hefur starfað sem sálfræðiráðgjafi í menntageiranum í fimmtán ár. Á þeim tíma hefur hún einnig veitt kennurum og skólástjórnum þjónustu sína. Toksoy hefur starfað sem sálfræðiráðgjafi og sálgreinir í sálfræðiþjónustu læknaskólans við Kocaeli-háskólann síðustu fimm árin og unnið mestmegnis með fullorðnu fólki. Hún sérhæfir sig í djúpstæðum áföllum (trauma) og að sigrast á þeim. Toksoy hefur lengi haft sérstakan áhuga á menningarþáttum, gildum og viðhorfum sem hafa áhrif á hugsanagang og hegðun einstaklinga og hópa. Toksoy hefur tekið þátt í þjálfun í boðgreiningu (transactional analysis) frá 1999 með þjálfurum frá alþjóðlegum og evrópskum boðgreiningarsamtökum. Hún beitir þessari nálgun, sem samkomulag hefur náðst um að verði viðurkennd innan sállækningageirans.

Aslı Yeşil – lærði sálfræði í grunnnámi og tengdi það svo við fræðslu um sálræn áföll í framhaldsnámi. Hún hefur starfað sem ráðgjafi og þjálfari í heilbrigðisgeiranum í sjö ár.

Yeşil hefur tekið þátt í geðleiksþjálfun frá 2009 og hlotið titilinn „aðstoðarþerapisti“. Í starfi sínu og þjálfun hefur hún veitt eftirtekt áhrifum menningar- og samfélagslegra gildiskerfa á einstaklingsbundna reynslu. Hún hefur áhuga á áhrifum landfræðilegrar staðsetningar á menningarvitund fólks og hvernig hún breytist með tímanum.

Upphaflega veltum við fyrir okkur ýmsum spurningum, til dæmis: „Getum við haldið mismunandi verund saman?“ og „Tekst okkur að finna nógu marga þátttakendur?“ Við höfðum áhyggjur af því að ekki yrði auðvelt að skapa sameiginlegan vettvang til að tjá ólík sjónarmið, vegna fordómanna sem við bjuggumst við að væru til staðar. Auk þess var bíblíódrama aðferð sem hvorki var almennt kunn né mikið notuð í Tyrklandi áður en við tókum til starfa.

Við vorum skiljanlega órólegar og forvitnar í upphafi fyrsta hóptímans. Í hópnum voru þátttakendur af mismunandi þjóðernisuppruna og með ólíka trúarvitund. Þessi sameiginlegi vettvangur sem skapaðist af sundurleitri menningarlegri og trúarlegri verund einstaklinganna bauð að sjálfsögðu upp á margt óvænt, bæði gott og slæmt. Við teljum að valið á Masnavi Rumis hafi mildað þetta vandamál, því það náði til alls hópsins og auðveldaði öllum að skiptast á skoðunum vegna þess að allir þátttakendur þekktu Rumi og húnániska heimspeki hans og upphaflegur samstarfsvettvangur varð til vegna textans. Í seinni tímum vildu þátttakendur fá að heyra og upplifa mismunandi texta sem endurspegluðu trúarkerfi hinna þátttakendanna. Þannig tókum við að upplifa texta úr Kóraninum, Torah og Biblíunni með biblíódramaaðferðum.

Þátttakendur í Istanbúl höfðu ólíkan bakgrunn, til dæmis kristni, gyðingdóm og íslam, auk armensks, kúrdíks og/eða tyrknesks uppruna. Þátttakendur í Bursa komu frá ýmsum stöðum í landinu og gegndu ólíkum störfum. Meðal annars störfuðu þátttakendur sem leikkona, sálfræðiráðgjafi, sálfræðingur, kennari, ljósmóðir, þjálfari, iðnaðarmaður, almannatengill og myndlistarmenn.

Samsetning og innri virkni hópanna tveggja í Istanbúl auk þeirra niðurstaðna sem fengust voru mjög sambærilegar. Meðan á verkferlinu stóð tóku þátttakendur að átta sig á fordómum sínum, leiðrétta ranghugmyndir sem þeir höfðu haft hver um annan og fylla út í eyður í þekkingu sinni. Líkindi milli ólíkra menninga og trúarkerfa þátttakenda hvað varðar mannleg grunngildi og lífsaðstæður komu fram í hópvinnum. Þátttakendur sögðu frá mörgum tilvikum af misrétti og að þurfa að sigrast á hleypidómum og því sem sat eftir í þeim af ótta vegna þessara hleypidóma og ágreinings. Þeir einbeittu sér að upplifunum þar sem þeir höfðu fundið til bjargarleysis og vonleysis og hvornig þeir tókust á við þá reynslu.

Þriðji hópurinn sem hélt smiðjur í Bursa skar sig úr hvað varðar innihald: Markmið hans var að skapa meðvitund um menningarlega þætti þátttakenda sem komu úr mismunandi héruðum Tyrklands og tilheyrðu ólíkum starfsstéttum. Markmiðið innan þess ramma var að undirstrika gjöfuga möguleika þess sem ólíkt var með þeim, andstætt líkunum á því að munurinn leiddi til árekstra. Hópurinn í Bursa komst að þýðingarmikilli niðurstöðu þar sem þátttakendur gerðu sér grein fyrir fordómum sínum í garð hvers annars og tókst að þróa samræðufærni sína. Auk þess kynntust einstaklingarnir menningarlegum uppruna sínum betur og áttuðu sig á að hann væri hægt að nota til að öðlast persónulegan og félagslegan proska.

Meginmarkmið smiðjanna var að gera þátttakendum kleift að nota reynslu sína úr biblíódrama sem aðferð til að skilja aðra í ólíku starfi og með annan menningarbakgrunn og trú, auk þess að skilja samfélagið sem við búum í. Auk þess var ætlast til þess að þátttakendur öfluðu fleiri upplýsinga um ólíka menningu og gildi innan samfélagshópa sinna með biblíódramareynslu sinni og lokaniðurstaðan yrði sú að þátttakendur yrðu umburðarlyndari og næðu valdi á biblíódramatækni til að beita sjálfir, jafnt í einkalífi sem starfi.

FJÓRIR MENN SEM SKILJA EKKI HVER ANNAN RUMI (MAULANA)

Millimenningarfærni sem fengist er við í smiðjunni

Viðhorf – virðing fyrir og viðurkenning á fjölbreytileika mannkyns; áhugi á og löngun til að kynnast öðrum menningarheimum; næmni fyrir þörfum annarra; lausnamiðuð nálgun við ágreiningsefni; altækur mannskilningur.

Færni – færni til að skilja og túlka samskiptaferli fólks af ólíkum uppruna; hæfni til að sýna samkennd; færni til að nota samskiptatækni sem leggur áherslu á lausn ágreiningsefna.

Þekking – sértæk menningarþekking á gildum og hefðum súfismans (dulhyggjuarmi íslams).

Markhópur

Þessi kennsluáætlun hentar vel bæði menningarlega einsleitum og blönduðum hópum. Hún er þó sérlega gagnleg þegar þátttakendur eru frá ólíkum menningarheimum og af mismunandi trúarbrögðum.

Markmið

- Að sýna þátttakendum mikilvægi þess að hlusta hver á annan og einbeita sér að því að skilja hver annan.
- Að upplifa og kanna meðvitað möguleika hlustunar og skilnings í góðum samskiptum.
- Að upplifa mikilvægi næmleika og skynjunar á þörfum annarra í persónulegum jafnt sem fjölmennarlegum samskiptum.
- Að læra að horfa fram hjá því sem skilur fólk að og sjá það sem einkennir og sameinar alla menn.
- Að hvetja þátttakendur til að læra um og upplifa súfisma og íslamska hefð.

Færnivíðmið

Að lokinni smiðjunni eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- dýpri skilning á mikilvægi góðra tjáskipta í persónulegum og millimenningarlegum samskiptum,
- dýpri skilning á ástæðum fyrir og mögulegum lausnum á persónulegum og millimenningarlegum ágreiningi,
- meiri færni í að líta á mannkynið sem eina heild utan og ofan við menningarlegan og trúarlegan mismun og ólík tungumál,
- áhrifaríkari leiðir til að nálgast fólk af mismunandi trú og menningu.

Uppbygging smiðju

- I. Samhæfingarhringur.
- II. Upphitun og fræðsla um persneska skáldið Rumi.
- III. Biblíódrama: Fjórir menn sem ekki skilja hver annan.
- IV. Umræður og mat.

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Skref

1. Leiðbeinandi býður þátttakendur velkomna og biður þá að velja sér einhvern þeirra stóla sem raðað hefur verið í hring. Mikilvægt er að allir stólarnir séu eins og enginn þeirra standi framur eða aftur en hinir. Sé setið í hring er auðvelt fyrir þátttakendur að sjá framan í alla og fyrir hópinn að hafa samskipti.
2. Leiðbeinandi byrjar á að spyrja hópinn eftirtalinnna spurninga: *Hvernig liður ykkur í dag? Hvaða hugsanir og tilfinningar tókuð þið með ykkur hingað í hópinn?* Allir í hópnum fá tækifæri til að tjá sig um spurningarnar. Leiðbeinandi gætir sín vel að trufla ekki þátttakendur á meðan þeir tala og gera ekki athugasemdir við orð þeirra. Hann skal líka gæta þess að allir í hópnum hlusti og trufla ekki hver annan. Þegar allir hafa fengið tækifæri til að tjá sig býður leiðbeinandi hópnum að hefja upphitunaræfinguna.

II. Upphitun

Skref

1. Misþykkar, einlitar, mislitar eða munstraðar slæður (eða efnisbútar) eru settar hér og hvar um rýmið eins og af tilviljun.
2. Í bakgrunni heyrir hljóðfærleikur úr hljómflytningstækjum.
3. Leiðbeinandi segir þátttakendum að hlusta á tónlistina og tjá tilfinningar sínar á meðan með hreyfingum eða dansi og ef þeir kjósa geta þeir notað slæðurnar til að hjálpa sér að tjá sig án orða.
4. Eftir þessa æfingu sem tekur tíu til tólf mínútur er skrúfað hægt niður í tónlistinni. Leiðbeinandi býður þátttakendum að setjast og hvíla sig í nokkrar mínútur.
5. Síðan býður leiðbeinandi þátttakendum að nálgast söguna og segir: *Nú ætlum við að halda áfram verkefni dagsins og vinna með sögu úr bókinni Mansavi eftir persneska skáldið og súfiska dulspekinginn Rumi. Sagan heitir „Fjórir menn sem skilja ekki hver annan.“*

III. Biblíódrama: Fjórir menn sem skilja ekki hver annan

Skref

1. Leiðbeinandi lýsir eftir sjálfboðaliða til að lesa söguna upphátt þannig að allir heyri vel. Hafi þátttakendur þörf fyrir að heyra söguna aftur er lesturinn endurtekinn.
2. Að lestri loknum segir leiðbeinandi þátttakendum að „vinna með“ söguna með því að velja sér eitt hlutverkanna sem þar koma fram; fyrir utan persónurnar er hægt að túlka hluti, staði, hljóð og tíma svo eitthvað sé nefnt. Leikendur geta notað eitthvað af þeim leikmunum sem lagðir hafa verið fram, litrík efni, búninga, liti, kerti og svo framvegis, til að koma sér betur inn í hlutverk sín. Að því loknu hefst leikurinn.
3. Leiðbeinandi byrjar á að spyrja persónurnar að nafni og hvaða hlutverki þær gegni og þannig kemur hann þessum upplýsingum á framfæri við allan hópinn.
4. Á meðan á spunanum stendur hefur leiðbeinandinn í huga að þegar tilfinningar fara að flæða

- um of eða umræður, hreyfingar eða hik stöðva flæðið í leiknum getur hann bent þátttakendum á að prófa að leika önnur hlutverk og skipti verða þá á túlkendum hlutverka. Þannig sjá þátttakendur atburðarásina frá fleiri sjónarhornum.
5. Sérhver spuni felur í sér ferli sem inniheldur þætti úr upprunalegu sögunni og þætti frá þátttakendum sjálfum. Þess vegna tekur leiðbeinandi fagnandi öllum tilraunum þátttakenda til að tjá sjálfa sig í hlutverkum sínum.
 6. Þegar sviðsetningu sögunnar er lokið segir leiðbeinandi þátttakendum að fara úr hlutverkum sínum og býður þeim svo að setjast í hring.

IV. Umræður og mat

Lokaverkefnið er að gera upp það sem gerðist í smiðjunni og meta þá vinnu sem hópurinn tók sameiginlega þátt í til að tengja spunavinnunna við raunverulegt líf þátttakenda. Leiðbeinandi aðstoðar þá við að meta tilfinningar sínar, hugsanir og atferli.

Skref

1. Byrjað er að meta þá upplifun sem hver þátttakandi varð fyrir í leikspuninum. Leiðbeinandi spyr eftirfarandi spurninga: *Hvernig leið þér í hlutverkinu sem þú valdir að túlka? Hvað upplifðir þú? Síðan spyr leiðbeinandi eftirtalinna spurninga til opna þátttakendum leið til að tengja upplifunina þáttum úr daglegu lífi sínu: Tengdust upplifanir þínar í hlutverkinu á einhvern hátt þáttum úr daglegu lífi þínu? Hverju tókstu eftir í því sambandi?*
2. Umræður um hvað sé líkt og ólíkt með upplifunum þátttakenda í spuninum og í daglegu lífi halda áfram en að lokum spyr leiðbeinandi spurningarinnar: *Er eitthvað sem þú áttadիր þig á í spuninum sem útskýrir samskiptaferli þin og annarra?* Leiðbeinandi tekur við svörum þátttakenda og lokar með þeim þessari smiðju.

Heimild: Fjórir menn sem skilja ekki hver annan

Maður nokkur greiddi fjórum manneskjum, sem höfðu unnið fyrir hann, laun. Einn þessara fjögurra var Tyrki, annar arabi, þriðji frá Íran og sá síðasti grískur. Íraninn ráðlagði vinum sínum að kaupa „engür“ fyrir peningana sem þeir höfðu aflað sér. Arabinn mælti á móti því og sagði:

–Nei, ekki til í dæminu. Ég vil fá „ineb“ og þarf ekki „engür“.

Tyrkinn blandaði sér í umræðuna og sagði:

–Þetta eru mínir peningar. Ég vil hvorki ineb né engür. Ég vil „üzüm“.

Að lokum lagði Grikkinn til að þeir gleymdu öllu sem sagt hafði verið og reyndi að sannfæra þá um að kaupa „istafil“. Þó að orðin engür, ineb, üzüm og istafil hafi öll sömu merkingu skildu þessar fjórar manneskjur sem töluðu fjögur mismunandi tungumál ekki hver aðra. Misskilningur sem upphófst meðal þjóðanna fjögurra þróaðist að lokum í slagsmál þeirra á milli.

Heimild

Akbaş, A. Vahap (2011). Aðlagð úr *Mesnevi* bindi 2, vers: 3719–3729. *Sögur Mesnevi*, Timaş Publications, İstanbul.

TRÉ ÓDAUÐLEIKANS – RUMI (MAULANA)

Millimenningarfærni sem fengist er við í smiðjunni

Virðing – viðurkenning á fjölbreytileika fólks og virðing fyrir margbreytileikanum; forvitni um aðra menningarheima, trú og gildi; opinn hugur í garð samtals og samskipta við fólk sem býr við aðra menningu og aðhyllist önnur trúarbrögð.

Færni – færni til að skilja og túlka viddir annarra menningarheima og trúarbragða; samkennd með fólki af ólíkum uppruna.

Þekking – sértæk menningarþekking, einkum á hefðum og gildum súfismans.

Markhópur

Þessa kennsluáætlun má nota bæði með menningarlega einsleitum og blönduðum hópum. Hún er mjög áhrifarík í hópi fólks af ólíkum menningarlegum og trúarlegum uppruna. Hana má nota til að skoða lífsstíl okkar og hvernig þær ákvarðanir sem við tökum í lífinu eru litaðar af trúarlegum skoðunum og menningarlegri sjálfsmynd okkar.

Markmið

- Að auka meðvitund um „innihald“ lífsins.
- Að auka skilning á „umgjörð“ lífsins.
- Að auka skilning á tengslum innihalds og umgjörðar lífsins.
- Að skoða dauðann og ódauðleikann frá sjónarhóli ólíkra trúarbragða og menningarheima.
- Að hvetja þátttakendur til að hugsa um og upplifa hefðir súfismans og íslams.

Færni viðmið

Eftir að hafa lokið þessari smiðju eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- dýpri skilning á hvernig trú og menning skilgreina tilgang mannlegs lífs,
- aukna þolinmæði gagnvart öðrum menningarheimum og trúarbrögðum fyrir tilstilli súfískrar lífssýnar,
- dýpri skilning á hvernig þættir eins og trú og menning hafa áhrif á viðhorf okkar til tilgangs mannlegs lífs.

Uppbygging smiðjunnar

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun og fræðsla um persneska skáldið Rumi
- III. Biblíódrama: Tré ódauðleikans
- IV. Umræður og mat

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Það sama gildir um framkvæmd samhæfingarhringsins hér og í kennsluáætlun fyrir söguna Fjórir menn sem skilja ekki hver annan.

II. Upphitun

Skref

- Leiðbeinandi segir þátttakendum að hann ætli að spila azan - íslamska bænakallið (einnig má spila íslamskar kirkjuklukkur eða íslamska trúartónlist).
- Eftir að hafa hlustað í næði og ró segja þátttakendur frá upplifunum sínum og tilfinningum sem þeir fundu fyrir á meðan þeir hlustuðu.
- Því næst les leiðbeinandi eftirfarandi línur úr ljóði eftir Rumi:

Kom, kom, hver sem þú ert,
ferðalangur, dýrkandi, ástmaður lífsins, sama hver þú ert.
Við viljum ekki samfylgd hugarvíls.
Komdu jafnvel þó að þú hafir brotið eið þinn þúsund sinnum.
Komdu samt, komdu, komdu.

Leitið ekki grafhýsa okkar í jörðinni að okkur látnum.
Finnið þau frekar í hjörtum manna.
- Að lestri loknum segir leiðbeinandinn: Nú höldum við áfram að vinna með sögu úr Masnavi um merkingu lífsins.

III. Biblíódrama: Tré ódauðleikans

Skref

- Leiðbeinandi fær sjálfboðaliða til að lesa textann og endurtekur lesturinn vilji þátttakendur heyra söguna aftur.
- Eftir lesturinn segir leiðbeinandi að þátttakendur geti leikið hlutverk fólks, hluta, radda/hljóða, tíma og svo framvegis. Með því að nota efnivið sem fram hefur verið settur (litríkir efnisbútar, fatnaður, pappír, litir og áfram mætti telja) koma þátttakendur sér inn í hlutverk sín.
- Með spurningunum: Hvað heitirðu? Hver ertu? gætir leiðbeinandi þess að allir þátttakendur geri sér grein fyrir hvaða hlutverk aðrir þátttakendur leika.
- Á meðan á leiknum stendur hvetur leiðbeinandi þátttakendur til að skipta um hlutverk til að geta séð atburðarásina frá öðru sjónarhorni.

Ef tilfinningar verða yfirþyrmandi eða ef umræður, deilur eða hik loka á flæðið í leiknum stöðvar leiðbeinandi þátttakendur og reynir að skapa aðstæður þar sem þátttakendur geta tengst líðan sinni þá stundina. Til að ná því markmiði spyr leiðbeinandi eftirtalinna spurninga: *Hvað er að gerast núna? Hvernig líður þér? Hvað ertu að hugsa?* Eftir að hafa hlustað á svör þátttakenda biður leiðbeinandi hópinn um að halda áfram. Inngrip leiðbeinandans geta skapað þátttakendum dýpri skilning á hlutverkunum sem þeir gæða lífi.

Sérhver spuni felur í sér ferli sem inniheldur þætti úr upprunalegu sögunni og þætti frá

þátttakendum sjálfum. Þess vegna tekur leiðbeinandinn fagnandi öllum tilraunum þátttakenda til að tjá sjálfa sig í hlutverkum sínum.

5. Þegar sviðsetningu sögunnar er lokið segir leiðbeinandi þátttakendum að fara úr hlutverkum sínum og leggja þau til hliðar og býður þeim svo að setjast í hring.

Valkostur

Í staðinn fyrir að leika söguna geta þátttakendur valið að ræða um hana á eftirfarandi hátt:

Skref

1. Eftir lestur sögunnar spyr leiðbeinandi: *Hvaða áhrif hafði þessi saga á þig?*
2. Þátttakendur tjá tilfinningar sínar og viðbrögð við sögunni.
3. Á meðan á umræðum stendur dregur leiðbeinandi athygli þátttakenda sérstaklega að því sem sagt er um það sem er líkt og ólíkt með mismunandi trúarbrögðum og menningarheimum.

IV. Umræður og mat

Við uppgjör smiðjunnar er allt það sem þátttakendur upplifðu metið og tengt við raunverulegt líf þeirra. Leiðbeinendur gæta þess af fremsta megni að þátttakendur segi frá og meti tilfinningar, hugsanir og gjörðir

Skref

1. Fyrst er lagt mat á upplifun þátttakenda á hlutverkum sínum. Leiðbeinandi spyr eftirfarandi spurninga: *Hvernig leið þér í hlutverki þínu og hvaða upplifanir færði það þér? Sem svari við spurningunni: Likist reynsla þín úr leiknum einhverju sem þú upplifir daglega?* deila þátttakendur því hvernig þeir geta yfirfært reynslu sína úr hlutverkinu á hversdagslífið.
2. Því næst er eftirfarandi spurning lögð fyrir: *Hvað er líkt eða ólíkt með því sem þú upplifðir í leiknum og því sem gerist í lífinu sjálfu?* Að lokum spyr leiðbeinandi: *Hvað hefur þú lært í þessari smiðju sem getur hjálpað þér að horfast í augu við og mæta bæði þínum eigin þörfum og annarra?* Eftir að hafa hlustað á svör þátttakenda slítur leiðbeinandi smiðjunni.

Valkostur:

Ef þátttakendur hafa valið að tala frekar um söguna en leika hana.

Skref

1. Leiðbeinandi opnar umræðuna með eftirfarandi spurningum: *Hverjar eru upplifanir þínar eftir daginn? Að hverju komstu varðandi það sjónarhorn sem þú setur á lífið? Hafa aðrir þátttakendur haft áhrif á þig? Hefurðu fundið fyrir breytingum innra með þér?*
2. Eftir að hafa hlustað á svörin slítur leiðbeinandi smiðjunni.

Heimild

TRÉ ÓDAUÐLEIKANS

Vitur maður sagði frá því að í Hindustan væri tré sem hefði þann óvenjulega eiginleika að hver sem neytti ávaxta þess lifði að eilífu. Konungur nokkur heyrði þetta og skipaði einum hirðmanna sinna að fara og leita trésins. Hirðmaðurinn hlýddi skipun konungs og fór til Hindustan. Þar ferðaðist hann

um allt landið og spurði hvern þann sem hann mætti hvar tréð óvenjulega væri að finna. Sumir viðurkenndu vanþekkingu sína, aðrir gerðu gys að honum og enn aðrir gáfu honum rangar upplýsingar svo að lokum varð hann að snúa aftur til heimalandsins án þess að hafa lokið erindi sínu. Þar greip hann til þess örvæntingarráðs að leita uppi vitringinn sem fyrst sagði frá trénu og grátbiðja hann um frekari upplýsingar.

Vitringurinn hló og mælti:

Ó, vinur, þetta er skilningstré, ó þú hyggni,
mjög hátt, mjög fallegt, mjög umfangsmikið.

Vatn lífsins frá umfljótandi úthafi.

Þú hefur leitað umbúðanna, þú illa upplýsti
því skortir þig ávöxt þess trés sem veigur er í.

<http://www.sacred-texts.com/isl/masnavi/msn02.htm>

HEYRNARDAUFUR HEIMSÆKIR SJÚKAN – RUMI (MAULANA)

Millimenningarleg færni sem unnið er með í smiðjunni

Virðing – virðing fyrir og viðurkenning á fjölbreytileika mannkyns; forvitni um menningu annarra; opinn hugur í samskiptum við fólk frá öðrum menningarsvæðum; næmni fyrir þörfum annarra.

Færni – samkennd; færni í að skilja og túlka ólík munstur í persónulegum og fjölmennningarlegum samskiptum.

Þekking – sértæk menningarleg þekking á gildum og hefðum súfismans.

Markhópur

Þessi kennsluáætlun hentar vel bæði einsleitum og blönduðum hópum. Hún er þó sérlega gagnleg þegar unnið er með fólk frá ólíkum menningarheimum og af mismunandi trúarbrögðum.

Markmið

- Að læra að finna farveg fyrir ólíkar væntingar og þarfir í persónulegum og fjölmennningarlegum samskiptum.
- Að upplifa mikilvægi næmleika fyrir og meðvitundar um þarfir mismunandi einstaklinga í persónulegum og millimenningarlegum samskiptum.
- Að gera sér grein fyrir hvernig fordómar birtast í persónulegum og millimenningarlegum samskiptum.
- Að hvetja þátttakendur til að upplifa súfískar og íslamskar hefðir og hugleiða boðskap þeirra.

Færnivíðmið

Að lokinni vinnustofunni eiga þátttakendur að hafa öðlast:

- dýpri skilning á mikilvægi samkenndar í persónulegum og millimenningarlegum samskiptum,

- dýpri skilning á rótum og lausnum vandamála í persónulegum og millimenningarlegum samskiptum, svo sem fordóma, reiði og átaka,
- jákvæðara viðhorf til mismunandi menningar og ólíkrar trúar.

Uppbygging smiðjunnar

- I. Samhæfingarhringur
- II. Upphitun og fræðsla um persneska skáldið Rumi
- III. Biblíódrama: Heyrnardaufur heimsækir sjúkan
- IV. Umræður og mat

Lýsing á vinnuferli

I. Samhæfingarhringur

Sama aðferð gildir um samhæfingarhringinn og í sögunni Fjórir menn sem skilja ekki hver annan.

II. Upphitun

Skref

1. Leiðbeinandi segir þátttakendum að hann ætli að spila dulræna tónlist og segir þeim að hlusta í hverri þeirri stellingu sem þeir kjósa; standandi, sitjandi, liggjandi, dansandi.... Tónlistin hefst.
2. Þegar leiðbeinandi finnst þátttakendur hafa náð að einbeita sér nægilega að hlustuninni sem oftast tekur sjö til átta mínútur, lækkar hann í tónlistinni og slekkur að lokum.
3. Því næst segir hann: *Hlustið! Masnavi (bók Rumis) hefst á orðinu: Hlustið! Við hefjum smiðjuna með því að hlusta á dulræna tónlist. Vinsamlegast notið eitt orð til að útskýra hvað þið heyrðuð.*
4. Leiðbeinandi hlustar á orð þátttakendanna án þess að spyrja nokkurs né koma með athugasemdir svo framarlega sem svörin eru flestum skiljanleg.
5. Leiðbeinandi segir við þátttakendur: *Við byrjum smiðjuna á sögu um að heyra og hlusta úr Masnavi. Gjörið svo vel að setjast.*

III. Biblíódrama: Heyrnardaufur heimsækir sjúkan

Skref

Lestur:

Sjálfbóðaliði les textann mátulega hátt til að allir geti heyrt vel. Textinn er lesinn aftur ef þátttakendur óska þess.

Leikur:

1. Að lestri loknum segir leiðbeinandi þátttakendum að þeir geti leikið hlutverk fólks, hluta, radda, hljóða, tíma eða hvaða fyrirbæris sem er ef þeir vilja. Þeir setja sig inn í hlutverkin með því að nota hluti á borð við litrík efni, pappír, klæði, liti og kerti sem komið hefur verið fyrir í stofunni.
2. Með því að spyrja spurninganna *Hvað heitirðu? og Hver ertu?* fullvissar leiðbeinandi sig um að allir þátttakendur þekki hlutverkin sem um ræðir. Að því búnu hefst leikurinn.
3. Á meðan á leiknum stendur gefur leiðbeinandi þátttakendum:

- tækifæri til að leika fleiri en eitt hlutverk og hvetur þá til þess,
- tækifæri til að svara spurningum eins og *Hvað er að gerast núna? eða Hvernig líður þér núna? eða Um hvað ertu að hugsa núna?* þegar tilfinningar, rökræður, siðklemmur, hreyfingar eða hik breyta flæði leiksins. Eftir slíkt hlé gengur þátttakendum betur að átta sig á því sem er að gerast. Að viðtölunum loknum gefur leiðbeinandi merki um að leikurinn skuli halda áfram.
- 4. Auk þess sem gerist í sögunni gerist eitthvað innra með hverjum þátttakanda. Því samþykkir leiðbeinandi allt sem gerast kann í leiknum. Hann fylgist vel með ferlinu og því sem gerist hjá hverjum þátttakanda.
- 5. Að leik loknum býður leiðbeinandi þátttakendum að setjast aftur í hring.

IV. Umræður og mat

Á meðan á lokaferli smíðjunnar stendur er öll reynsla hópsins metin og tengd við reynslu úr daglegu lífi. Leiðbeinandi sér til þess að þátttakendur fái metið allt sem tengist tilfinningum þeirra, hegðun og hugsunum.

Skref

1. Leiðbeinandi: *Hvernig leið þér á meðan á leiknum stóð? Hver er reynsla þín úr smíðju dagsins? Tengdist hún á einhvern hátt reynslu þinni úr daglega lífinu? Ef svo er, hvernig uppgötvaðirðu það? Með því að svara þessum spurningum deila þátttakendur einnig reynslu sinni úr daglega lífinu.*
2. Þátttakendur eru spurðir um hvað sé líkt og ólíkt með og hvað tengi saman reynslu úr biblíodramasmiðju og daglegu lífi. Að lokum spyr leiðbeinandi spurningarinnar: *Á hverju hefurðu áttað þig í þessari smíðju sem hjálpar þér að sjá og uppfylla bæði eigin þarfir og annarra?* Eftir að hafa hlustað á svör þátttakenda lokar leiðbeinandi smíðjunni.

Heimild

HEYRNARDAUFUR HEIMSÆKIR SJÚKAN

Einu sinni var fátækur maður sem átti við heyrnarleysi að stríða. Einn daginn var honum sagt að nágrenni hans hefði veikst. Maðurinn vorkenndi nágrenna sínum mjög vegna veikinda hans. Hann ákvað að heimsækja hann en hugsaði með sér:

– Hvernig á ég að skilja hvað nágrenni minn segir þegar eyru mín heyra ekki? Auk þess gæti rödd nágrenna míns verið óstyrk vegna veikindanna. En þessi heimsókn er samt mikilvæg. Ég verð að fara.

Um tíma velktist heyrnardaufi maðurinn í vafa um hvernig hann ætti að fara að. Að lokum ákvað hann að hann gæti getið sér til um hvað veiki maðurinn segði og verið búinn að æfa svör sín fyrirfram. Hann ákvað að hann gæti byrjað á að segja eftir að hafa heilsað:

– Kæri nágrenni minn sem þjáist, hvernig líður þér?

Svarið yrði örugglega:

– Mér líður ágætlega.

Þá gæti hann sagt:

– Guði sé lof, og spurt hann síðan hvað hann hefði borðað. Nágranninn myndi örugglega segja:

– Linsubaunasúpu.

Þá myndi hann svara:

– Heilsist þér vel og verði þér að góðu. Hvaða læknað annast þig?

Hann gerði því skóna að nágranninn myndi nefna nafn læknis og hann ákvað að svara:
 – Hann er mjög farsæll. Þegar hann kemur til þín fara hlutirnir að ganga vel. Allir sem hann annast fá lækningu.
 Þannig, hélt hann, myndi hann gegna skyldum sínum sem góður nágranni.
 Maðurinn fór að heimsækja nágranna sinn með þessar spurningar og svör í huga. Eftir að hafa heilsað spurði hann nágrannann hvernig honum líði. Sá veiki var mjög kvalinn og leit út fyrir að vera að gefast upp. Hann svaraði:
 – Mér líður eins og ég sé að dauða kominn.
 Heyrnardaufi maðurinn svaraði:
 – Guði sé lof, með svarinu sem hann var búinn að ákveða fyrirfram. Veika mannum sárnaði og hann móðgaðist.
 – Hverskonar svar er þetta, tautaði hann því að hann hélt að nágranni sinn væri illkvittinn. Sá heyrnardaufi ákvað að spyrja næstu spurningar, þeirrar hvað sjúklingur hefði borðað. Nágranninn, sem enn var miður sín vegna fyrstu spurningarinnar, svaraði:
 – Eitur.
 Sá heyrnardaufi sagði á móti:
 – Gott, gott. Verði þér að góðu.
 Við þetta varð nágranninn enn reiðari. Þá kom síðasta spurning gestsins. Hann spurði hvaða lækni annaðist þann sjúka. Sá veiki svaraði í kvöl sinni:
 – Nú er komið nóg. Engill dauðans nálgast.
 Gesturinn svaraði með bros á vör, ómeðvitaður um aðstæðurnar:
 – Gott, gott. Hann er mjög affarasæll. Þér mun líða betur og gleðjast.
 Á meðan sá veiki var miður sín vegna heimsóknarinnar var heyrnardaufi maðurinn hamingjusamur og Guði þakklátur fyrir að hafa fengið að rækta skyldur sínar við veikan nágranna.

Heimild:

Akbaş, A. Vahap (2011). Fengið úr *Mesnevi* Volume: 1, Verses: 3469–3485. *Mesnevi Stories*, Timaş Publications, İstanbul, 2011.

Ísrael

BIBLIÓDRAMA UM HETJUR

Númer 1: AKÍVA RABBÍNI OG RAKEL

Númer 2: HEILÖG KLARA

Númer 3: RUMI OG SHAMS

Smiðjurnar í Jerúsalem voru haldnar frá október 2011 til september 2012, alls 60 tímar: Sextán 2,5–3,5 klukkustunda langir tímar fyrir samfellda hópinn, fjórir stakir og mislangir tímar fyrir mismunandi hópa og sérstakir þjálfunartímar fyrir einstaklinga sem vildu sjá tækninni beitt við aðrar aðstæður

Yael Unterman (yfirleiðbeinandi) – kennari, rithöfundur, leikkona og lífþjálfari. Hún hefur reynslu af biblíodrama af gyðinglegri/bandarískri rót sem er kallað „biblíólogg“ í Evrópu til aðgreiningar frá biblíodramanu sem varð til þar og byggir á kristni. Hún hefur stjórnað biblíodrama fyrir fullorðna gyðinga frá 2002, þjálfað gyðingakennara um allan heim í biblíodrama og hefur kennt fjölmarga gyðinglega texta. Hún hefur einnig sýnt einleiki víða um heim sem byggja á sögunni af Kain og Abel og urðu til upp úr vinnu hennar við biblíodrama.

Peta Jones Pellach (aðstoðarleiðbeinandi) – framkvæmdastjóri fræðslunámskeiða í Elijah Interfaith Institute. Hún kom að verkefninu með reynslu og sérfræðipækkingu á sviði þvertrúarlegrar samræðu og fullorðinsfræðslu. Sérvið hennar er að aðlaga guðfræðilegt og heimspekilegt efni frá sex trúarbrögum til að nota innan breiðari áheyrendahópa, vinna kennslutæki upp úr akademískum ritum og þjálfu samræðustjóra. Hún er líka gyðingakennari með djúpstæða þekkingu á öllum helstu helgiritum gyðinga.

Ef til vill á það ennþá fremur við í Ísrael en annars staðar, að ekki hefur tekist að nýta möguleika trúarbragða til að vera sameiningarafl; auk þess hafa trúardeildir pólitískt vægi. Elijah Interfaith Institute byggir á þeirri forsendu að friður komist á ef menn skiptast á trúarlegri vísu. Hér gafst tækifæri til að sýna mátt trúarbragða til að greiða leið friðar með biblíodramaadferðum, og við vorum bjartsýnar á að það tækist. Þjálfunarsmiðjan í Póllandi í nóvember 2011 veitti okkur fleiri verkfæri og tækni til að beita við verkið.

Við komumst að því að biblíodrama er frábært jöfnunartæki og dásamleg aðferð til að skiptast á skoðunum. Þátttakendur treystu þjálfaranum og hópnum.

Fulltrúum allra trúarbragða þótti uppbyggilegt að sjá „hina“ taka þátt af svo mikilli virðingu og með svo djúpu innsæi í helga texta þeirra og fundu jafnvel á endanum nýja merkingu í þeim með biblíódramanu.

Þótt við upplifðum öll sameiginlegt og algilt mannlegt eðli okkar í því hvernig við brugðumst við áhrifamiklum atburðum og sálarkreppu, var ekki síður áhugavert að uppgötva þá ólíku túlkun, fyrirfram mótuðu hugmyndir og viðbótarþekkingu sem fólk færði með sér inn í biblíódramað. Það er eftirtektarvert að þetta fylgdi ekki skýrt afmörkuðum trúarbragðalínunum – kristinn maður kunnir að draga í efa eða styðja við sjónarmið fjöldans og sama máli gegndi um gyðing. Ólíkar túlkanir á persónunni fóru miklu fremur eftir skapgerð okkar og lífsreynslu en trúarlegum þáttum. Þetta varð til þess að brjóta niður múra á milli okkar. Við upplifðum einnig sameiginlegar stundir af söng, hlátri og ihugun á tilfinningum.

Þátttakendur í Jerúsalem–hópnum tóku að virða og þykja vænt hverjum um annan. Það má segja að samfelldir fundir af öllu tagi – ekki einungis biblíódrama – í svona margar klukkustundir geti borið sama árangur. Margt af því sem fór fram, ekki síst í síðari tímunum, krafðist hins vegar þess að þátttakendur segðu öðrum frá afar persónulegum uppgötvunum og óöryggi, lýstu yfir djúpri trú og viðkvæmum tilfinningum, og við fæstar aðstæður yrði slíkt gert. Textinn var miðillinn sem kallaði fram mannlega eiginleika allra þátttakenda. Við fræddumst um trú hvers annars og við fræddumst einnig hvert um annað. Það er viðbúið að mörg okkar haldi sambandi sín á milli.

Flestir meðlimir í Jerúsalem–hópnum gegna forystuhlutverki eða eru kennarar innan trúarsamfélaga sinna og munu vafalaust beita aðferðafræðinni sem þeir lærðu við nemendur sína og áhangendur, og einnig að einhverju marki í þvertrúarlegu samhengi.

Í samfellda Jerúsalem–hópnum voru einkum gyðingar og kristnir menn, en einstaka þátttakandi var múslimi. Gyðingarnir í hópnum bjuggu allir í Ísrael, flestir í Vestur–Jerúsalem. Flestir hinna kristnu dvöldu tímabundið í Ísrael af ýmsum ástæðum. Flestir þeirra búa nú í Austur–Jerúsalem.

Fjórir stakir fundir voru haldnir með gestahópum: sálfræðingar frá Ástralíu tóku þátt í einum tíma með fastahópnum okkar (einkum kristnir menn eða trúleysingjar og tveir gyðingar); einnig alþjóðlegur hópur guðfræðinema sem var við Biblíunám í Ísrael; hópur af rómversk-kaþólskum guðfræðinimum frá ýmsum löndum auk nema af gyðingaættum (bæði íbúum og aðkomumönnum í Ísrael) og tveir hópar af alþjóðlegum stúdentum frá Conservative Yeshiva (gyðingar) og Bat Kol Summer School (kristnir), sem báðir dvöldu einn til þrjá mánuði í Ísrael en tóku samtímis þátt í fundinum.

PRJÁR SMÍÐJUR UM HETJUR NÚMER 1: AKIVA RABBÍNI OG RAKEL

Þetta er fyrsta af þremur kennsluáætlum sem hafa það að markmiði að skoða hugmyndir um hetjur og hetjudáðir í þremur stærstu eingyðistrúarbrögðum heims, að undirstrika sameiginlega þætti í sýn þeirra á hetjur en einnig benda á það sem er ólíkt. Smíðjurnar eru þannig uppbyggðar að þátttakendur geta einnig velt fyrir sér hverjar þeirra eigin hugmyndir um hetjur eru. Af ásettu ráði eru textarnir sem unnið er með hvorki teknir úr Biblíunni né Kóraninum heldur úr þjóðsögum og ævintýrum.

Í fyrstu smíðjunni eru notaðar fjöltæknilegar aðferðir. Hún fjallar um tvær gyðinglegar hetjur, Akiva rabbína og konu hans.

Millimenningarleg færni sem fengist er við í smíðjunni:

Viðhorf – Virðing fyrir og vilji til að læra um menningu annarra; við sýn á fólk af öðrum uppruna; vilji til að sleppa takinu á fordómum.

Færni – Færni í að hlusta á fólk frá mismunandi menningarheimum og hafa við það samskipti; færni til að skilja staðreyndir um aðra menningarheima; samkennd; færni til að sjá málefni frá fleiri en einum sjónarhóli; hugrænn sveigjanleiki.

Þekking – sértæk menningarþekking á texta sem er gyðingum mikilvægur; þekking á hugmyndum gyðinga um hetjur; þekking á einni mikilvægustu hetju í sögu gyðinga, Akiva rabbína og konu hans Rakel, sem ekki var síður hetja þó öðruvísi væri.

Markhópur

Fullorðnir námsmenn sem játa ákveðin trúarbrögð, að meðtöldum gyðingum. Þeir sem ekki eru gyðingar þurfa að hafa lágmarks þekkingu á Júdeu eftir eyðileggingu annars mustersins og á Talmud sem rabbínarnir lýsa.

Markmið

- Að rannsaka í hópi gyðinga og annarra sögu sem er gyðingum mikilvæg en er lítt þekkt í hópi þeirra sem ekki eru gyðingar.
- Að lesa texta með virðingu jafnvel þó að grundvallaratriði hennar séu ólík þeim siðum og gildum sem hluti þátttakenda hefur alist upp við.
- Að finna til samkenndar með sögupersónunum með því að tala röddu þeirra.
- Að uppgötva gildi í gyðinglegum helgitexta sem einnig eru höfð í heiðri af fólki sem ekki er gyðingar.
- Að sýna gyðingum að þeir sem ekki eru gyðingar geta opnað augu gyðinga fyrir ýmsu í gyðingahefðinni.
- Að rannsaka hugmyndir um „hetjudáðir“ og taka sérstaklega eftir tveimur atriðum: Í fyrsta lagi að sum hegðun og lífsgildi teljast til hetjuskapar á heimsvísu og í öðru lagi að sum hegðun og lífsgildi eru talin aðdáunarverð í sumum menningarheimum en ekki öðrum.

Færnivíðmið

Að lokinni þessari smíðju hafa þátttakendur öðlast:

- aukna þekkingu á hugmyndinni um „hetjudáðir“ og hugmyndinni um „réttisýna manneskju“ í gyðingdómi,
- þekkingu á sögunni um Akiva rabbína og Rakel og hvers vegna þau eru álitin vera hetjur,
- aukna samkennd með persónunum í sögunni og með gyðingum sem líta á þær sem fyrirmyndir,
- skilning á áherslu gyðingdóms á auðmýkt og lærdóm, staðfestingu á að aðrir líta líka á persónurnar sem hetjur þó þeir séu ekki gyðingar,
- fjölda aðferða til að brjóta niður menningarlegar hindranir,
- hæfni til virkrar hlustunar við að tileinka sér ögrandi og framandi texta,
- hæfni til virkra tjáskipta þegar farið er í gegnum texta sem sumum er kunnur en öðum ókunnur.

Uppbygging smiðjunnar

- I. Upphitun
- II. Kynning á sögunni
- III. Biblíódrama: Akiva rabbíni og Rakel
- IV. Umræður og mat

Lýsing á vinnuferli

I. Upphitun

Skref

Innri og ytri hringur um umræðuefnið: Hvað einkennir hetjur?

1. Hópnun er skipt í tvennt - ytri og innri hring. Innri hringur snýr að ytri hring þannig að hver og einn hefur aðra manneskju andspænis sér.
2. Þeir í innri hring segja félagu sínum í ytri hring - með einu orði eða stuttri setningu - hvað einkenni hetju að þeirra mati (t.d. auðmýkt). Félaginn í ytri hring gerir það sama.
3. Allir í innri hring taka eitt skref til vinstri og mæta nýjum félagu.
4. Þeir segja orðið eða setninguna sem þeir völdu og nýi félaginn gerir það sama.
5. Þetta er gert nokkrum sinnum (hversu oft fer eftir stærð hópsins). Þátttakendur ráða hvort þeir segja alltaf sama orðið eða finna nýtt orð/setningu sem lýsir hetju.
6. Að þessu sinni bætist hreyfing við orðið. Allir segja orðið sitt við félagu sinn með ákveðinni líkamshreyfingu. Þátttakendur í innri hring taka eitt skref til vinstri og endurtaka orðið sitt með hreyfingunni og félaginn gerir hið sama.
7. Nú færir fólk í innri hring sig að nýjum félagu og gerir hreyfinguna án þess að segja orðið. (Valkostur: Félaginn getur upp á hvað hreyfingin táknar).
8. Þátttakendur mynda einn stóran hring. Þegar gefið er merki gera allir hreyfinguna sína samtímis.

II. Inngangur að helgisögu

Skref

1. Leiðbeinandi gerir stuttlega grein fyrir sögulegum bakgrunni Talmud og mikilvægi þess fyrir gyðinga að lesa Torah:
Kristnir menn og gyðingar eiga sameiginlegar helgisagnir í hebresku biblíunni. Sumar þeirra er líka að finna í Kóraninum, stundum nokkuð breyttar. Talmud er helgitexti sem er aðeins til í gyðingdómi og undirstrikar að vegir gyðinga og kristinna manna skildu. Lokið var við að skrifa Talmud á sjöundu öld en í ritinu eru teknir saman lagatextar og textar siðfræðilegs eðlis sem mótað

hafa lög gyðinga og lífshætti. Til eru tvær útgáfur af Talmud, annars vegar Jerúsalem—útgáfan og hins vegar sú babýlónska en sú síðarnefnda er ítarlegri og því almennt áreiðanlegri (þó ekki allir kaflar hennar). Auk tæknilegrar umræðu er í Talmud að finna sögur sem oft gerast á tímum annars samkunduhússins. Sumar þeirra eru stuttar en aðrar langar og lýsa mikilvægum atburðum eða persónum. Akiva rabbíni er ein helsta söguhetjan í Talmud. Hann er einn aðalhöfundur hugmynda, gilda og laga, sem síðari tíma rabbínar, þar á meðal heil kynslóð lærisveina hans, byggja hugmyndir sínar á.

Það er mikilvægt að vita um Akiva rabbína (þó að það komi ekki við sögu í þessu biblíódrama) að gyðingar dáðu hann mjög vegna þess að hann bauð banni Rómverja birginn og var fyrir óhlýðni sína pyntaður grimmilega og tekinn af lífi af Rómverjum. Akiva bar saman þá þörf gyðinga að leggja stund á Torah við þörf fískins til að lifa í vatni og hann bar Rómverja saman við refinn sem reynir að tæla fískinn úr náttúrulegu umhverfi sínu.

2. Við val á eftirfarandi texta var haft í huga að auðveldara getur verið fyrir þátttakendur að ná tókum á biblíódrama í gegnum þjóðsögur heldur en trúarlega texta úr Biblíunni eða Kóraninum því þær síðarnefndu gætu orðið yfirþyrmandi í fjölmenningarlegu umhverfi.

III. Biblíódrama

Skref

Kynning:

Í dag ætlum við að vinna fyrstu af þremur smíðjum um umræðuefnið hetjur í ólíkum trúarlegum hefðum. Við sækjum í mjög mikilvægan texta í gyðingahefð sem kallaður er Talmud. Þekkir einhver ykkar til Talmud?

Sagan sem kynnt verður hér á eftir er ein af þekktustu goðsögnum af Akiva, mesta rabbína gyðinglegrar sögu. Hann ólst upp í fátækt sem fáfróður fjárhirðir auðugs manns. Tánmerking fjárhirðisins er mikilvæg í gyðingahefðinni því að margar helstu hetjur og leiðtogar sinntu upphaflega starfi fjárhirðis - til dæmis Móses og Davíð - og gyðingar álíta að sú aðferð sem menn nota til að leiða sauði sína gefi vísbendingar um hvernig þeir muni leiða fólk sitt. Kona Akiva er ekki nefnd í þeirri sögu sem við ætlum að lesa en í Talmud er gefið til kynna að hún heiti Rakel.

Í dag notum við margvíslega biblíódramatækni en fyrst munum við nota svokallað biblíólogg sem er nokkuð ólíkt venjulegu biblíódrama. Ég mun spyrja allan hópinn spurninga og eitthvert ykkar velur að svara mér í fyrstu persónu eins og persóna í sögunni myndi svara. Aðrir geta líka svarað spurningunni og þannig munu mörg og jafnvel mjög ólík svör heyrast. Einbeitið ykkur að því að ihuga hvað ykkur finnst og verið ófeimin við að tjá það. Talið alltaf í fyrstu persónu vegna þess að þið svarið í nafni einnar persónunnar í sögunni en – takið vel eftir – þið þurfið ekki alltaf að vera sama persónan.

Stig 1 - Aðferðin biblíólogg

1. Lesið söguna vandlega að orðunum „ágóða af eignum hans”.
2. Lesið fyrsta kaflann aftur.
3. Leiðbeinandi spyr hópinn spurningar sem einhver úr hópnum svarar í hlutverki sögupersónu. Dæmi:

–Ben Kalba Savua, ríkasti maður þorpsins. Ert þú ánægður? Um hvað dreymir þig? Eða: Akiva fjárhirðir? Hvernig er líf þitt sem fjárhirðir Ben Kalba Savua? Líkar þér vel að vinna fyrir hann? Um hvað hugsarðu þegar þú ert einn úti með hjörð þinni?

–Rakel dóttir auðuga mannsins, hvernig er líf þitt? Um hvað ert þú að hugsa?

4. Takið eftir að það er ekki aðeins einn þátttakandi sem svarar fyrir hverja persónu heldur geta allir lagt orð í belg.
5. Leiðbeinandi býður nú hópnum að spyrja sögupersónurnar spurninga með því að segja: *Finnst ykkur sem einhverjum spurningum sé enn ósvarað? Spyrjið spurninganna sem vantar.*

Stig 2 - Þrír hlutverkaleikir

1. Þrír stólar eru settir á stað þar sem allir sjá og gegnir hann nú hlutverki sviðs.
2. Leiðbeinandi auglýsir eftir þremur sjálfboðaliðum. Hver þeirra velur sér hlutverk Akiva, Rakel eða Ben Kalba Savua. Þeim bjóðast leikmunir (til dæmis slæður) og eru hvattir til að sýna með líkamstjáningu hverjir þeir eru. Þeir setjast í sætin þrjú.
3. Leiðbeinandi spyr nú spurninga um persónulega hagi eins og: *Hvað ertu gamall/gömul? Hvernig líkar þér við fólkið sem situr hérna með þér?* Leiðbeinandi endurtekur alltaf svörin og talar í fyrstu persónu eins og viðmælandinn. Á þann hátt undirstrikar hann orð viðmælanda.
4. Síðan segir leiðbeinandinn: *Það er morgunn þess dags þegar Akiva og Rakel eiga samræður. Ben Kalba Savua, ríkasti maður þorpsins, sýndu okkur hvernig þú vaknar! Hvernig er að vakna í dag? Og: Rakel, hvernig líður þér? Hvernig var að vakna? Og: Akiva fjárhirðir? Hvað með þig? Hvernig vaknaðir þú í morgun?*
5. Leiðbeinandi les nú fyrstu línur sögunnar og lætur þátttakendur spinna leikinn sitjandi í stólunum.
6. Leiðbeinandi segir *frjósíð!* þegar honum finnst augnablikið rétt og spyr: *Hvernig líður ykkur á þessari stundu? Hverjar eru hugsanir ykkar sem þið segið ekki öðrum.* Leiðbeinandi klappar saman lófum til að sýna að spuninn á að halda áfram.
7. Leiðbeinandi snýr sér nú að þeim hluta hópsins sem er áhorfendur og segir: *Ykkur er velkomið að koma hingað upp og taka við einhverju hlutverkanna. Komið og snertið þá persónu sem þið viljið túlka og setjist í sæti hennar.*
8. Þannig heldur spuninn áfram og þátttakendur sem vilja hafa áhrif á gang leiksins fara í þau hlutverk sem þeim hentar.
9. Gerist spuninn of hægur og langdreginn klappar leiðbeinandi saman lófum og tilkynnir: *Klukkutíma síðar! eða Degi síðar!*
10. Þegar búið er að leika fyrsta kaflann, spyr leiðbeinandi þátttakendur sem léku hlutverkin: *Getið þið með nokkrum orðum dregið saman hvaða tilfinningar vöknudu með ykkur þegar þið voruð að leika. Hvernig líður ykkur núna?*

Stig 3: Tímagloppu–æfingin

Lesið aftur að „hann kom aftur með tólf þúsund lærisveina“.

1. Leiðbeinandi: *Nú eru persónur sögunnar orðnar tólf árum eldri og líklega hafa þær eitthvað breyst. Ég bið ykkur um að standa upp og skipta ykkur í tvo hópa.*
2. Hóparnir ákveða hvor er hópur A og hvor er hópur B.
3. Hópur A fer til fjárhirðisins Akiva. Hópur B fer til lærða rabbínans Akiva sem kom með tólf þúsund lærisveina.

4. Leiðbeinandi: *Nú eru allar persónur sögunnar orðnar tólf árum eldri. Ég geri ráð fyrir að þær hafi eitthvað breyst. Ég bið ykkur um að standa upp og skipta ykkur í tvo hópa.*
5. Ákveðið hvor hópurinn er A og hvor er B.
6. Hópur A fer til fjárhirðisins Akiva. Hópur B fer til rabbínans Akiva.
7. Leiðbeinandi: *Hópur A, getur þú sýnt með látbragði að þú ert Rakel, dóttir ríka mannsins? Hópur B, getur þú hreyft þig eins og Rakel, kona sem lifir í fátækt og biður eftir að eiginmaður hennar snúi aftur? Eldri persónan horfir á þá yngri eins og í spegli og finnur hvernig árin tólf hafa liðið. Yngri persónan horfir á þá eldri eins og á gamla ljósmynd og finnur fyrir árunum tólf.*
—Persóna A. Getur þú hreyft þig eins og Ben Kalba Savua, ríki maðurinn sem á allt sem hann þarfnast?
8. Allir setjast aftur í hópinn.
9. Leiðbeinandi: *Nú eigð þið að tala eins og þið séuð persónurnar: Viljð þið segja okkur hvernig er að vera önnur manneskja en fyrir tólf árum? Fylgir því hamingja eða sorg?*

Stig 4: Biblíólogg í tveimur hópum

1. Lesið að sögulokum.
2. Skiptið hópnum í tvennt - þá sem spyrja og þá sem svara.
3. Biðjið spyrjendur að taka viðtal við svarendur sem eru í hlutverkum Akiva og Rakel um árin tólf sem þau voru aðskilin.
4. Leiðbeinandinn getur gripið í taumana ef hópinn rekur í vörðurnar eða það gleymist að spyrja mikilvægra spurninga. (Dæmi: *Akiva, hvernig var að vera fjarri konu sinni? Hugsaðir þú oft um hana? Líkaði þér nám þitt vel? Rakel, hvernig var þetta hjá þér? Á hverju lifðirðu?*)
5. Leiðbeinandi biður viðmælendur að svara eins og þeir séu Akiva og Rakel í atriðinu þegar Akiva kemur aftur. (Dæmi: *Hver ert þú, gamli maður? Rakel, hvernig líður þér þegar þú sérð hann? Akiva, af hverju talarðu ekki við hana?*)

Stig fimm: Biblíólogg í sameinuðum hópi

1. Allur hópurinn verður nú aftur svarendur.
2. Leiðbeinandinn segir: *Nú vil ég fá skyndimynd af tilfinningum Akiva þegar hann gengur burt - segið eitt orð til að lýsa tilfinningunni (t.d. léttir, stolt, ánægja):*
— *Akiva - leistu fram eða aftur þegar þú snerir við? Sýndu mér hreyfinguna.*
— *Rakel, hvað hugsaðir þú þegar þú ætlaðir að taka á móti honum?*
— *Nágrannar, segið okkur frá Rakel.*
— *Akiva og nágrannar, hvernig leið ykkur á þeirri stundu þegar þið hittust aftur?*
— *Hvað með atriðið í lok sögunnar - Ben Kalba Savua, segðu okkur hvernig þér leið allt atriðið í gegn?*
— *Eru fleiri sem þurfa að tjá sig?*
3. Takið eftir: Það sem nágrannar hafa að segja er oft mjög áhugavert. Ef tími gefst til væri hægt að spinna þann hluta á bibliodramatískan hátt þ.e. að fá hópinn fram á gólfíð og láta þá spjalla og slúðra í frjálsum spuna. Einnig væri hægt að leika fylgismenn Akiva.

Stig 6: Umræður

1. Þátttakendur ganga um og hrista af sér hlutverkið með að segja raunveruleg nöfn sín.

2. Leiðbeinandi: *Hvað snerti ykkur í þessari sögu? Hvaða tilfinningar bærðust með ykkur?*
3. (Valkostur): Endið tímenn á að láta þátttakendur botna setningar eins og *ég upplifði það sterkt þegar...* eða *”mér fannst erfitt þegar ...”*
4. Hvað segir þessi gyðinglega saga okkur um hetjuskap?

Heimild

R. Akiva var fjárhirðir Ben Kalba Savua. Dóttir Ben Kalba Savua tók eftir að hirðirinn var hógvæð maður og göfuglyndur og hún sagði við hann: „Ef ég fastnast þér, myndir þú fara og hefja nám við akademiuna?” Fjárhirðirinn svaraði játandi. Hún trúlofaðist honum á laun og sendi hann burt. Þegar faðir hennar komst að ráðahagnum rak hann dóttur sína úr húsum sínum og hét því að hún skyldi ei frekar hafa ágóða af eigum hans. Akiva fór og stundaði nám við akademiuna í tólf ár. Að því loknu sneri hann aftur ásamt tólf þúsund lærisveinum. Hann heyrði gamlan mann segja við Raket: „Hversu lengi ætlaðu að lifa sem sýndarekkja?” Hún svaraði: „Ef hann fer að ráðum mínum mun hann nema tólf ár til við akademiuna.”

Hann fór og stundaði nám við akademiuna í tólf ár til og sneri aftur með tuttugu og fjögur þúsund lærisveina. Raket frétti af því og var á útleið til að taka á móti honum þegar nágranni hennar sagði: „Fáðu lánuð föt og dulbúðu þig!” Hún svaraði: „Heilagir þekkinga sálir skepnanna.”

Þegar hún nálgaðist hann, féll hún niður og kyssti fætur hans. Lærisveinar hans reyndu að ýta henni frá en hann sagði: ”Látið hana vera! Allt sem ég eða þið eigið er hennar.”

Faðir hennar frétti að mikilmenni væri komið í bæinn og hann ákvað að leita ráða „Ég ætla að fara til hans, kannski getur hann aflétt eið mínum.” Þegar hann kom spurði Akiva: „Hefðirðu unnið þennan eið ef þú hefðir vitað að hann yrði mikilmenni?” Faðirinn svaraði, „Ef hann bara hefði kunnað eitt vers eða eina lagagrein hefði ég ekki hætt greiðslum”. Hann sagði við hann: „Ég er hann.” Ben Kalba Savua féll niður, kyssti fætur hans og gaf honum helming eigna sinna.

Babýlónskur Talmud, *Tractate Ketubot 62b*

BIBLIÓDRAMA UM HETJUR NÚMER 2: HEILÖG KLARA

Önnur af þremur smiðjum um hetjur er saga um kristna hetju, heilaga Klöru. Hér verður notuð bibliólogg–aðferð þar sem þátttakendur þurfa að setja sig í hlutverk „hinna”. Þessi kennslulýsing birtist hér í stuttri útgáfu en lengri útgáfu má finna á vefsíðu verkefnisins. Þar má finna upplýsingar um millimennningarlega færni sem fengist er við, markhóp, markmið, færni viðmið og lengri útgáfu af kennslulýsingunni:

http://bibliodramatic.net/main/document/document.php?cidReq=INTER&curdirpath=/Bibliodrama_scenarios/Scenarios from Israel

Uppbygging smiðju

- I. Upphitun
- II. Kynning á sögunni
- III. Biblíódrama: Sagan af heilagri Klöru
- IV. Úrvinnsla
- V. Umræður og mat

Lýsing á vinnuferli

I. Upphitun

Skref

Hreyfing með hópi

1. Hópurinn stendur í hring.
2. Einn þátttakandi gerir hreyfingu sem lýsir því hvernig honum líður á þessari stundu.
3. Sá næsti til hægri endurtekur hreyfinguna sem þannig breiðist út til allra.
4. Þegar hreyfingin kemur tilbaka til upphafsmannsins tekur næsta manneskja við og býr til nýja hreyfingu.
5. Þetta gert þangað til allir þátttakendur hafa fengið að sýna hreyfinguna sína.

Hetjan mín

1. Tveir og tveir mynda hóp.
2. Í fimm til tíu mínútur deilir hver og einn með þeim sem stendur andspænis honum persónulegri reynslu af hetju eða hetjudáð.

II. Undirbúningur fyrir helgisögu

Skref

1. Hér verður stuttlega lýst sögulegum bakgrunni frásagnarinnar af heilagri Klöru og guðfræðilegum skilningi á dýrlingum. Leiðbeinandi getur valið að segja þátttakendum frá bakgrunni sögunnar áður en unnið er með hana.
2. Mælt er með að þátttakendum sé sagt að sögusviðið sé öndverð 14. öld og að minnst sé á við þá að dýrlingar hafi sérstaka þýðingu fyrir rómversk-kaþólska. Heilög Klara var tekin í dýrlingatölu skömmu eftir dauða sinn sem þýðir að dyggðugt líferni hennar og kraftaverkin sem hún gerði voru viðurkennd af kirkjunni (meira um sögulegan bakgrunn má finna á vefsíðunni).

III. Biblíódrama: Sagan um heilaga Klöru

Skref

1. Leiðbeinandi: *Í dag höldum við áfram að skoða trúartexta sem hvorki er í Biblíunni né Kóraninum. Í þetta sinn er sagan um heilaga Klöru.*
2. Lestur: Sagan er lesin upphátt.
3. Leiðbeinandi: *Í dag vinnum við með biblíólogg–aðferðina og við veltum upp hugmyndinni*

með „okkur” og „hina”. Í smiðjunni okkar í dag mun einn trúarhópur –kristnir– svara spurningum hinna. Kristnir munu sitja öðru megin í herberginu andspænis hinum. Kristnir eru í hlutverki kristinna í sögunni og hinir í hlutverki hinna. Dæmi: Hinir spyrja: Klara, hvernig var uppvöxtur þinn?” og þeir kristnu svara. Þegar einhver hinna finnur hjá sér þörf til að fá að svara spurningum fer hann yfir til þeirra kristnu og verður einn þeirra æfinguna á enda. Það er ekki hægt að snúa til baka. Það er mikilvægt að þeir kristnu átti sig á að ekki er verið að beina kastljósinu að þeim á óþægilegan hátt heldur er verið að bjóða öðru fólki að skilja sögu þeirra og vera þeirra megin ef það kýs. Nú fara allir á sinn stað og þeir sem ekki eru kristnir, þeir sem eru „hinir” geta byrjað að spyrja spurninga. Þegar og ef að því kemur að þið viljið fá að svara færið þið stólinn ykkar yfir til þeirra kristnu.

4. Unnið með biblíólogg-aðferðinni. Hópurinn fer eftir fyrirætlum og skiptir sér í tvo hópa. Leiðbeinandi biður spyrjendur að spyrja spurninga úr fyrstu grein sögunnar, síðan annarri og að lokum úr allri sögunni. Á tíu mínútna fresti minnir leiðbeinandi á að þeir sem ekki eru kristnir geti skipt um hóp.

Nokkur dæmi um spurningar ef hópinn rekur í vörðurnar:

– Klara, hvernig var uppvöxtur þinn? Varstu nánari móður þinni en föður? Hvað fannst þér um pabba þinn? Heldurðu að þú hefðir orðið sú sem þú ert ef þú hefðir ekki fæðst rík? Eða: Hvað í lífi þínu gerði þig að þeirri sem þú ert?

– Hvaða kenndum fannstu fyrir þegar þú hittir heilagan Frans? Upplifðirðu það sem skritinn fund með fátækri manneskju? Hvernig túlkaðirðu orð hans?

– Guido biskup, segðu okkur frá Klöru eins og þú upplifir hana.

– Móðir, hvers vegna gekkstú í lið með þeim?

– Faðir, þú varst orðinn einn í fina húsinu þínu. Hvað hugsaðirðu þá?

Leiðbeinandi getur bundið enda á umræðuna með því að spyrja:

– Klara, hvernig finnst þér að vera færð í leikbúning á þennan hátt? Hvað finnst þér um þá kristnu í þessu herbergi? Hvað finnst þér um þá sem ekki eru kristnir?

IV. Úrvinnsla

1. Hópurinn undirbýr sig fyrir úrvinnslu og myndar aftur einn hring.
2. Fólk gengur um og segir raunverulegt nafn sitt til að hrista af sér hlutverkið.
3. Leiðbeinandi setur fram fimm stóla í röð og setur slæður í mismunandi litum á hvern þeirra.
4. Hann útskýrir að stólarnir tákna Klöru, Frans, móður Klöru, föður Klöru og biskupinn.
5. Leiðbeinandi býður þátttakendum einum í senn að koma upp og velja sér einn stólanna: Þeir geta annaðhvort (a) setið í stól og sagt eitthvað í hlutverkinu sem þeir myndu líka geta sagt frá eigin hjarta (b) staðið fyrir aftan stólinn og sagt eitthvað frá eigin hjarta við persónuna.

Dæmi um (a) – þátttakandi situr í stól föður Klöru og segir: „Ég reyni að stjórna öllum í kringum mig.”

Dæmi um (b) – þátttakandi stendur fyrir aftan stól föður Klöru og segir við „hann”: „Ég neita að láta fólk eins og þig stjórna mér.”

IV. Umræður og mat

Þátttakendur sitja í hring og leiðbeinandi spyr: *Hvað snerti þig í þessari sögu? Hvað gerðist innra með þér þegar við lékum hana? Hvar sástu hetjuskap í sögunni? Talaði hann til þín? Hvernig upplifun var þetta fyrir kristna hópinn? En fyrir hinn hópinn? Hvers vegna fóru sumir yfir í kristna hópinn og hvernig tilfinning var það? Hvernig tilfinning var fyrir hina að fara ekki yfir? Getum við deilt sögum okkar með fólki af ólíkum uppruna? Er það mikilvægt?*

Heimild

Heilög Klara af Assisi (frásögnin fengin frá mörgum heimildum)

Heilög Klara hét upphaflega Chiara og var elsta dóttir hins auðuga Favorio Scifi greifa af Sasso-Rosso og konu hans Ortolönu sem var heittrúuð kona og hafði farið í pílgrímsferðir til Rómur og fyrirheitna landsins. Þó að Klara væri falleg og góður kvenkostur sýndi hún lítinn áhuga þeim veraldlegu gæðum sem henni buðust (framhald sögunnar er á vefsíðu verkefnisins).

BIBLÍÓDRAMA UM HETJUR NÚMER 3: RUMI OG SHAMS

Inngangur

Þriðja smiðjan um efnið hetjur fjallar um tvær íslamskar hetjur; Rumi og Shams. Markmið um millimenningarfærni, markhópa og færniviðmið auk ítarlegri kennslulýsingar má finna á vefsíðu verkefnisins.

Uppbygging smiðju

- I. Spurningaleikur – Gettu hver hetjan er!
- II. Kynning á sögunni
- III. Biblíódrama: Sagan af Rumi og Sams
- IV. Úrvinnsla: Hetjur og stórmennska í þremur trúarbrögðum

Lýsing á vinnuferli

- I. Spurningaleikur – Gettu hver hetjan er.

Skref

1. Þátttakendur eru beðnir um að finna sér hetju úr trúartextum sínum eða ævintýrum – eða veraldlega hetju ef því er að skipta.
2. Þeir skrifa á blað nokkrar setningar sem lýsa þessari persónu og gera það í fyrstu persónu. Dæmi um Móse: „Ég leiddi þjóð mína í mörg ár. Ég hóf líf mitt á meðal ókunnugrar þjóðar og átti móður sem ekki var mín eigin. Við ferðuðumst mikið. Bróðir minn og systir voru líka mjög mikilvæg. Ég er afar auðmjúkur.”
3. Tveimur stólum er komið fyrir „á sviðinu”. Annar stólinn er sveipaður slæðu. Þátttakendur koma hver á eftir öðrum og setjast í stólinn með slæðunni sem þeir geta notað eftir þörfum

í hlutverki sínu. Þeir lesa upphátt, hægt og greinilega, línurnar fimm sem þeir skrifuðu um hetjuna sína.

4. Á meðan á þessu stendur getur hver sem er úr hópnum sest hvenær sem er í hinn stólinn. Þeir spyrja hetjuna í hinum stólnum spurninga sem byrja á „Hvernig var það fyrir þig?“... eða „Hvað hugsaðirðu þegar?“ ... sem á að sýna að þeir vita hver umrædd persóna er. Ef Móse situr til dæmis í stólnum væri hægt að spyrja: „Hvernig var það fyrir þig að vera upp á Sínai-fjalli?“
5. Sé tilgátan röng segir sá í sögustólnum einfaldlega nei og spyrjandi fer aftur til sætis.
6. Sé tilgátan rétt svarar sá í sögustólnum í framhaldi af spurningunni: „Ég var á fjallinu í fjörutíu daga, ég man það ekki svo greinilega.“ Þátttakendur geta þá spurt fleiri spurninga. Umræða um hverja hetju getur staðið í þrjár til tíu mínútur eftir því hve mikinn tíma hópurnir hefur.
7. Að lokum er opnuð umræða um hvernig það var að vera í sporum hetju sinnar og að heyra um hetjur úr eigin trúarbrögðum og annarra. Leiðbeinandi getur boðið þátttakendum að byrja á orðunum „Það hafði mikil áhrif á mig þegar“... Þannig fá þeir hjálp við að komast strax að kjarna málsins.

II. Kynning á helgitexta

Skref

Notið upplýsingarnar sem er að finna á vefsíðu verkefnisins til að fræða þátttakendur um bakgrunn sögunnar.

III. Bibliódrama

Skref

1. Kynning leiðbeinanda: *Í dag höldum við áfram að skoða texta sem eru hvorki í Biblíunni né Kóraninum. Ég kynni til sögunnar persónu sem er mjög mikilvæg fyrir Írana, Tyrki, Afgana og aðra Mið-Asíu múslíma en einnig múslíma á indverska menningarsvæðinu en þessar þjóðir hafa tilbeðið hana í sjö aldir.*
2. Byrjað er að nota tækni til að hjálpa fólki að skilja framandi texta og gera þá að sínum.
3. Fyrsti hluti sögunnar um Rumi og Shams er lesinn upphátt. Athugið að textann má finna á vefsíðu verkefnisins. Hann er langur en hægt er að stytta hann, til dæmis með því að nota hann aðeins að orðunum „Þú veist betur.“ Lengri útgáfu textans má nota í hefðbundinni bibliódrama–smíðju.
4. Þegar textinn er lesinn eru þátttakendur beðnir um að finna eitt orð (eða stutta setningu) sem veur sérstaka athygli þeirra vegna mikilvægis í samhenginu.
5. Eftir lesturinn standa þátttakendur í hring á gólfinu og hver og einn segir orðið sitt eða setningu á dramatískan hátt og hópurnir endurtekur orðið á enn dramatískari hátt. Ef einn þátttakenda segir til dæmis *Enginn talaði frá hjartanu* bergmálar hópurnir *ENGINN TALADI FRÁ HJARTANU!!!*
6. Þegar allir hafa sagt orðið sitt eða setninguna biður leiðbeinandi hópinn að endurtaka öll í einu öll orðin af öllum kröftum. Hann telur upp að þremur - *OG ORÐIN FYLLA HERBERGIÐ.*
7. Þá er komið að því að nota bibliólogg–aðferðina.
8. Fyrsti kaflinn er lesinn aftur.
9. Leiðbeinandi biður hópinn að svara spurningum í hlutverki Shams, til dæmis: *Shams, hvernig*

er líf þitt? Hvers vegna valdirðu að lifa á þennan hátt? Hefurðu verið svona alveg frá bernsku? Er líf þitt erfitt eða ertu hamingjusamur? Hvernig eru samskipti þín við venjulegt fólk og við fræðimenn? Hvað hugsarðu þegar þú situr við kertaljós á kvöldin? (Leiðbeinandi lætur hópinn finna fleiri spurningar).

10. Lokið við að lesa söguna.
11. Tveir sjálfboðaliðar fá hlutverk Rumi og Shams og setjast á stólana tvo sem settir hafa verið fram á „sviðinu”.
12. Þátttakendur spyrja spurninga og Rumi og Shams geta líka talað saman. Svo segir leiðbeinandinn: *Er einhver sem hefur þörf fyrir að segja okkur eitthvað? Þátttakendur segja frá reynslu sinni.*
13. Þátttakendur ganga um og endurtaka nafn sitt í sífellu til að hrista af sér hlutverkið.

IV. Úrvinnsla

Skref

1. Tveir og tveir spyrja hvor annan spurningarinnar: *Hvort ert þú Rumi eða Shams í þínu eigin lífi? Hvers vegna?*
2. Leiðbeinandi biður þátttakendur að koma af stað samræðum á milli fólksins í sögunum — eða með öðrum orðum koma af stað samræðum á milli sagna þessara þriggja trúarbragða.
3. Leiðbeinandi: *Hvað segir þessi múslímska saga okkur um hetjuskap? Hvað finnst okkur um þessar hetjur?*

Úrvinnsluaðferð:

Skref

1. Þrjú stólar eru settir fram. Hver þeirra tákna eina söguna og söguhetjur hennar; heilög Klara; Akiva rabbíni og Rakel, Rumi og Shams.
2. Leiðbeinandi biður þátttakendur að koma af stað samræðum á milli fólksins í sögunum — eða með öðrum orðum koma af stað samræðum á milli sagna þessara þriggja trúarbragða.
3. Þátttakendum er boðið, einum og einum í senn, að setjast á stól sem tákna eina söguna og tala við fólk í hinum sögunum. Heilög Klara getur til dæmis sagt við Rakel: Þú fórnaðir ríkidæmi þínu fyrir andlega leit.
4. Ef einhver situr í stól Rakelar svarar hann Klöru. Annars kemur einhver þátttakenda og sest í stólinn til að tala við Klöru. Það sama á við ef stóll Klöru er auður.

Einkenni mikilmennsku

1. Þátttakendur eru beðnir um að rifja upp hvaða hetjudáðir þeir sáu í hverri sögu.
2. Um leið og þeir nefna einhverja dáð velja þeir sér slæðu sem tákna þann gjörning og setja hann yfir bakið á stól.
3. Því næst eru þátttakendur beðnir um að hugsa um hvaða gjörning þeir vildu sjálfir helst gera. Þeir ganga fram og taka slæðuna sem tákna þann gjörning.
4. Stutt umræða um hvers vegna þátttakendur velja sinn gjörning og hvaða sjónræna formi þeir lýsa honum með.

Heimild

Rumi og Shams

Sagan gerist á miðri 14. öld. Trúaður uppreisnarmaður að nafni Shams frá Tabriz hafði um áraraddir ferðast frá bæ til bæjar til að yfirheyra alla þá lærðu menn sem hann hitti. Hann var í leit að læriföður en enginn átti svörin sem hann óskaði. Allir vitnuðu í handrit og bækur en enginn talaði frá hjartanu og sagði frá persónulegri reynslu sinni. Shams vildi kafa dýpra en bækurnar að hjarta Guðs, hann vildi kafa í gegnum hjarta mannsins. En hvar sem hann fór var hlegið að honum og fólkið kallaði hann vitskertan og guðlastara en hann vorkenndi því (framhald sögunnar má finna á vefsíðu verkefnisins).

IV.

Aleksander Schejbal

NIÐURSTÖÐUR: ÁVINNINGUR SAMKVÆMT FRÁSÖGNUM ÞÁTTTAKENDA Í TILRAUNASMÍÐJUNUM



Aukin sjálfsþekking og betri þekking á grunnstoðum eigin menningar/trúarbragða

Þessi saga vakti spurningar um sjálfan mig. Get ég haldið staðfastlega fram eigin hugmyndum þegar svona margar aðrar eru til? Ég held að það sé ekki svona auðvelt.

Aukin þekking á öðrum trúarbrögðum og menningu

Við kynnumst, og það sem meira er, upplifum það sem skiptir aðra sem fylgja öðrum trúarbrögðum eða öðrum deildum innan sömu trúarbragða gríðarlega miklu máli.

Skýrari meðvitund um fordóma og staðalmyndir sem eru inngrónar í hugmyndir okkar sjálfra um önnur trúarbrögð

Ég hugsaði ekki svona djúpt áður fyrr. Ég áttaði mig á að hlutirnir eru ekki eins og þeir sýnast og að orðin sem ég nota til að lýsa hinum andlega heimi eru ekki fullnægjandi.

Aukin færni í að taka þátt í millimenningar-/þvertrúarlegri samræðu

Æfingarnar létu okkur upplifa samræðuna með hliðsjón af þeim umtalsverða muni sem á okkur var, kynnst hvert öðru betur og vinna að almennum lausnum sem leiða til þess að hugurinn opnast gagnvart fjölbreytileika og framandleika.

Opnari og umburðarlyndari afstaða til „hinna“

Það hugsa ekki allir eins um sama málefnið. Þegar maður heyrir hugsanir annarra opnast hugur manns. Þá þarf „framandleikinn“ ekki að vera aðgreiningaratriði.

Niðurstaðan úr smíðjum BASICS-verkefnisins, sem voru haldnar í ólíku menningar- og trúarlegu umhverfi í Póllandi, Ungverjalandi, Íslandi, Tyrklandi og Ísrael, varð samantekt á biblíodramabyggðum kennsluáætlunum sem miðuðu að því að styrkja þvertrúarlega samræðuhæfni og millimenningarfærni. Lýsingarnar sem kynntar eru í þessu riti eru stytтар. Í öllum eru tilgreindir þeir fletir á millimenningarfærni sem hægt er að taka á í þvertrúar-/millimenningarlegu biblíodrama, talin upp sértæk markmið sem tengjast þessum flötum beint og tilgreind mörg vel skilgreind færni viðmið sem hægt er að ná í smíðjum sem byggja á grunninum sem lagður er fram.

Rétt skilgreining færni viðmiða er brýn þegar hvers kyns námsframvinda er skipulögð, jafnt formleg sem

óformleg. Höfundar kennsluleiðbeininganna hafa notað hvert tækifæri til að hvetja tilvonandi notendur til að velta rækilega fyrir sér þeim færniviðmiðum sem sett eru fram fyrir hvern hluta og einbeita sér að þeim sem tengjast best þeirra tiltekna fræðslusamhengi og hópum. Til að „mæla“ að hvaða marki viðmiðin hafa náðst, ættu smiðjustjórnendurnir að taka upp matsferli sem felst í að minnsta kosti einhverri „stigagjöf“ fyrir grunnviðmið hópsins sem tekur þátt í millimenningar-bibliódramanu. Grunnviðmiðið verður vísunarpáttur til að meta breytingarnar sem þátttakendur hafa tekið hvað varðar ný viðhorf, færni eða þekkingu tengda þáttum í millimenningarfærni sem unnið er með í smiðjunum. Í uppbyggingu á dæmigerðum bibliódramatíma eru tvö stig sem hægt er að aðlaga slíkri könnun: Aðlögunarhringurinn í upphafi og hin gagnkvæma deiling á skoðunum og tilfinningum í lok smiðjunnar. Kennslulýsingunum þurfa ekki að fylgja listar með tilbúnum spurningum – þær þurfa þjálfararnir að þróa sjálfir og aðlaga sérstaklega í samhengi við þjálfunina (mismunandi tjáningarfærni þátttakenda, vinna að mismunandi færniviðmiðum, mismunandi samvirkni innan hópsins o.s.frv.). Hvað sem því líður er brynt að safna saman endurgjöf þátttakenda um gildi fræðslunnar á formi sem hægt er að meta.

Pannig ferli var innleitt í BASICS-tilraunasmiðjunum og hjálpaði okkur að hanna, prófa og fínþússa kennsluleiðbeiningarnar sem kynntar eru í þessu riti. Á þessu stigi langar okkur að greina ykkur frá hluta af endurgjöf þátttakenda í verkefninu um millimenningarfærni sem þeir öðluðust með bibliódrasmiðjunum. Við þurftum að takast á við þrenns konar stór vandamál sem koma upp í allri viðleitni til að skilja gildi bibliódrama sem verkfæris í þvertrúar-/millimenningarþjálfun til að geta kynnt heildarsamantekt á niðurstöðunum. Í fyrsta lagi spannar bibliódrama margar ólíkar nálganir, aðferðir og tækni, sumar alkunnar úr fræðslu, svo sem hlutverkaleikur persóna úr bókmenntum, og sumar umdeildar, eins og að fíflast með umfjöllunarefni úr trúarritum. Í öðru lagi ræðst bein notkun þessara aðferða að miklu leyti af hæfni stjórnandans og svonefndri „hópvirkni“, sem getur orðið svo mikil að hún flæðir yfir bakka raunhæfrar og hlutlægrar greiningar. Í þriðja lagi segjast bibliódramatistar fást við „andlega þætti vitsmunalífs“ og túlkanir á „mannlegum grunnildum“, sem reynist ekki auðvelt að þýða yfir í áþreifanleg viðhorf, færni og þekkingu og setja fram sem niðurstöður lærdóms í smiðjuvinnu.

Við hyggjumst því þræða veg reynsluvísinda og ljúka bókinni á stuttu yfirliti um það gagn sem þátttakendur í BASICS-smiðjunum segjast hafa haft af þeim. Úr auðugum sjóði ábendinga, athugasemda og íhugana sem okkur bárust með endurgjöf þátttakenda í spurningalistum og viðtölum völdum við og skiptum í flokka þeim sem vísa til áþreifanlegs lærdóms af millimenningarþætti þjálfunarinnar.

Aukin sjálfsþekking og aukin þekking á grunnstoðum eigin menningar/trúar

Þessi ávinningur er ekki einungis sýnileg niðurstaða úr bibliódrama fyrir hóp þátttakenda sem eru laustengdir trúarlegum bakgrunni menningar sinnar. Athyglisvert má telja að þetta kemur einnig fram í hópi hámenntaðs fólks sem er vel lesið og þekkir vel ritningarnar sem mótuðu trú þess og gildismat. Bibliódrama býður upp á möguleika til náinnar skoðunar á trúarlegri frásögn með því að hjálpa mönnum að „hverfa inn í“ tiltekna aðstæður og persónur sem lýst er í slíkum textum og draga saman vissan grundvallarskilning. Þetta er einnig hægt að gera með lestri en að vísu sjaldan með jafn aferandi og sterku innsæi og þátttakendur í BASICS-smiðjunum greina frá:

Maður kemst dýpra í sjálfsvitund sína, kynnist sjálfum sér í andrúmslofti viðurkenningar og viðsýni, upplifir hluti „á eigin skinni“. Mér fannst sérlega heillandi það sem ég komst að með því að hlusta á gyðingana, að ég hafði aldrei skoðað söguna frá þeim sjónarhóli. Fyrir mér er Gamla testamentið eins og ræturnar. Fært mér til að spyrja um Guð og hvers vegna Guð skipar hlutunum á vissan hátt.

Pegar ég fer byrja ég að draga í efa gildi mín og skoðanir. Ég held að við séum öll hluti af einhverju sameiginlegu. Ef við áttum okkur á tilveru annarra og þekkjum hana eins mikið og okkur er fært gætum við fundið sömu merkingu í mörgu. Við komumst lengra en leikverkið og sagan náðu, komumst í snertingu við eigin tilveru. Það er niðurstaðan af því að velja sviðsflutning. Þessi saga vakti spurningar um sjálfan mig. Get ég haldið staðfastlega fram eigin hugmyndum þegar svona margar aðrar eru til? Ég held að það sé ekki svona auðvelt.

Aukin þekking á öðrum trúarbrögðum og menningu

Líkt og í dæmunum hér að ofan hjálpar þvertrúarlegt biblíódrama okkur að „hverfa inn í“ aðrar trúarlegar sögur, að þeim meðtöldum sem þátttakendur þekkjast svo að segja ekkert. Þetta er einkum mikilvægt þegar um er að ræða könnun á textum sem teljast til helgirita annarra íbúa margmenningarsamfélags þar sem spenna og árekstrar eru ríkjandi. Hægt er að halda biblíódramasmíðju þar sem athyglinni er beint sérstaklega að millimenningarsamskiptum fólks sem aðhyllist ólík trúarbrögð eða trúkerfi. Í þeirri mynd sýnir biblíódrama til fulls hvernig má nota það til að öðlast beina þekkingu á trúarsetningum og gildum sem aðrir hafa í hávegum:

Ég fæ að kynnst sögum annarra trúarbragða, sem er nýtt fyrir mér og ákaflega gefandi. Auk þess er hópurinn okkar svo fjölbreyttur að öll samskipti verða sérstök og gefa mér færi á að kynnst mismunandi menningu og trúarbrögðum í gegnum biblíódrama þannig að það kemur mér alltaf á óvart! Hugræna viddin var sérlega mikilvæg í sambandi við aðra menningarheima og skilning þeirra í gegnum staðalímyndir. Sem gyðingur hafði ég satt að segja sáralitla þekkingu á viðhorfum kristinna manna og múslima til heilagrar ritningar og núna er mér miklu rórra yfir að hitta „hina“. Við höfum þurft að leika persónu með aðra reynslu og bakgrunn og slíkt getur svo sannarlega opnað augu manns. Við kynnumst, og það sem meira er, upplifum það sem skiptir aðra sem fylgja öðrum trúarbrögðum eða öðrum deildum sömu trúarbragða gríðarlega miklu máli. Að öllu jöfnu hefðu samræðurnar ekki verið svona opinskáar og viðsýnar og á svona mörgum plönnum. Ég hitti og fékk dálítið insæi í hugsanagang fólks sem ég fæ yfirleitt ekki tækifæri til að umgangast.

Aukin vitund um hleypidóma og staðalmyndir sem eru samgrónar sýn okkar sjálfra á önnur trúarbrögð

Þegar menn kynnst öðrum trúarritum beint getur það eitt og sér vissulega leitt til endurskoðunar á stöðluðum túlkunarmyndum og hleypidómum. Biblíódrama hefur hins vegar upp á margt meira að bjóða en beina þekkingaröflun. Margvísleg tækni sem notuð er í biblíódramatímum getur hjálpað þátttakendum að skoða ágreiningsefni frá sjónarhóli hins aðilans eða jafnvel upplifa merkingu þeirra innan viðmiðunarramma hins. Það er á þessu stigi sem við áttum okkur á auknu gildi aðferðarinnar sem leggur svo mikla áherslu á „að læra af reynslu“.

Ég skildi að ég sá ýmislegt frá mjög þröngu sjónarhorni. Þetta er frábær aðferð til að tengjast böndum og kynnst fólki frá annarri menningu og til að koma

á heiðarlegu sambandi sem gerir mönnum kleift að sjá hvað sé líkt og hvað ólíkt með þeim, en ekki frá sjónarhorni staðalmynda.

Ég taldi sjálfan mig alltaf vera manneskju sem gæti hugsað óháð áhrifum annarra. Það kom mér á óvart hvað ég hneigðist til að falla að normum hópsins. Nú skil ég betur hvernig og hvers vegna fólk beygir sig undir norm sem hópar setja.

Við vorum stödd á efri hæð samkunduhúss í fylgd með gyðingum og vorum að kanna kafla úr Nýja testamentinu og þeir sýndu einstaka virðingu, samkennd og skilning. Þeir virtust hafa raunverulegan og djúpan skilning á hvað væri á seyði.

Ég var alinn upp við að kristin kenning væri í grundvallaratriðum órökrétt og óskynsamleg en núna gat ég farið úr tímanum með nýfundna virðingu fyrir merkingunni sem kristinn maður leggur í textann.

Ég hugsaði ekki svona djúpt áður fyrr. Ég áttaði mig á að hlutirnir eru ekki eins og þeir sýnast og að orðin sem ég nota til að lýsa hinum andlega heimi eru ekki fullnægjandi.

Í síðasta tíma velti ég fyrir mér hugtakinu að vera skilningsríkur. Í þessum tíma hugsaði ég um það að vera hleypidómalaus og að kunna að meta bæði sjálfan mig og umhverfi mitt. Ég ætla svo sannarlega að velta þessu meira fyrir mér.

Aukin geta til að taka þátt í millmenningar-/þvertrúarlegri samræðu

Samræðufærni ræðst ekki eingöngu af þekkingu þeirra sem ræðast við á málefnum sem eru til umræðu. Þessi færni ræðst að miklu leyti af því hve mikið þeir leggja tilfinningalega af mörkum til samræðunnar og afstöðu þeirra hver til annars. Biblíodramasmíðjurnar geta orðið öruggur vettvangur til þvertrúar-/millmenningarsamskipta og opinn fræðsluvettvangur til friðsamlegra skoðanaskipta fólks með ólík lífsviðhorf:

Viðleitnin til að öðlast persónulegan skilning á textanum skapar sameiginlegan fókus sem veitir ríkulega uppskeru sprottna af fjölbreytileika hópsins.

Biblíodrama æfingarnar kynna mismunandi aðferðir til samræðna, einnig án orða með listrænni tjáningu, og þannig skapast mörg sjónarhorn á samskipti við „hina“.

Ég hef alltaf haft áhuga á að tala við aðra en ég gerði það með lokuðum huga og nú get ég sagt hvernig mér líður og er fús að viðurkenna skoðanir annarra.

Afar athyglisverð upplifun – að sjá muninn á sýn manns sjálfs og viðtökur hópsins á henni. Ég uppgötvaði að meðlimir hópsins áttu margt sameiginlegt, þrátt fyrir það hve ólík við værum og hefðum mismunandi viðhorf og reynslu.

Ég tilheyri kristnum söfnuði sem vinnur með sátt og sé biblíodrama sem leið fyrir ólíkt fólk að kynnst hvert öðru nánar.

Ég er ekki hrifinn af því að trúarskoðanir séu bannhelgar. Ég slakaði á þegar ég sá að í hópnum var rætt opinskátt um málefni án þess að neitt væri forboðið og andrúmsloftið einkenndist af gagnkvæmri virðingu.

Æfingarnar leyfðu okkur að upplifa samræðuna með hliðsjón af þeim umtalsverða muni sem á okkur var, kynnst hvert öðru betur og vinna að almennum lausnum sem leiða til þess að hugurinn opnast gagnvart fjölbreytileika og framandleika.

Aukin víðsýni og umburðarlyndi gagnvart öðrum

Bibliódramasmiðja, einkum langtímaverkefni eins og BASICS-tilraunasmíðjurnar, skapar möguleika á að komast nær öðrum þátttakendum. Þannig er því vissulega farið í öðrum þjálfunarnámskeiðum þar sem fólk hittist reglulega á löngu tímabili. Bibliódramatimar beina hins vegar sjónum að málefnum sem hafa afar mikla tilfinningalega þýðingu fyrir þátttakendur og því verða samskipti í tímum ákaflega náin og stuðla að myndun ósvikinna vináttubanda og gagnkvæms skilnings og virðingar, ekki síst þegar þátttakendur uppgötva hluti sem sameina þá, þótt þeir nái þvert yfir landamæri trúarinnar:

Umhverfið í bibliódramasmiðju gagnast ákaflega vel því þar skapast vingjarnlegt andrúmsloft og góðir möguleikar á að læra hvert af öðru.

Ég sé algild málefni, þemu og spurningar sem við eigum öll sameiginleg. Það veitir innblástur og er spennandi að eiga vettvang virðingar, gagnkvæmra samskipta og einlægni með fólki af öðrum trúarbrögðum.

Þegar ég hlusta á aðra gefst mér færi á að endurskoða fyrirfram ákveðnar hugmyndir. Maður getur borið kennsl á það sem er ólíkt/líkt með þeim og fundið þar sameiginlegan hóp til samræðu.

Æfingarnar vekja forvitni og víðsýni gagnvart öðrum trúarbrögðum samhliða því að hvetja okkur til að leita að sameiginlegum gildum.

Ég uppgötvaði með því að horfa með augum lífsreynslunnar að sami atburður getur haft jákvæð áhrif á einn og neikvæð á annan. Við vitum þetta oft ekki fyrirfram en við getum ráðið fram úr því með samskiptum.

Það var gjörólíkt að upplifa þetta í hópnum (að vera aðkomumaður í erlendu ríki og hvort nýbúum er tekið opnum örmum eða þeim vísað á bug) eða að hugsa um það einn í sínu horni.

Það hugsa ekki allir eins um sama málefnið. Það opnar huga manns að hlusta á hugleiðingar annarra. Þá þarf „framandleiki“ ekki að skilja okkur í sundur.

Við notuðum svo mikinn tíma í að tala um mannlegar tilfinningar að í lok kvöldsins sá ég manneskjur, þótt ég hafi hugsað fyrr um kvöldið á leiðinni á stofnunina: „Ég verð í fullum sal af kristnu fólki.“ Ég held að svo megi segja að bibliódramað hafi „breytt þeim í manneskjur“ mun hraðar en hefði tekist með samræðum.

Endurgjöfin úr BASICS-smíðjum allra þátttökulandanna var með eindæmum jákvæð. Hins vegar höfum við líka safnað saman nokkrum athyglisverðum spurningum sem eru hvatning til að kanna betur snertiflöt bibliódrama og millimenningar-/þvertrúarleggar menntunar. Í því skyni höfum við sett upp gagnvirk svæði til að skiptast á athugasemdum um gildi BASICS-kennsluleiðbeininganna og reynsluna af notkun þeirra í mismunandi menningarlegu og trúarlegu samhengi.

Ykkur er velkomið að gerast notendur á samskiptavefnum www.bibliodramatic.net til að fá aðgang að fleiri námsgögnum og möguleikum á netvinnu í millimenningar-/þvertrúarlegu bibliódrama.

V. ANNAÐ EFNI FRÁ BASICS

- DVD
- BASICS MIÐLUNAR – OG SAMSKIPTAVEFUR



Krzysztof Tusiewicz

Í BASICS verkefninu er gert ráð fyrir útgáfu kennsluefnis á tvenns konar formi – bókar og mynddísks – en hvort tveggja á að lýsa verkferlum og niðurstöðum úr tilraunasmiðjum verkefnisins. Mitt hlutverk var að festa á filmu starf tilraunasmiðjunnar í Póllandi (sem var kynningarnámskeið fyrir verðandi leiðbeinendur) og námskeiðsins á Íslandi (sem var fjölmenningarlegur fundur þátttakanda frá löndunum fimm). Það sem reyndist mér erfiðast var ekki að halda utan um allan þann fjölda kennslustunda sem tekinn var upp heldur hitt að velja aðferð til að koma skipulagi á efnið sem ég hafði í höndunum.

Í fyrsta lagi þurfti ég að fullvissa mig um að upphafleg hugmynd héldi, það er að segja sú að kvikmynda oft á tíðum óskipulega og afar persónulegu nálgun við viðfangsefnið sem bíblíódramað leyfir. Ég er þess nú fullviss að það hafi verið þess virði að frysta þessi augnablik - þrátt fyrir hættuna á að áhorfendur nái ekki að setja sig í spor þátttakanda sem hegða sér á óvenjulegan hátt – vegna þess að frásagnaraðferð kvikmyndanna gefur færi á að sýna raunverulegar tilfinningar og viðbrögð sem nauðsynleg eru við upplifun á bíblíódrama. Í öðru lagi þurfti að ákveða hvort myndin ætti að vera aðferðafræðileg og sýna ferlið frá einu stigi til annars eða hvort hún ætti að vera eins og svipmynd af fjölmenningarlegum blæ verkefnisins.

Við upptökur og samsetningu efnisins gerði ég mér grein fyrir að val á aðstæðum sem sýndar eru og uppbygging þeirra skipti höfuðatriði. Þeim sem kynnist bíblíódrama í fyrsta sinn í þessari mynd kann að þykja aðstæðurnar slitnar úr samhengi og fólkið sýna einkennilega tilfinningaríka hegðun. Ástæða þessa er sú að myndavélin fylgdi kraftinum í leikrænu tjáningunni meira eftir heldur en þeim íhugulu samræðum sem áttu sér stað í lok hverrar æfingar. Þegar samræður voru teknar upp var meiri áherslu lögð á að ná endanlegri niðurstöðu samræðnanna heldur en þeim einlægum kyrrðarstundum sem oft einkenna umræður í bíblíódramasmiðjum. Eina leiðin til að upplifa bíblíódrama er auðvitað sú að taka þátt í slíkri smiðju sjálfur. Kvikmyndin sýnir aðeins brot af ferlinu, ytra lag þess.

Það var sérstaklega ögrandi viðfangsefni að taka upp þau millimenningarlegu samskipti sem áttu sér stað í smiðjunum og utan þeirra. Ég tel að áhrif þessara samskipta séu einkum sýnileg í daglegu lífi þátttakandanna sem fást við að breyta upplifunum sínum úr smiðjunum í hagnýta reynslu til notkunar í fræðslustarfi sínu.

Endanleg útgáfa myndarinnar er að vissu leyti tilraun til að sætta öll þau sjónarmið sem lýst er hér að ofan. Myndin skiptist í þrjá hluta. Sá fyrsti sýnir bíblíódramaferli á meðan sá næsti sýnir ferlið í bíblíóloggsmiðju. Báðir eru þessir hlutar aðferðafræðilegs eðlis og eiga að hjálpa verðandi leiðbeinendum að yfirfæra millimenningarlega hugsun í hagnýtan kennslufræðilegan búning. Þriðji hlutinn er samsettur úr viðtölum við þátttakendur í smiðjunum,

frásögnum fólks af þeim áhrifum sem kynnin af biblíódrama höfðu á það. Í þessum hluta má sjá fólk á meðan það fæst við biblíódrama - miðlar lifandi tilfinningum, virkri þátttöku, kraftinum sem felst í hópvinnu og gleðinni yfir að kynnast biblíódrama.

Myndin er nú fánleg á e-kennslusvæði verkefnsins, en þar hefur henni verið skipt niður í smærri einingar.

Aðgangur er ókeypis; skráið ykkur inn og byrjið að skoða síðuna.
www.bibliodramatic.net

Samskiptavefur BASICS

Við bjóðum ykkur að heimsækja samskiptasvæði ætlað fagfólki á sviði kennslufræði biblíódrama, fullorðinsfræðslu og millimenningarfærni. Þar geturðu fundið biblíódrama- og biblíóloggaðferðir fyrir kennslufræðilega verkfærakassann þinn auk þess sem þar er að finna svæði sem ætlað er til samskipta kennara á þessum sviðum. Svæðið er opið öllum þeim sem vinna við málefni tengd millimenningarfærni og þvertrúarlegri samræðu.

www.bibliodramatic.net

VI. ÞÁTTTAKENDUR Í BASICS-VERKEFNINU

The Bielsko Artistic Association Grodzki Theatre (Pólland) var stofnað árið 1999. Í þessum frumlega skóla mætir kennslufræðin aðferðum listarinnar og nýsköpunar í atvinnurekstri og tilgangurinn er að styðja félagslega einangrað fólk út í samfélagið aftur. Starfsemin byggir á smíðjum um kennslufræði og listir, útgáfustarfsemi, endurmenntun fullorðinsfræðara, meðferðarsérfræðinga og sjálfböðaliða, auk starfsmenntunar fyrir fólk í félagsvanda.

www.teatrgrodzki.pl

Church Forum Foundation (Ungverjaland) hefur í rúm tuttugu ár tekið þátt í þróun trúarlegra aðferða í velferðar- og geðheilbrigðisþjónustu. Starfsemi stofnunarinnar felst einkum í að þýða og dreifa samtímalesefni um guðfræði og þróa ólíkar kennslu- og vinnuaðferðir í líkingu við bibliódrama.

www.egyhzforum.hu

ReykjavíkAkademían (Ísland) er regnhlífarsamtök sjálfstætt starfandi fræðimanna og starfar undir verndarvæng menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Akademían var stofnuð árið 1997 og í henni eru jafnt einstaklingar sem litlar stofnanir og félagasamtök. Auk sjálfstæðrar vinnu við fræðimennsku og ritstörf taka aðilar Akademíunnar virkan þátt í innlendum og erlendum rannsóknar- og þróunarverkefnum.

www.akademia.is

Auk ReykjavíkAkademíunnar tekur Biskupsstofa þátt í BASICS-verkefninu.

www.biskupsstofa.is

Kocaeli University of Health Science (Tyrkland) er leiðandi rannsóknarstofnun á sviði lýðheilsu. Þar hefur orðið til mikil reynsla og þekking í þróun og aðlögun fræðsluverkefna og þar starfa meðal annars sérfræðingar um það hvernig lífsskoðunar- og trúarhugmyndir nýtast í meðferð við streituröskun vegna stórslysa, stríðsátaka og annarra áfalla.

www.kocaeli.edu.tr

The Elijah Interfaith Institute (Ísrael) er stofnun sem rekin er í mörgum löndum í þeim tilgangi að koma á friði meðal ólíkra trúarhópa. Stofnunin hefur frumkvæði að rannsóknum og fræðslu, umræðum og miðlun upplýsinga og með þessum verkfærum stefnir hún saman þekktustu trúarleiðtogum heims og fræðimönnum á sviði samræðna um trúarbrögð (interfaith dialogue).

www.elijah-interfaith.org

EST Education Centre (Pólland) er fullorðinsfræðslustofnun á sviði tungumálakennslu, upplýsingatækni og samskiptafærni sem stofnuð var árið 1994. EST hefur tekið þátt í fjölmörgum fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum og hefur að auki mikla reynslu af mati á tilraunaverkefnum.

www.est.edu.pl

PRENTAÐAR HEIMILDIR

Heiner Aldebert, *Spielend Gott kennenlernen*, EB-Verlag, Hamburg 2001
Andrea und H.Hermann Brandhorst, Heinrich Fallner, Else Natalie Warns (Hg.), *Bibliodrama als Prozess. Leitung und Beratung*, EB Verlag Der Brandt, Berlin 2012
Kenneth Cragg, *A Certain Sympathy of Scriptures. Biblical and Quranic*, Sussex Academic Press, May 2004
Human Rights and Religion, Edited by Liam Gearon, Sussex Academic Press, November 2002
Antje Kiehn u.a., *Bibliodrama*, Stuttgart 1987
Björn Krondorfer, *Body and Bible: Interpreting and Experiencing Biblical Narratives*, Trinity Press International, Philadelphia 1992
Ellen Kubitzka, Tim Schramm, *Bibliodrama als lebendiger Gottesdienst*, Hamburg Schenefelt 2003
Shimon Levy, *The Bible As Theatre*, Sussex Academic Press, 2000
Gerhard Marcel Martin, *Sachbuch Bibliodrama*, Kohlhammer, Stuttgart 1995
Elisabet Naurath, Uta Pohl-Patalong, *Bibliodrama. Praxis – Theorie – Reflexion*, Verlag W Kohlhammer, Stuttgart 2002
Peter Pitzele, *Our Fathers' Wells: A Personal Encounter With the Myths of Genesis*, Harpercollins; 1st edition, May 1995
Peter Pitzele, *Scripture Windows: Toward a Practice of Bibliodrama*, Alef Design Group, Los Angeles 1997
Klaus-Werner Stangier, *Jetzt: Bibliodrama im Spannungsfeld von Psychodrama und Liturgie*, In Scenario Verlag, Köln 1997

VEFHEIMILDIR

<http://www.theewc.org/content/resources/intercultural.competence/#models>
<http://www.coe.int/t/dg4/autobiography/>
<http://www.culturalpolicies.net/web/intercultural-dialogue-resources.php>
<http://www.intercultural-europe.org/site/>
<http://bibliodrama.com/index.htm>
<http://www.yaelunterman.com/bibliodrama/>
<http://www.interactiveimprov.com/bibliodramawb.html>
<https://sites.google.com/site/davetatem/>
<http://www.c-b-f.org/deiverbum/Bulletin/BDV%206667-e.pdf>
<http://www.bibliodrama-ebn.eu/>

EFNISYFIRLIT

I. BIBLÍÓDRAMA Í SAMHENGNI VIÐ ÞVERTRÚARLEGA SAMRÆÐU: AÐ BETRUMBÆTA SAMRÆÐULISTINA	3
II. HVER ER TILGANGURINN MEÐ BIBLÍÓDRAMA OG MILLIMENNINGARLEGUM SAMRÆÐUM?	7
III. KENNSLULEIÐBEININGAR	17
– Ungverjaland	18
SAGAN AF JÓSEF	20
AÐ VERA AÐKOMUMAÐUR – NAÓMÍ OG RUT	23
MISKUNNSAMI SAMVERJINN	26
– Pólland	30
AÐ MÓTA EIGIN ÖRLÖG – MÓSES OG LOGANDI RUNNINN	32
ÞJÓÐSÖGUR UM ÁLÖG – DULSPEKI HASIDIM-GYÐINGA	35
ORÐIÐ OG VEGURINN – TIL FUNDAR VIÐ RUMI	39
Ísland	43
DÆMISAGAN UM MISKUNNSAMA SAMVERJANN	45
BIBLÍÓDRAMA MEÐ AÐFERÐUM SKAPANDI SKRIFA	50
BIBLÍÓDRAMAÆFING MEÐ BLÖNDUÐUM MIÐLUM	53
Tyrkland	58
RUMI: FJÓRAR MANNESKJUR SEM SKILJA EKKI HVER AÐRA	60
RUMI: TRÉ ÓDAUÐLEIKANS	63
RUMI: HEYRNARDAUFUR HEIMSÆKIR SJÚKAN	66
Ísrael	70
BIBLÍÓDRAMA UM HETJUR	
Númer 1: AKÍVA RABBÍNI OG RAKEL	72
Númer 2: HEILÖG KLARA	77
Númer 3: RUMI OG SHAMS	80
IV. NIÐURSTÖÐUR: ÁVINNINGUR SAMKVÆMT FRÁSÖGNUM ÞÁTTTAKENDA Í TILRAUNASMIÐJUNUM	84
V. ANNAÐ EFNI FRÁ BASICS	89
VI. ÞÁTTTAKENDUR Í BASICS-VERKEFNINU	91